FRÉTTABLAÐIÐ
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

AUGLÝSING

# Ný sjónvarpsþjónusta frá Nova á **0 kr.**




NOVA TV

# NOVA TV

Ekkert mánaðargjald

**0 kr.**

Fyrir alla!




**Samsung S9** 64GB

**109.990 kr.** stgr.

## Ný sjónvarpsþjónusta frá Nova

## 0 kr. á mánuði - fyrir alla!

Með Nova TV appinu fyrir iOS, Apple TV og Android getur þú horft á allar opnu íslensku stöðvarnar í símanum, spjaldtölvunni eða sjónvarpinu. Vertu þinn eigin dagskrárstjóri og horfðu á sjónvarpsdagskrá í beinni eða á uppsafnað efni eins og í boði er á hverri stöð.

**Svona sækir þú Nova TV:** Leitaðu að **Nova TV Iceland**

FRÉTTABLAÐIÐ
203. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 29. ÁGÚST 2018




# Spenna í loftinu

Íslensku flugfélögin standa á krossgötum. Allt um málið í Markaðnum.

**Ekki hefur verið ýtt á eftir fyrstu niðurstöðum starfshóps um kerfislega mikilvæg fyrirtæki vegna stöðu íslenskra flugfélaga. Möguleiki er á að lánaskilmálar Icelandair brotni.**

**VIÐSKIPTI** „Ekki ólíklegt“ er að lánaskilmálar Icelandair Group brotni að sögn starfandi forstjóra. Fjárhagur félagsins sé á móti sterkur og sveigjanlegur. Vinnu starfshóps um kerfislega mikilvæg fyrirtæki hefur ekki verið flýtt vegna frétta af íslensku flugfélögunum en hann hefur fundað tvisvar með ráðherrum.

Samkvæmt lánakvöðum mega vaxtaberandi skuldir ekki vera meiri en sem nemur 3,5 sinnum hagnaði fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) síðustu tólf mánaða. Slíkar skuldir Icelandair voru í lok júní 343 milljónir dala, andvirði ríflega 36 milljarða íslenskra króna, en áætlað er að skuldirnar verði 393 milljónir dala í árslok. Í lækkaðri afkomuspá félagsins sem birt var í fyrrakvöld er gert ráð fyrir að EBIDTA ársins 2018 verði á bilinu 80 til 100 milljónir dala. Sé miðað við að hún verði 90 milljónir dala verða skuldirnar ríflega fjórföld EBITDA.

Bogi Nils Bogason, fjármálastjóri samstæðunnar sem sestur er tímabundið í stól forstjóra Icelandair Group, segir aðspurður að ef fram fari sem horfi sé hins vegar „ekki ólíklegt“ að félagið muni brjóta lánaskilmála. „Félagið er fjárhagslega sterkt og með mikinn sveigjanleika í efnahagsreikningi. Við getum unnið mjög auðveldlega úr því ef á þarf að halda.“

Sem kunnugt er sagði Björgólfur Jóhannsson starfi sínu sem forstjóri Icelandair lausu um leið og afkomuspáin var birt.

Verð á hlutabréfum félagsins féll í gær um rúm sautján prósent í 474 milljóna króna viðskiptum. Verð á hlut er nú sjö krónur en þegar það var sem hæst, í apríl 2016, gengu þeir kaupum og sölum á rúmar 38 krónur hver.

> **Í þessum mánuði hefur hópurinn fundað tvisvar sinnum með ráðherrum.**
>
> Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra



Á vegum ríkisstjórnarinnar starfar nú samstarfshópur ráðuneyta um kerfislega mikilvæg fyrirtæki en honum var komið á laggirnar í vor.

„Hópurinn er að vinna sína vinnu. Í þessum mánuði hefur hópurinn fundað tvisvar sinnum með ráðherrum,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Aðspurð um hvort vinnu hópsins hafi verið flýtt vegna þeirrar stöðu sem upp er komin hjá íslenskum flugfélögum segir hún að svo sé ekki.

„Við áttum von á fyrstu niðurstöðum í september og það er enn svo. Verkefnið er hugsað til lengri tíma. Hópurinn mun halda störfum sínum áfram og kortleggja kerfislega mikilvæg fyrirtæki og áhrif þeirra,“ segir Katrín. **– hvj, jóe / sjá Markaðinn**

## Niðurlægður og á vergangi

**SAMFÉLAG** „Það er verið að brjóta mig niður og niðurlægja með þessu,“ segir Mahad Mahamud, sem hefur verið gert að mæta á lögreglustöðina við Hlemm milli klukkan tvö og þrjú á hverjum degi til skráningar.

Mahad sótti um hæli hér á landi, en var synjað, eftir að hafa verið sviptur ríkisborgararétti í Noregi. „Mér líður ekki lengur eins og lifandi manneskju,“ segir Mahad í samtali við Fréttablaðið.



**– aá / sjá síðu 6**

## Íþróttaveisla og jafnréttishátíð

**SKOÐUN** „Hvernig sem leikurinn næstkomandi laugardag fer, vonumst við öll til þess að sjá fótboltaveislu sem mun hvort tveggja í senn vera íþróttaþrekvirki og fagna jafnrétti karla og kvenna í fótbolta.“ Þetta ritar Herbert Beck, sendiherra Þýskalands á Íslandi, í tilefni af leik Íslands og Þýskalands á HM á laugardaginn.



**Sjá síðu 11**

## Óráð að skylda bólusetningar

**HEILBRIGÐISMÁL** Borgar- og bæjarfulltrúar í Reykjavík og Hafnarfirði hafa velt upp hugmyndum um að bólusetningar verði skilyrði fyrir inngöngu barna í leikskóla.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir telur ekki tímabært að skylda foreldra til að láta bólusetja börn sín og segir hægt að auka þátttöku í bólusetningum með öðrum leiðum.

Í nýlegri skýrslu Embættis landlæknis kom fram að 91 prósents þátttaka var á síðasta ári í 18 mánaða bólusetningum.



**– sar / sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu fjallar um jafnrétti í íþróttafélögunum. 10

**SPORT** Kolbeinn frestaði bardagaviðræðum á meðan hann skiptir um þjálfara. 12

**MENNING** Sýningunni Skúlptúr/Skúlptúr í Gerðarsafni er ætlað að skoða skúlptúrinn í samtímanum. 18

**LÍFIÐ** Stefán Jakobsson gerir það upp þegar hann fann félaga sinn látinn við Mývatn. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● HUGBÚNAÐUR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Norðaustan til á landinu má búast við strekkingsvindi með vætu fram undir kvöld. Hiti allt að 16 stig í sólskini sunnanlands, en svalara fyrir norðan og austan. SJÁ SÍÐU 16

# Tvær aldir frá stofnun Landsbókasafnsins



Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn er 200 ára um þessar mundir. Yfirleitt er miðað við að 28. ágúst árið 1818 sé stofndagur safnsins. Þann 1. desember 1994 sameinaðist safnið bókasafni Háskóla Íslands í Þjóðarbókhlöðunni. Í tilefni afmælisins er almenningi boðið að koma og skoða safnið og húsakynni þess. Á myndinni virða gestir fyrir sér nokkra sögulega muni sem finna má í Þjóðarbókhlöðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Neskaupstaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Grunsamlegar mannaferðir í Neskaupstað

**NESKAUPSTAÐUR** Lögreglan á Austurlandi biðlar til fólks að hafa augun hjá sér og láta lögreglu vita af grunsamlegum mannaferðum. Henni barst tilkynning fyrir skömmu um grunsamlegan aðila sem bankar nú á dyr í Neskaupstað.

Maðurinn er sagður haga sér á sama hátt og aðrir sem hafa farið inn í hús víða á landinu og stolið verðmætum munum. – **la**

## Skátar kenndu fjallamennsku



**Góð mæting var á nýliðaþjálfun hjálparsveitarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

**SAMFÉLAG** Hjálparsveit skáta í Reykjavík bauð hraustu og áhugasömu fólki í nýliðaþjálfun í fjallamennsku í gærkvöldi. Þar fengu þátttakendur kennslu í öllu því sem viðkemur fjallamennsku. Ragnar Antoniussen, sem sigrað hefur flesta tinda hérlendis, sá um kennsluna.

Sérstaklega var tekið fram að þátttakendur þyrftu að vera vel á sig komnir líkamlega og andlega. Það tekur 20 mánuði að þjálfa hvern nýliða. - **khn**

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Fleiri myndir frá nýliðaþjálfuninni hjá Landsbjörg má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

# Óþarfi að beita hörku í bólusetningum barna

**Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins vill að almennar bólusetningar verði skilyrði fyrir leikskóladvöl barna. Sóttvarnalæknir telur hægt að auka þátttöku í bólusetningum með öðrum leiðum og telur óráðlegt að fara fram með slíkri hörku.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir telur ekki tímabært að grípa til aðgerða eins og að skylda foreldra til að láta bólusetja börn sín.

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, vakti í gær máls á óviðunandi stöðu bólusetninga hér á landi. Minni þátttaka í bólusetningum og mislingafaraldrar í Evrópu séu mikið áhyggjuefni.

Hyggst hún leggja fram tillögu í borgarstjórn um að almennar bólusetningar verði skilyrði fyrir inntöku barna í leikskóla borgarinnar.

Í nýlegri skýrslu Landlæknisembættisins kemur fram að 91 prósents þátttaka var á síðasta ári í bólusetningu við mislingum, hettusótt og rauðum hundum sem gerð er við 18 mánaða aldur. Æskilegt hlutfall er talið 95 prósent.

„Á mörgum sviðum vildum við vissulega hafa betri þátttöku í bólusetningum. Ástæðan fyrir því að þátttakan er ekki nógu góð er samt að okkar mati ekki sú að svona margir foreldrar séu á móti bólusetningum. Það eru til staðar ákveðin kerfislæg vandamál sem tengjast skráningu og innköllunarkerfi á ákveðnum aldri,“ segir Þórólfur.

Hann telur að laga þurfi þá þætti áður en lengra er gengið. „Ég tel óráðlegt að fara fram með svona hörku þó ég skilji málflutninginn og áhyggjurnar. Við erum á fullu að reyna að laga þetta í samvinnu við heilsugæsluna. Þátttökutölur eru samt meiri en við erum að birta vegna ákveðinna skráningarvandamála.“

Að sögn Þórólfs benda rannsóknir hérlendis til þess að viðhorf til bólusetninga sé almennt jákvætt og það sé ekki um að ræða stóran hóp sem sé mótfallinn þeim.

„Við höfum verið að sjá eitt og eitt mislingatilfelli koma að utan en það er engin dreifing á sjúkdómum innanlands. Ef okkur tekst ekki að auka þátttöku í bólusetningum og förum að sjá einhverja dreifingu sjúkdóma innanlands, þá getum við skoðað aðrar leiðir.“

Karen E. Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi, lagði í síðasta ári til svipaða leið og Hildur vill nú fara í Reykjavík.

„Lögmenn bæjarins skoðuðu þetta og niðurstaðan var sú að við hefðum ekki heimild til að neita óbólusettum börnum um skólaeða leikskólavist. Ég trúi því staðfastlega að sveitarfélög eigi að hafa þessa heimild. Við þurfum sterkari lagagrundvöll en þetta stendur upp á Alþingi.“

**sighvatur@frettabladid.is**



**Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins hyggst leggja fram tillögu um að bólusetningar verði skilyrði fyrir leikskóladvöl.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég tel óráðlegt að fara fram með svona hörku þó ég skilji málflutninginn og áhyggjurnar.
>
> Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

Sole Grillbúðin

Keramik innnrauðir stuttbylgju hitarar



Hitinn kemur um leið og kveikt er
Vindur hefur ekki áhrif á hitann

Verð áður 32.900
ÚTSALA
26.320

Fjarstýring fylgir

Henta mjög vel til að hita upp sólpalla, svalir, lokaðar svalir og útisvæði veitingahúsa

Opið virka daga 11-18 - Laugardag 11-16

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400



# Lóðir í Úlfarsárdal

Reykjavíkurborg býður byggingarrétt á lóðum í Úlfarsárdal í opnu útboði og rennur frestur til að skila tilboði út kl. 12.00 miðvikudaginn 19. september nk. Lausar lóðir eru merktar á meðfylgjandi kort. Þær eru bæði í grónari hluta hverfisins og á nýju svæði við Leirtjörn.

Úlfarsárdalur býður gott aðgengi að fjölbreyttum útivistar- og náttúrusvæðum með einstöku samspili fjallsins, dalsins og árinnar. Gróður við Leirtjörn mun taka mið af aðstæðum en við bakka tjarnarinnar verður leitast við að endurheimta náttúrlegt gróðurlendi. Við Leirtjörn verður útivistarstígur sem tengist stígakerfi Úlfarsfells.

Mikil uppbygging á sér stað í Úlfarsárdal. Neðst í dalnum rís nú glæsilegt mannvirki sem hýsa mun skóla, leikskóla, menningarmiðstöð, bókasafn, sundlaug og íþróttamannvirki. Nú þegar hefur hluti byggingarinnar verið tekinn í notkun og uppbygging á íþróttasvæði er vel á veg komin.

## Einstök náttúra og mikil uppbygging

- Skemmtilegar gönguleiðir á Úlfarsfell
- Öflugt hjóla- og göngustígakerfi
- Fjölbreytt menningarhús með skóla, leikskóla og bókasafni
- Sundlaugar, bæði innan- og utanhúss, sem og heitir pottar
- Mikil uppbygging íþróttamannvirkja og aðstöðu fyrir Fram
- Úlfarsá er silungs- og laxveiðiá sem rennur í gegnum dalinn
- Í dalnum er fjölbreytt fuglalíf
- Einstakt útsýni yfir borgina
- Sólríkar suðurhlíðar




**Lausar lóðir eru merktar inn á meðfylgjandi korti**
**September 2018**

**Skilafrestur tilboða er til kl. 12.00 miðvikudaginn 19. september 2018.**

Nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/lodir**



# Nýliðar í Hjálparsveit skáta hefja þjálfun

Þjálfun nýliða í Hjálparsveit skáta í Reykjavík tekur um 20 mánuði. Á þeim tíma kynnast væntanlegir félagar því hvað fylgir því að starfa í björgunarsveit og fara á námskeið til þess að styrkja þá í væntanlegu starfi í sveitinni. Eins og sjá má á þessum myndum þarf að huga að mörgu þegar þjálfun nýliða er annars vegar, enda eru verkefni hjálparsveitanna jafn fjölbreytt og þau eru mörg.







Þjálfun nýliðanna tekur um 20 mánuði. Þjálfunin er fjölbreytt, rétt eins og verkefni hjálparsveitarinnar.




# PLUG-IN HYBRID OG FJÓRHJÓLADRIF.

MINI COUNTRYMAN VERÐ 5.490.000 KR.

MINI

B|L

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

www.mini.is

ENNEMM / SÍA / NM89220

# Losun frá flugi heldur áfram að aukast

**UMHVERFISMÁL** Losun frá flugi hér á landi jókst á síðasta ári um 13,2% og nam 813.745 tonnum $CO_2$ ígilda. Í iðnaði var hún 1.831.667 tonn.

Umhverfisstofnun birti í gær upplýsingar um uppgjör rekstraraðila staðbundins iðnaðar og flugrekenda í viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir. Þar sést hvernig losun frá flugi heldur áfram að aukast, líkt og hún hefur gert undanfarin ár.

Árið 2016 var losunin 718.624 tonn af $CO_2$ en varð á síðasta ári 813.745 tonn af $CO_2$. Þeim flugrekendum sem bar skylda til að gera upp losun sína fækkaði um einn og eru nú fimm. Losun frá flugi er þó háð takmörkunum að því leytinu til að hún er einungis losun innan EES-svæðisins og tekur því ekki á heildarlosun flestra flugrekenda, þar sem til dæmis Ameríkuflug er ekki innan gildissviðs kerfisins eins og er.

Losunin í iðnaði jókst lítillega á milli ára, eða um 2,8 prósent, úr 1.780.965 tonnum af $CO_2$ árið 2016 í 1.831.667 tonn af $CO_2$ árið 2017. Jafnmargir rekstraraðilar í iðnaði gerðu upp fyrir árið 2017 og árið á undan, eða sjö talsins.

Því er spáð að árið 2020 verði losun frá flugstarfsemi 70 prósent meiri en árið 2005, jafnvel þó að eldsneytissparnaður muni verða tvö prósent ári. – khn


**Losun frá flugi hefur aukist gríðarlega undanfarna áratugi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



## Matvælastefna Íslands mótuð

**MATVÆLAFRAMLEIÐSLA** Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur sett á fót verkefnisstjórn sem á að móta matvælastefnu fyrir Ísland. Skal þeirri vinnu vera lokið fyrir árslok 2019. Einnig verður lögð fram aðgerðaáætlun með tillögum að innleiðingu matvælastefnunnar fyrir atvinnulíf og stjórnkerfi.

Fimm aðilar skipa verkefnisstjórnina og hefur ráðherra tilnefnt Völu Pálsdóttur sem formann. Samtök iðnaðarins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Bændasamtök Íslands eiga fulltrúa í nefndinni auk tveggja fulltrúa ráðherra.

Verkefnastjórar frá Matís munu starfa með verkefnisstjórninni og Matarauður Íslands mun eiga áheyrnarfulltrúa.

Meðal þeirra þátta sem hafa á að leiðarljósi við mótun matvælastefnu eru sjálfbær framleiðsla, bætt aðgengi að hollum matvælum, nýsköpun, upprunamerkingar og aðgengi að upplýsingum. Þá er lögð áhersla á að draga úr matarsóun og á samkeppnishæfni á alþjóðlegum mörkuðum. – sar

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Hlutur iðnaðar tæp 23 prósent af landsframleiðslu síðasta árs

**Hlutfall byggingarstarfsemi af landsframleiðslu hefur hækkað mikið undanfarin ár. Á síðasta ári nam það 7,7 prósentum en var 4,4 prósent árið 2010. Alls var hlutur iðnaðar tæp 23 prósent landsframleiðslunnar.**

**EFNAHAGSMÁL** Hlutur iðnaðar í landsframleiðslunni nam með beinum hætti tæpum 23 prósentum á síðasta ári samkvæmt nýrri greiningu Samtaka iðnaðarins. Nam verðmætasköpunin um 582 milljörðum króna.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri samtakanna, bendir á að hlutur þriggja megingreina iðnaðar hafi verið nokkurn veginn jafn stór. „Byggingariðnaðurinn hefur næstum tvöfaldast frá 2010 en þá var auðvitað mikil lægð. Við höfum samt ekki enn náð sama umfangi og var fyrir hrun. Þessi vöxtur hefur skipt miklu máli fyrir verðmætasköpunina á síðustu árum."

Hlutur framleiðslugreina hefur hins vegar farið minnkandi. „Við erum að sjá mikla breytingu þar. Það undirstrikar þessar efnahagssveiflur sem hafa mikil áhrif á starfsskilyrði fyrirtækja. Sveiflurnar draga úr uppbyggingu og fjárfestingum og þar með úr framleiðni. Við náum auðvitað betri framleiðni með auknum fjárfestingum og nýsköpun."

Þá segir Sigurður að framleiðsluiðnaður líði fyrir háan innlendan framleiðslukostnað. „Launakostnaður hefur hækkað mikið og við búum við háa vexti, háa skatta á fyrirtæki og þá sértaklega tryggingargjaldið. Svo hefur samkeppnisforskotið í orkukostnaði verið að minnka."


**Hlutur byggingarstarfsemi af landsframleiðslu nam 7,7 prósentum á síðasta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hlutur hugverkaiðnaðar hefur haldist lítið breyttur undanfarin fimm ár. „Það er áhugavert að sjá að þessi iðnaður hefur nánast staðið í stað á sama tíma og krónan hefur styrkst verulega. Það fer mikill tími í hagræðingu hjá fyrirtækjum sem ætti að fara í þróunar-, sölu- og markaðsstörf."

Vinna stendur nú yfir við mótun nýrrar nýsköpunarstefnu. „Við bindum vonir við þá vinnu og vonandi mun takast að láta allt kerfið gang í takt. Það má ekki gleyma því að hið opinbera ver heilmiklum fjármunum til nýsköpunar. Það er samt ljóst að það á að vera hægt að nýta þá fjármuni miklu betur."

sighvatur@frettabladid.is

### Hagsmunir allra að vel takist til

Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafa fundað reglulega í aðdraganda kjarasamninga. Sem liður í þeirri vinnu var Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor fenginn til að vinna skýrslu um stöðu efnahagsmála sem kynnt var í síðustu viku.

„Mér sýnist greining Gylfa staðfesta að það sé lítið sem ekkert að sækja til atvinnurekenda í komandi kjarasamningum. Hann bendir þó á að það sé hægt að jafna kjör ákveðinna hópa og dregur fram ýmsar leiðir til þess," segir Sigurður Hannesson.

Sigurður segir að afkoma fyrirtækja hafi ekki verið neitt til að hrópa húrra fyrir sem segi sína sögu. „Það eru hagsmunir allra að vel takist til. Það sem er erfitt í þessu varðandi launaþróunina er samspil hækkana og styrkingar krónunnar. Laun mæld í erlendum gjaldmiðlum hafa hækkað ævintýralega mikið. Þetta samspil hefur reynst mjög erfitt og dregur verulega úr samkeppnishæfni fyrirtækja."




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI ALFA ROMEO Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



**Solaray – mikið úrval!**
Heilsaðu hamingjunni og finndu þinn sólargeisla frá Solaray í Heilsuhúsinu.
***Öll línan á 25% afslætti.***



**Higher Nature**
Bætiefni fyrir fólk sem gerir kröfur.
***Öll línan á 25% afslætti.***

# FRÁBÆR TILBOÐ Í HEILSUHÚSINU

TILBOÐIN GILDA TIL 9. SEPTEMBER

**25% AFSLÁTTUR AF ÞESSUM VÖRULÍNUM!**



NÝTT!

**A.Vogel**
Náttúrulegar og lífrænar heilsuvörur með það markmið að bæta heilsuna. Framleiddar í Sviss frá árinu 1902.
***Öll línan á 25% afslætti.***



NÝTT!

**Salus jurtaveigar**
Bragðgóðar jurtaveigar framleiddar úr lífrænum hráefnum. Henta allri fjölskyldunni. Þú finnur úrvalið í Heilsuhúsinu.
***Öll línan á 25% afslætti.***



**Hámarkaðu þinn árangur með Terranova**
Bætiefni sem eru 100% vegan og 100% án allra aukaefna. Frábært úrval í næsta Heilsuhúsi.
***Öll línan á 25% afslætti.***



NÝTT!

**Kal vörulínan**
Hágæða vítamín, ávallt með þarfir þínar að leiðarljósi. Hámarks virkni.
***Öll línan á 25% afslætti.***



**Guli miðinn**
Bætiefni sem henta allri fljölskyldunni á frábæru verði. Guli miðinn – fyrir okkur.
***Öll línan á 25% afslætti.***

SKOÐAÐU RAFRÆNA ÚTGÁFU HEILSUFRÉTTA Á WWW.HEILSUHUSID.IS






SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI · LÁGMÚLA · KRINGLUNNI · SMÁRATORGI · SELFOSSI · AKUREYRI · NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS

# Óbirt breyting deiliskipulags sjálfkrafa ógild

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) hefur vísað frá kæru sem varðar breytingu á deiliskipulagi fyrir Unalæk á Völlum. Ástæðan er sú að auglýsing um deiliskipulagið hefur ekki verið birt.

Kæra barst nefndinni fyrir rúmu ári. Breytingin varðar tvær lóðir sem áður voru eyrnamerktar frístundabyggð. Breytingin fól í sér að þess í stað væri heimilt að starfrækja þar ferðaþjónustu og sölu á gistingu.

Tillagan fór í grenndarkynningu og var afgreidd að henni lokinni eða í apríl 2017. Tveir aðilar kærðu breytinguna þar sem verulegt ónæði yrði af gistiþjónustunni og að breytingin færi á svig við réttmætar væntingar þeirra að um frístundabyggð yrði að ræða.

Í niðurstöðu ÚUA segir að auglýsing um breytinguna hafi ekki verið birt. Þar sem birtingin hefur ekki farið fram innan árs telst breytingin sjálfkrafa ógild. Málinu var því vísað frá. **– jóe**



**Hótelgestir á Mallorca drekka of mikið, að mati yfirvalda.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Vilja takmarka drykkju gesta

**SPÁNN** Yfirvöld á Mallorca og öðrum eyjum í Balear-eyjaklasanum á Miðjarðarhafi hafa hug á því að banna hótelum að hafa áfengi með í tilboðum sem hljóða upp á „allt innifalið“. Á viðskiptavefnum e24.no er greint frá því að ungt fólk hafi undanfarna mánuði látið lífið í slysum sem rekja má til ölvunar.

Verði reglurnar hertar munu hótelgestir eingöngu fá áfengi borið fram með kvöldmat. Vilji þeir drekka meira munu þeir þurfa að greiða fyrir það. Jafnframt er lagt til að ekki verði áfengi í mínibörum inni á hótelherbergjum, heldur eingöngu óáfengir drykkir.

Greint er frá því að hóteleigendur á Mallorca og Ibiza hyggist fara með málið fyrir dómstóla verði reglunum breytt. **– ibs**

# Ríkisstjórnin fundar oftar

**STJÓRNSÝSLA** Reglulegir fundir ríkisstjórnarinnar munu héðan í frá verða að jafnaði tvisvar í viku meðan þing stendur yfir í stað einu sinni áður. Þetta felst í nýjum starfsreglum ríkisstjórnarinnar.

**Ríkisstjórnin mun nú funda tvisvar í viku meðan þing stendur yfir.**

Í reglunum sem áður giltu var kveðið á um að reglulegir fundartímar skyldu vera einu sinni í viku eða á slaginu hálf tíu hvern föstudag. Í hinum nýju reglum er kveðið á um að á meðan þing sé að störfum skuli ríkisstjórnin að auki funda á hverjum þriðjudagsmorgni.

Í hinum nýju reglum er einnig kveðið á um að dagskrá fundar auk fundargagna skuli liggja fyrir í fundakerfi ríkisstjórnar kl. 16 daginn fyrir fund. **– jóe**



**Mahad mætir til skráningar á lögreglustöðinni við Hlemm á hverjum degi að skipun lögreglu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Segir þvingunarúrræði lögreglu ómannúðleg og niðurlægjandi

**Mahad Mahamud bíður þess að vera fluttur til Noregs eftir synjun um hæli. Kom að lokuðum dyrum á lögreglustöðinni þar sem hann á að mæta til skráningar á hverjum degi. Mál hans halda áfram í réttarkerfum bæði Íslands og Noregs.**

**SAMFÉLAG** „Það er verið að brjóta mig niður og niðurlægja með þessu,“ segir Mahad Mahamud, sem hefur verið gert að mæta á lögreglustöðina við Hlemm milli klukkan tvö og þrjú á hverjum degi til skráningar. Mahad sem sótti um hæli hér á landi eftir að hafa verið sviptur ríkisborgararétti í Noregi, hefur reynt allar leiðir í stjórnsýslunni hérlendis en umsókn hans verður ekki tekin til efnislegrar meðferðar samkvæmt úrskurði kærunefndar útlendingamála frá því í apríl síðastliðnum. Samkvæmt ákvörðuninni átti að senda hann aftur til Noregs í síðasta lagi 8. maí síðastliðinn en ekki hefur orðið af brottflutningi. Í síðustu viku var honum birt ákvörðun um daglega skráningu á lögreglustöðinni í Hlemm í fjórtán daga.

Um er að ræða þvingunarúrræði samkvæmt útlendingalögum sem heimilt er að beita í tilvikum þegar ætla má að útlendingur komi sér undan framkvæmd ákvörðunar eða sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að hætta geti stafað af honum.

„Þeir vita vel hvar ég bý og hafa símanúmerið mitt og alla pappíra. Ég hef aldrei gert neitt af mér og hef hagað mér óaðfinnanlega. Ég skil ekki hvers vegna er komið fram við mig eins og glæpamann Hver er tilgangurinn?“ spyr Mahad.

„Ég er nú þegar að niðurlotum kominn andlega eftir allt sem gengið hefur á og nú er enn verið að niðurlægja mig og brjóta mig niður. Það getur ekki verið í samræmi við mannréttindi mín. Mér líður ekki lengur eins og lifandi manneskju,“ segir Mahad og upplifir að það sé verið að spila með sig.

„Mér er gert að mæta á stöðina alla daga. Ég mætti á stöðina síðastliðinn laugardag. Þá var enginn við. Allt læst og enginn kom til dyra. Ég hringdi í lögregluna og var sagt að enginn væri við og ég skyldi bara koma á mánudaginn.“

> **Ég er nú þegar að niðurlotum kominn andlega eftir allt sem gengið hefur á og nú er enn verið að niðurlægja mig og brjóta mig niður.**
>
> Mahad Mahamud

Mahad flúði frá Sómalíu til Noregs 14 ára gamall. Hann fékk ríkisborgararétt þar í landi, menntaði sig og fór að vinna við lífeindafræði og greiningar á Ullevall-sjúkrahúsinu. Hann var sviptur ríkisborgararétti í kjölfar ábendingar um að hann kæmi ekki frá Sómalíu heldur nágrannaríkinu Djíbútí.

Mál hans vakti mikla athygli í Noregi þegar það kom upp. Forseti sómalíska þingsins fullyrti í viðtali við norska fjölmiðla að Mahad væri Sómali og yfirlýsinga var aflað frá Djíbútí um að hann væri alls ekki þaðan. Sendiherra Sómalíu í Evrópu lét hafa eftir sér að Norðmenn sýndu Sómalíu virðingarleysi með því að taka skjöl Sómala ekki trúanleg.

Mahad missti allt í kjölfarið og mældi göturnar í Noregi en óvissa ríkti um hvert ætti að senda hann vegna viðbragða ríkjanna tveggja; Djíbútí og Sómalíu. Hann furðar sig á því að norsk stjórnvöld vilji nú ólm fá hann sendan til baka enda hafi honum verið vísað úr landi þar. „Það er skiljanlegt að Íslendingar hafi farið frá Noregi fyrr á öldum. Það er eitthvað að þessu ríki,“ segir Mahad og kvíðir því sem tekur við í Noregi.

Málarekstri hans er heldur ekki lokið hér á landi enda telur Mahad að hans mál eigi alls ekki að ákvarðast af Dyflinnarreglugerðinni þar sem hún var ekki í gildi þegar hann flúði til Noregs á sínum tíma. Þess vegna verði að taka mál hans til efnismeðferðar hér á landi en ekki vísa honum beint til Noregs. Málareksturinn frestar þó ekki réttaráhrifum brottvísunarinnar og mun lögmaður Mahads reka málið í hans fjarveru. **adalheidur@frettabladid.is**

# Stórveldin mætast í hundrað manna risaborðspili

**SAMFÉLAG** Hópur spilaáhugamanna stefnir að því að spila risaspilið Watch the Skies á Íslandi á næstunni. Einn af stjórnendum spilsins segist hafa fundið fyrir miklum áhuga á viðburðinum.

„Ég held þetta sé eitthvað sem er að springa út. Ég heyrði af þessu í framhjáhlaupi síðustu helgi og varð strax spenntur fyrir þessu,“ segir Hlynur Páll Birgisson, einn af forsprökkum hópsins.

Til að spila Watch the Skies þarf minnst tugi leikmanna og geta þeir verið fleiri en hundrað þegar mest lætur. Í upphafi spilsins hafa geimverur birst á jörðinni og þurfa stórveldi heimsins að taka ákvörðun um hvernig best sé að taka á komu þeirra. Mögulegar útkomur leiksins eru gífurlega margar og veltur það allt á því hvaða ákvarðanir þjóðirnar taka.

„Þjóðirnar geta unnið saman eða ekki. Þá vita leikmenn ekki hvort geimverurnar eru vinveittar eða óvinveittar og slíkt hefur áhrif á aðgerðir hvers og eins,“ segir Hlynur.

Hver leikmaður hvers stórveldis hefur ákveðið hlutverk. Einn bregður sér í hlutverk forsætisráðherra, annar nokkurs konar utanríkisráðherra, enn annar er vísindamaður og þá er þar einnig að finna hernaðarmálaráðherra. Hvert og eitt hlutverk vinnur síðan með, eða á móti, starfsbræðrum sínum. Blaðamenn hafa síðan það hlutverk að fylgjast með öllu heila klabbinu og segja íbúum hins ímyndaða heims hvað er að gerast í veröldinni.

„Þetta er í raun blanda af hinu gamla Diplomacy, „larpi“ og borðspili. Ekki er hægt að kaupa spilið í þar til gerðum kassa heldur kaupirðu teikningar sem síðan þarf að prenta út. Hlutirnir í spilinu eru fjölmargir, til að mynda er um þrjú þúsund spila stokkur sem fylgir með,“ segir Hlynur.

Áhugasamir geta fylgst með framvindunni í Facebook-hópnum Borðspilaspjallið. **– jóe**



**Tugir manna geta tekið þátt í Watch the Skies.**


Miklu meira en bara ódýrt
VIAIR
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
1800W
19.999
Háþrýstidæla
1650W
9.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
79.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Saka stríðandi fylkingar um stríðsglæpi

**Hútar og hernaðarbandalagið undir forystu Sádi-Araba sakað um alvarleg mannréttindabrot í stríðinu í Jemen. Pyntingar, nauðganir, dráp almennra borgara, þvinguð mannshvörf og herskráning barna á meðal brota sem sérfræðingateymi mannréttindaráðsins lýsir.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is





Jemenskur drengur með nýrnabilun fær meðferð á sjúkrahúsi í San'a. Heilbrigðisinnviðir ríkisins eru sagðir nærri óstarfhæfir vegna stríðsins. NORDICPHOTOS/AFP

**JEMEN** Einstaklingar innan stríðandi fylkinga í Jemen, bæði uppreisnarhreyfingar Húta og hernaðarbandalagsins til stuðnings Abdrabbuh Mansur Hadi forseta, gætu hafa gerst sekir um stríðsglæpi. Þetta segir í skýrslu sérfræðingateymis mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um Jemen sem birt var almenningi í gær.

„Sérfræðingarnir telja að ríkisstjórnir Jemens, Sameinuðu arabísku furstadæmanna og Sádi-Arabíu beri ábyrgð á mannréttindabrotum. Meðal annars ólögmætri sviptingu réttarins til lífs, handahófskenndum handtökum, nauðgunum, pyntingum, illri meðferð, þvinguðum mannshvörfum og herskráningu barna sem og alvarlegum brotum á tjáningarfrelsinu, efnahagslegum-, félagslegum- og menningarlegum réttindum. Einna helst réttinum til mannsæmandi lífs og heilsu," segir meðal annars í skýrslunni.

Þar segir einnig að hin raunverulegu yfirvöld vesturstrandar landsins, sum sé Hútar, beri ábyrgð á brotum gagnvart alþjóðalögum á yfirráðasvæðum sínum. Mannréttindabrotum á borð við handahófskenndar handtökur, pyntingar, illa meðferð og herskráningu barna sem og brotum á tjáningar- og trúfrelsi.

### Árásir á almenning

Margar blaðsíður skýrslunnar fara undir umfjöllun um loftárásir hernaðarbandalagsins. Meðal annars er greint frá því að teymið hafi skoðað 60 tilfelli þar sem slíkar árásir voru gerðar á íbúðahverfi þar sem fleiri en 500 almennir borgarar féllu samanlagt. Þá voru 29 árásir á opin svæði skoðaðar og fórust samanlagt 300 hið minnsta í þeim. Ellefu árásir á markaði voru skoðaðar, til að mynda „sérstaklega svæsin" árás á markað í Mastaba þar sem rúmlega 100 fórust.

Einnig er fjallað um að hernaðarbandalagið hafi beitt „tvöföldum árásum" þar sem ráðist er aftur á skotmark eftir að sjúkralið kemur á svæðið.

Gagnrýnt er að hernaðarbandalagið hafi ráðist á fjölda sjúkrahúsa, skóla, moska og menningarhúsa. Slíkar byggingar njóta sérstakrar verndar undir alþjóðalögum. Samkvæmt sérfræðingunum hafa slíkar árásir verið að minnsta kosti 32 og fengu sérfræðingar „trúverðugar upplýsingar" um að listi yfir verndaða staði hefði ekki verið í nægilega góðri dreyfingu á meðal yfirmanna hernaðaraðgerða bandalagsins.

Sérfræðingarnir segja að 6.475 almennir borgarar hafi farist á milli upphafs stríðs í mars 2015 og júní 2018 en líklega sé sú tala miklu, miklu hærri. Bæði Bretar og Bandaríkjamenn hafa stutt hernaðarbandalagið.

Samtökin Læknar án landamæra hafa orðið fyrir barðinu á loftárásunum, að því er kemur fram í skýrslunni. „Þann 11. júní 2018 greindu Læknar án landamæra frá því að loftárás hefði verið gerð á kólerumeðferðarstöð í Abs í Hajjah-héraði. Samtökin greindu frá því að hnit meðferðarstofunnar hefðu verið send hernaðarbandalaginu tólf sinnum," segir í skýrslunni.

### Mannúðarmál í ólagi

„Frá því í mars 2017 hefur samhæfingarskrifstofa aðgerða SÞ í mannúðarmálum verið með Jemen í fyrsta sæti yfir stærstu mannúðarkrísur heims. Í apríl 2018 þurftu 22,2 milljónir á aðstoð að halda, þar af voru 11,3 milljónir í bráðri neyð. Heildarfólksfjöldi Jemen er 29,3 milljónir. Þörfin nær yfir öll svið: Matvæli, heilsu, hreinlæti, vatn, húsnæði og almenna vernd."

Bandalagið er sakað um að koma í veg fyrir hjálparstarf í landinu. „Fyrir átökin flutti Jemen inn nærri 90 prósent matvæla sinna, lyfja og eldsneytis. Eiginlegar herkvíar hernaðarbandalagsins hafa bitnað á almenningi, sérstaklega á svæðum undir stjórn Húta," segir í skýrslunni.

Sérfræðingarnir halda því fram að í apríl 2018 hafi 17,8 milljónir Jemena átt í erfiðleikum með að sjá sér fyrir mat og 8,4 milljónir væru á barmi hungursneyðar. Enn fremur væru heilbrigðisinnviðir óstarfhæfir, hreint vatn væri af skornum skammti og enn geisaði í Jemen mesti kólerufaraldur seinni tíma.

Þessi mikla þörf er að miklu leyti til komin vegna herkvía hernaðarbandalagsins. „Bandalagið hefur sett alvarlegar takmarkanir við siglingum og flugi frá því í mars 2015 með vísan í vopnasölubann öryggisráðsins frá 2015," segir í skýrslunni.

Sérstaklega er vísað til þess að í nóvember, eftir að Hútar skutu eldflaugum að Sádi-Arabíu, hafi bandalagsmenn sett allt landið í herkví og þannig komið algjörlega í veg fyrir alla mannúðaraðstoð og öll viðskipti, meðal annars með matvæli og eldsneyti. Sú herkví varði að öllu leyti í meira en mánuð en í apríl síðastliðnum voru einhverjar takmarkanir enn í gildi.

### Hútar ekki saklausir

Eins og segir hér að ofan eru Hútar sömuleiðis sagðir mögulega bera ábyrgð á stríðsglæpum, þótt skýrslan fjalli að meira leyti um meint brot hernaðarbandalagsins. Líkt og hernaðarbandalagsmenn eru þeir sakaðir um að brjóta með alvarlegum hætti á tjáningarfrelsinu og ráðast á almenna borgara.

Hútar eru jafnframt sakaðir um að hafa beitt sér gegn kvenfrelsi og trúfrelsi. „Sérfræðingateymið hefur vitneskju um að nokkrir sem játa bahai-trú séu í haldi í San'a á grundvelli trúar sinnar og hafa sumir verið í haldi í meira en tvö ár. Í ár var bahai, handtekinn 2013, dæmdur til dauða og fékk hann ekki að vera viðstaddur dómsuppkvaðningu. Sami dómur kvað á um að leysa skyldi upp allar fjöldasamkomur bahaia. Hútar neituðu beiðni sérfræðingateymisins um að heimsækja fórnarlambið. Í sjónvarpsræðu þann 23. mars 2018 sagði leiðtogi Húta að bahaitrú væri satanísk og í stríði við íslam."

Þá kemur einnig fram að framkvæmdastjóri SÞ hafi greint frá 842 staðfestum tilfellum þar sem strákar allt niður að ellefu ára aldri voru látnir taka þátt í hernaði. Segir sérfræðiteymið í skýrslunni að þau tilfelli séu tvöfalt algengari á meðal Húta en allra annarra fylkinga.

### Tilmæli sérfræðinganna

Mælst er til þess í niðurlagi skýrslunnar að alþjóðasamfélagið, meðal annars Arababandalagið, aðstoði erindreka framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í Jemen við að koma á friði og að tryggja að réttlætinu verði fullnægt. Alþjóðasamfélagið er beðið um að hætta vopnasendingum til Jemens.

Þá beina sérfræðingarnir þeim tilmælum til mannréttindaráðsins að tryggja að málefni Jemens haldist á borði ráðsins með því að framlengja umboð nefndarinnar sem og hvetja öryggisráðið til þess að setja mannréttindabrotahlið átakanna í forgang og tryggja að ekkert refsileysi verði fyrir alvarlegustu glæpina.

Hernaðarbandalagið hafnaði skýrslunni í gær og sagði Sameinuðu þjóðirnar sýna hlutdrægni sína með því að fordæma loftárásirnar. Turki al-Malki upplýsingafulltrúi sagði skýrsluna byggja á sögusögnum uppreisnarmanna.

> **Jemen er í fyrsta sæti yfir stærstu mannúðarkrísur heimsins.**
>
> Úr skýrslu sérfræðiteymisins

## Hryllingur í Bureiqa

Fjallað er ítarlega bæði um illa meðferð fanga sem og hækkandi tíðni kynferðisofbeldis í Jemen í skýrslunni. Ljótasta dæmið sem tekið er er um meðferð flóttamanna frá Erítreu, Eþíópíu og Sómalíu í Bureiqa-fangelsinu í Aden.

Skæruliðasamtökin Öryggisbeltið starfrækja Búðirnar. Þau samtök eru leppher furstadæmanna samkvæmt sérfræðinefndinni. Í skýrslunni segir að nauðganir og annað kynferðisofbeldi gegn föngum hafi verið gegnumgangandi í fangelsinu, þá oft í viðurvist fjölskyldu og vina viðkomandi.

„Þolendur og vitni lýstu því fyrir sérfræðingum að fangaverðir hefðu á hverri nóttu valið sér konur og drengi til að misnota. Einn fyrrverandi fangi lýsti herbergi fangavarða með þremur rúmum þar sem margir fangaverðir réðust á nokkrar konur samtímis. Konum var sagt að leyfa þeim að nauðga sér, annars ættu þær að svipta sig lífi. Aðrir greindu frá því að einstaklingar sem sýndu mótspyrnu hefðu verið barðir, skotnir eða myrtir.

Að minnsta kosti einu sinni skipuðu fangaverðir hundruðum eþíópískra karlfanga að standa naktir klukkutímum saman fyrir framan tugi eþíópískra kvenfanga í refsingarskyni. Að sögn viðmælenda fylgdu nauðgunarhótanir þessari refsingu," segir í skýrslunni.

Öllum föngum var sleppt úr Bureiqa í maí síðastliðnum eftir að yfirmaður fangelsisins var færður til í starfi.



Vannært jemenskt barn bíður eftir meðferð í Abs. Stríðið og herkvíar hernaðarbandalagsins hafa kynt undir sulti í landinu. Samkvæmt sérfræðingateyminu eru 8,4 milljónir Jemena á barmi hungursneyðar. NORDICPHOTOS/AFP

# Chemnitz jafnar sig eftir óeirðir öfgamanna

**ÞÝSKALAND** Um 6.000 þjóðernishyggjumenn söfnuðust saman í þýsku borginni Chemnitz til að mótmæla á sunnudag. Átök brutust út við gagnmótmælendur og stóðu þau allt þar til í fyrrinótt. Samkvæmt þýska miðlinum Deutsche Welle voru gagnmótmælendurnir, sumir hverjir úr röðum andfasísku hreyfingarinnar Antifa, mun færri eða um þúsund talsins.

Mótmælin spruttu upp eftir að heimamaður var myrtur á laugardagskvöld. Íraki og Sýrlendingur voru handteknir í tengslum við glæpinn á mánudag og kröfðust mótmælendur þess að innflytjendur yfirgæfu Þýskaland, landamærunum yrði lokað. Lögregla greindi frá því að mótmælendur hefðu sést heilsa að nasistasið. Enginn slasaðist þó alvarlega, að sögn lögreglu.

Fulltrúar stærstu stjórnmálaflokka Þýskalands létu ekki sjá sig. Meðlimir Þjóðernishyggjuflokksins AfD héldu sig til að mynda í burtu og þótt Tim Detzner, leiðtogi Die Linke í Chemnitz, hafi skipulagt gagnmótmælin sáust merki flokksins hvergi.

Samkvæmt Deutsche Welle var gærdagurinn rólegur í Chemnitz. Miðillinn tók íbúa tali og sagði einn þeirra, karlmaður á eftirlaunum, að hann óttaðist um orðspor borgarinnar nú sem og „ris nasismans í Þýskalandi“.

Angela Merkel kanslari fordæmdi átökin og sagði að það væri ekki líðandi að taka lögin í eigin hendur.

„Við munum ekki þola slíkar ólöglegar fjöldasamkomur og áreiti gagnvart fólki sem lítur öðruvísi út eða hefur annan bakgrunn,“ sagði upplýsingafulltrúi kanslara í yfirlýsingu í gær. **– þea**




**Öfgamenn hópuðust saman í þúsundatali í Chemnitz.** NORDICPHOTOS/AFP



**Aung San Suu Kyi.** NORDICPHOTOS/AFP

## Suu Kyi tjáir sig ekki um ódæðisverkin

**MJANMAR** Aung San Suu Kyi, ríkisráðgjafi Mjanmar og æðsti óbreytti leiðtogi landsins, hefur ekki viljað tjá sig um skýrslu mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um þá hrottalegu meðferð sem þjóðarbrot Róhingja hefur þurft að þola undanfarið ár af hendi mjanmarska hersins. Yfirvöld í Mjanmar hafa verið sökuð um þjóðernishreinsanir og aðra glæpi sem kallaðir hafa verið glæpir gegn mannkyni.

Fyrsta opinbera embættisverk Suu Kyi eftir að skýrslan var gefin út á mánudaginn var að sækja ráðstefnu í Yangon-háskóla í borginni Kamayut.

Beðið hefur verið eftir því að Suu Kyi, sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1991, tjái sig um ódæðisverkin. Það gerðist hins vegar ekki í gær. Þess í stað nýtti Suu Kyi tækifærið til að ræða ljóðlist og bókmenntir við nemendur við háskólann. **– khn**



**Vladimír Pútín, Rússlandsforseti.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Rússar boða mikla heræfingu

**RÚSSLAND** Yfirvöld í Rússlandi stefna á að halda stærstu heræfingu sem haldin hefur verið í landinu síðan árið 1981, eða þegar kalda stríðið stóð sem hæst.

Dmitrí Peskov, talsmaður Kreml, sagði í gær að 300 þúsund hermenn myndu taka þátt í æfingunum, ásamt 36 þúsund skriðdrekum og vel yfir eitt þúsund flugvélum. Hann sagði ástæðuna fyrir þessum miklu stríðsleikjum vera það fjandsamlega viðmót sem aðrar þjóðir hafa sýnt Rússlandi undanfarið.

Herdeildir frá Kína og Mongólíu munu taka þátt í æfingunum. Um 3.200 kínverskir hermenn munu einnig taka þátt. **– khn**


# Hluthafafundur N1 hf.

Stjórn N1 hf. boðar til hluthafafundar þriðjudaginn 25. september 2018 klukkan 10.00 á aðalskrifstofu félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

### Dagskrá fundarins

1. Stjórnarkjör.
2. Tillaga að nýrri starfskjarastefnu félagsins.
3. Tillaga að reglum um tilnefningarnefnd í starfsreglum stjórnar.
4. Tillaga að nýrri samkeppnisstefnu félagsins.
5. Tillaga að nýju nafni N1 hf.
6. Önnur mál.

**Nánar um dagskrá fundarins:**

Á aðalfundi N1 sem haldinn var 19. mars 2018 var samþykkt að stytta kjörtímabil þeirrar stjórnar sem kjörin var á aðalfundinum þannig að kjörtímabilið myndi ljúka innan átta vikna frá fullnustu kaupsamnings um kaup N1 á Festi hf. en gengið verður endanlega frá kaupunum 31. ágúst. Verður kjörin stjórn á fundinum sem sitja mun til aðalfundar 2019.

**Aðrar upplýsingar:**

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9.00-16.00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 10.00 fimmtudaginn 20. september 2018.

Hluthafar eiga rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 10.00 þriðjudaginn 11. september 2018. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 10.00 fimmtudaginn 20. september 2018. Framboðum skal skila á skrifstofu N1 hf., Dalvegi 10-14, Kópavogi, eða á netfangið hluthafar@n1.is. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Allir núverandi stjórnarmenn félagsins hafa þegar gefið kost á sér til endurkjörs. Hluthafar eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör í tvo sólarhringa frá því að stjórn kunngerir niðurstöður framboða til stjórnar, ef ekki er sjálfkjörið.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 9.30 þann dag sem hluthafafundurinn verður haldinn.

**Stjórn N1 hf.**

N1

# Krónískt ástand



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Reglulega skýtur upp kollinum brýn umræða um heilbrigðiskerfið. Umræðan snýst oft um fjármuni sem ríkið setur í málaflokkinn, um hver á að veita þjónustuna og greiða fyrir hana. Í fjölmiðlum má svo finna ógrynni frétta um langa biðlista, ómannlegt álag á starfsfólki Landspítalans og óásættanlega aðstöðu fyrir sjúklinga.

Umræðan um hið svokallaða tvöfalda kerfi hefur líka verið hávær. Með nokkurri einföldun snýst hræðslan við hið tvöfalda kerfi um að ef einkareknar sjúkrastofnanir fá tilskilin leyfi og fjármuni frá hinu opinbera til þess að sinna ákveðinni þjónustu leiði það til þess að þeir sem hafa meira á milli handanna geti keypt sig fram fyrir biðlista eða keypt betri þjónustu.

Vitaskuld er mikilvægt að þróunin verði ekki sú. Sú sem nú heldur um stjórnartaumana í heilbrigðisráðuneytinu, Svandís Svavarsdóttir, hefur ekki farið leynt með skoðun sína á tvöföldu kerfi og vill að heilbrigðisþjónusta sé alfarið í höndum hins opinbera. Gott og vel. En þá þarf slíkt fyrirkomulag að virka.

Staðreyndin er sú að langir biðlistar hafa myndast í ýmsar aðgerðir sem kalla má algengar og spítalinn annar ekki eftirspurn. Sjúklingar geta leitað til Sjúkratrygginga Íslands sem er heimilt að greiða fyrir læknismeðferð erlendis ef meðferð er ekki í boði innan réttlætanlegs tíma á Íslandi.

Mikið hefur verið rætt um liðskiptaaðgerðir á hnjám og mjaðmaskipti í þessu samhengi. Einkaaðilar hafa óskað eftir að fá að framkvæma hluta þessara aðgerða á Klíníkinni í Ármúla. Yfirvöld neita hins vegar að semja við Klíníkina en kjósa þess í stað að greiða að fullu fyrir meðferð á einkareknum sjúkrahúsum í útlöndum sem engan skatt greiða á Íslandi, í sumum tilfellum rúmlega tvöfalda þá upphæð sem sama aðgerð myndi kosta í Ármúla.

Það er einkum tvennt við þetta fyrirkomulag Svandísar að athuga. Í fyrsta lagi stendur fólki sem á fyrir því þegar til boða að borga úr eigin vasa fyrir aðgerðir á Klíníkinni án aðkomu ríkisins. Þannig að fólkið sem á fyrir því kemst fram fyrir röð eins og sakir standa. Í öðru lagi hefur Alþingi staðfest með lögum EES-tilskipun sem veitir ríkisborgurum svæðisins rétt á að sækja sér læknismeðferð innan EES-svæðisins eftir 90 daga á kostnað heimaríkis. Það er grafalvarlegt að sú þjónusta sé ekki veitt á Íslandi. Ef hið opinbera annar því ekki er sjálfsagt að ríkið semji við einkaaðila í heimalandinu. Það er ekki bara best fyrir sjúklinginn, heldur hagkvæmast fyrir ríkið.

Á bak við tölur á biðlistum er fólk. Biðraðamenning í jafnvel einfaldar aðgerðir á Íslandi er krónískur sjúkdómur, líkt og aðstoðarmaður ráðherrans og fyrrverandi landlæknir orðaði eitt sinn svo vel.

Kallað er eftir skynsamlegum lausnum úr heilbrigðisráðuneytinu.

**Kallað er eftir skynsamlegum lausnum úr heilbrigðisráðuneytinu.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Fallvalt frjálslyndi**

**Hildur Björnsdóttir, nýr borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur viðrað þær hugmyndir sínar að skilyrða leikskólavist barna. Óbólusett börn fái ekki leikskólavist í borginni. Hún sé hins vegar í grunninn ekki fylgjandi boðum og bönnum en telur að nauðsyn brjóti lög í þeim efnum. Nýr bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Hafnarfirði tók undir orð Hildar, (sem reyndar er líka alin upp í Hafnarfirðinum) og taldi að Hafnarfjarðarbær þyrfti að skoða þetta gaumgæfilega. Eitt er víst að frjálslyndið er ekkert að þvælast fyrir þessum nýju bæjarfulltrúum.**

**Höfum við séð þetta áður?**

**Staðan á íslenskum flugmarkaði er afar viðkvæm og krítísk og almúginn treystir á að þessir flinku og forríku stjórnendur stýri skútunni í var. Blikur eru á lofti um að fyrirtækin stóru, WOW og Icelandair, lækki flugið heldur hratt. WOW rær lífróður og reynir að finna fé erlendis. Eigandi þess fyrirtækis segir lýðnum að slaka á. Hann hafi tröllatrú á verkefninu. Á meðan kemur afkomuviðvörun innan úr Icelandair sem hefur lækkað á mörkuðum og lífeyrissjóðir okkar tapa peningum. Þessi umræða hljómar kunnuglega, kannski tíu ára gömul.**

**sveinna@frettabladid.is**

# Jafnréttisstofa og íþróttafélögin



Katrín Björg Ríkarðsdóttir
framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu

„Íþróttakonur segja frá áreitni, mismunun og nauðgunum og krefjast breytinga“ var yfirskrift fréttar sem birtist í íslenskum fjölmiðli snemma árs. Þetta var því miður ekki eina fréttin af þessum toga sem skall á landsmönnum í kjölfar #metoo byltingarinnar. Fjöldi íþróttakvenna steig fram og vitnaði um óþolandi aðstæður og ástand og kröfðust þess að konur og stúlkur gætu stundað íþróttir í öruggu umhverfi.

Jafnréttisáætlanir gegna mikilvægu hlutverki í markvissu jafnréttisstarfi. Samkvæmt jafnréttislögum eru íþróttafélög ekki skyldug til að setja sér jafnréttisáætlanir en hafa hins vegar þær skyldur að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að iðkendur og starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í tengslum við starfsemi félaganna.

Þau félög sem kosið hafa að taka þátt í gæðaverkefni ÍSÍ og gerast fyrirmyndarfélög hafa þær skyldur að gera mat á starfsemi sinni m.t.t. jafnréttis og setja sér jafnréttisáætlun. Í kjölfar þeirra frásagna íþróttakvenna sem vitnað er til hér að framan ákvað Jafnréttisstofa því að kalla eftir jafnréttisáætlunum frá fyrirmyndarfélögum til þess að fá yfirsýn yfir stöðuna og geta leiðbeint um úrbætur ef á þyrfti að halda. Í kjölfarið hófst síðan samstarf ÍSÍ og Jafnréttisstofu um hvernig mætti sem best styðja íþróttafélög í að bæta jafnrétti kynjanna í sínum störfum.

Það er sérstakt fagnaðarefni að í nýkynntum tillögum starfshóps mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótta- og æskulýðsstarfi skuli áherslan vera á öryggi iðkenda og annarra þátttakenda. Þá ber einnig að fagna því að horft sé til þess að aukið jafnrétti geti haft jákvæð áhrif á íþróttastarf og dregið úr áreitni og ofbeldishegðun.

Íþróttir og íþróttafélög eru mikilvægur þáttur í menningu okkar Íslendinga. Þess vegna skiptir miklu máli að við séum öll með leikreglurnar á hreinu þegar kemur að fjölbreytileika, jafnrétti og virðingu.

**Í kjölfarið hófst síðan samstarf ÍSÍ og Jafnréttisstofu um hvernig mætti sem best styðja íþróttafélög í að bæta jafnrétti kynjanna í sínum störfum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Leikur, barátta, íþróttamennska og jafnrétti



**Herbert Beck**
sendiherra
Þýskalands

**Hvernig sem leikurinn næstkomandi laugardag fer, vonumst við öll til þess að sjá fótboltaveislu sem mun hvort tveggja í senn vera íþróttaþrekvirki og fagna jafnrétti karla og kvenna í fótbolta.**

Þann 1. september munu kvennalandslið Íslands og Þýskalands í fótbolta mætast á Laugardalsvelli til að ákveða hvort þeirra mun fara á heimsmeistaramótið í Frakklandi á næsta ári. Einungis sigurliðið kemst beina leið á HM.

Íslenska landsliðið er nú stigahæst í 5. riðli eftir 3:2 sigur gegn Þjóðverjum í Wiesbaden í október síðastliðnum og er með eins stigs forystu á Þýskaland í riðlinum. Það liggur því ljóst fyrir að sigurliðið í Laugardalnum mun fara áfram til Frakklands.

Kvennalið Þýskalands hefur unnið Ólympíuleikana, er tvöfaldur heimsmeistari og áttfaldur Evrópumeistari í knattspyrnu. Það er því óvenjulegt fyrir það að sitja í öðru sæti riðilsins. Þýsku konurnar ásamt þjálfara sínum Horst Hrubesch, sem er afar farsæll leikmaður og þjálfari, finna greinilega að Þjóðverjar bera miklar væntingar til þeirra, ekki síst eftir mikil vonbrigði með karlalandsliðið núna í sumar. Bestu fjögur liðin sem eru í öðru sæti í riðlakeppninni komast í umspil fyrir seinasta evrópska sætið fyrir HM í Frakklandi, en markmið þýska liðsins er klárlega að sigra í riðlinum. Til þess þarf þýska liðið þó að vinna einvígið hér í Reykjavík.

„Næsti úrslitaleikur er á Íslandi. Við munum leggja allt af mörkum til að tryggja okkur sigur í forkeppninni,“ segir markvörður þýska landsliðsins Almuth Schult sem spilar fyrir VfL Wolfsburg, en Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirliði íslenska landsliðsins, er liðsfélagi hennar þar. Á hinn bóginn hafa íslensku konurnar góða ástæðu til að mæta fullar sjálfsöryggis í „úrslitaleikinn“. Eftir fimm sigra og aðeins eitt jafntefli gegn Tékkum, gæti staða íslensku kvennanna varla verið vænlegri.

Þegar leikurinn hefst næstkomandi laugardag, þann 1. september, kl. 14.55, mun fara fram hörkuspennandi leikur með fótboltakonum sem munu berjast af öllu afli til sigurs. Vegna þess hve mikilvægur leikurinn er, þá verður hann sýndur í beinni útsendingu í þýsku ríkissjónvarpi. Við hlökkum til þessa leiks sem mun sameina allt það sem gerir knattspyrnu að vinsælustu íþrótt heims: ástríðu, keppni, þokka, tækni, sigurvilja, dálítið drama og þá mögulega sorg.



Fyrir utan keppnina sjálfa (og viðskiptalega hlið hennar) má ekki gleyma öðrum hliðum knattspyrnunnar: fótbolti hefur alltaf verið leikur sem byggist á virðingu og reglum. Á meðan keppnin sjálf vekur samsömun og ástríðu í okkur, eru það reglur um sanngirni sem gera það að verkum að sigurinn lítilsvirði hvorki andstæðinginn né að tap leiði til örvæntingar. Það gildir einnig í þessu tilfelli. Þrátt fyrir alla viðleitni til að vinna þennan leik, þá þurfum við að muna að í lok dags þá er þetta leikur.

**Kynjajafnrétti**

Næstkomandi laugardag kemur svo einn þáttur til viðbótar við sögu – kynjajafnrétti. Þegar litið er á sögu alþjóðlega kvennafótboltans er greinilegt að hún endurspeglar samfélagið á hverjum tíma. Á tímum fyrri heimsstyrjaldar varð kvennafótbolti vinsæll, en hann var síðan að hluta til bannaður á áratugum sem fylgdu. Rökin fyrir því banni endurómuðu kunnugleg stef úr öðrum kimum samfélagsins, ljóst er að áhuginn á raunverulegu jafnvægi milli karla og kvenna var ekki fyrir hendi. Það var ekki fyrr en fótboltakonur stefndu á að stofna sína eigin deild að hægt var að koma vitinu fyrir karlana. Árið 1970 ákvað Þýska knattspyrnusambandið (DFB) að lyfta leikbanninu við kvennafótbolta og það sama gerði Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) ári síðar. Hannelore Ratzeburg, núverandi varaforseti DFB, er til fyrirmyndar þegar kemur að baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna í knattspyrnu í Þýskalandi, en hún hefur beitt sér í þágu kvennafótbolta bæði í Þýskalandi og á alþjóðlegum vettvangi síðustu 40 árin.

Þegar ég hugsa til kvennafótbolta á Íslandi þá dettur mér fyrst og fremst í hug hið glæsilega auglýsingamyndskeið „Unstoppable for Iceland“, sem Icelandair lét gera fyrir sig í aðdraganda Evrópumótsins í kvennafótbolta 2017. Í þessu tveggja mínútna myndskeiði eru teknar saman á snilldarlegan hátt þær áskoranir sem stelpur verða að sigrast á, til þess eins að geta gert það sem þær kunna best – að spila fótbolta!

Íslenska knattspyrnusambandið er búið að setja sér það metnaðarfulla markmið að fylla Laugardalsvöll þann 1. september. Það yrði í fyrsta skipti sem uppselt yrði á leik í kvennafótbolta á Íslandi. Þetta markmið styð ég heilshugar, ekki síst þar sem það mun vera góð auglýsing fyrir kvennafótbolta, bæði hérlendis og erlendis.

Hvernig sem leikurinn næstkomandi laugardag fer, vonumst við öll til þess að sjá fótboltaveislu sem mun hvort tveggja í senn vera íþróttaþrekvirki og fagna jafnrétti karla og kvenna í fótbolta. Ég er sannfærður um að bæði liðin eru fyrsta flokks lið sem munu auðga heimsmótið á næsta ári. „Fyllum völlinn!“ – Hjálpaðu til við að fylla völlinn í fyrsta skipti! Vertu hluti af þessari glæsilegu sögu! Sjáumst í Laugardalnum!




GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Lokahnykkur undirbúningstímabilsins



Liðin í Olís-deild karla eru á lokastigum undirbúningstímabilsins enda hefst tímabilið með Meistarakeppni HSÍ eftir viku þegar Framarar mæta Íslands- og bikarmeisturum ÍBV. Deildarkeppnin í karlaflokki hefst stuttu síðar en Olís-deild kvenna hefst síðar í september. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Frestaði bardagaviðræðum á meðan ég finn nýjan þjálfara

**Hnefaleikakappinn Kolbeinn Kristinsson er að vinna í þjálfaraskiptum og setti allar viðræður um bardaga á ís á meðan. Hann segist vera í góðu standi og tilbúinn að samþykkja bardaga þegar þjálfaramálin leysast.**

**HNEFALEIKAR** Hnefaleikakappinn Kolbeinn Kristinsson er á leiðinni til Bandaríkjanna í viðræður við nýjan þjálfara. Eru þrír mánuðir liðnir síðan hann vann sannfærandi sigur á Gennadi Mentsikainen í Finnlandi og um leið tíunda atvinnumannabardaga sinn.

Er Kolbeinn ósigraður sem atvinnumaður í hringnum og í 159. sæti í þungavigt á heimsvísu en hefur farið hraðbyri upp þann lista.

Hann segist vera búinn að setja það á ís í bili að finna sér nýjan bardaga þar til hann verði kominn með nýjan þjálfara.

„Ég sló á frest öllum viðræðum um bardaga á dögunum þegar ég tók ákvörðun um að skipta um þjálfara. Ég fer til Finnlands á næstu dögum þar sem ég aðstoða annan hnefaleikakappa við að undirbúa sig og stuttu síðar fer ég til Bandaríkjanna í viðræður,“ segir Kolbeinn sem er búinn að vera í sambandi við einn þjálfara í Detroit og mun hitta hann.

Eftir að hafa barist fjórum sinnum árið 2016 lenti hann í leiðinda meiðslum sem gerðu það að verkum að hann náði aðeins einum bardaga í fyrra.

„Ég fór í aðgerð síðasta sumar og það tók góða sex mánuði að ná sér en það er ekkert að angra mig í dag. Það er bara búið að vera tímafrekt að standa í þessum þjálfaramálum, það er margt sem þarf að huga að.“

> **Þegar búið verður að leysa þetta þá er ég tilbúinn að fara inn í hringinn.**
>
> Kolbeinn Kristinsson



Hann kveðst spenntur fyrir því að komast inn í hringinn á ný og er tilbúinn að finna bardaga um leið og þjálfaramálin leysast.

„Mann er farið að klæja aðeins í fingurna, ég sagði við teymið mitt að um leið og þjálfaramálin væru klár þá mætti skipuleggja næsta bardaga. Það sem vantaði alltaf var reyndari skipstjóra til að stýra skipinu,“ segir Kolbeinn. kristinnpall@frettabladid.is

# Hafa alltaf unnið í Garðabænum síðan Ólafur tók við

**FÓTBOLTI** Tvö efstu lið Pepsi-deildar karla, Stjarnan og Valur, mætast á Samsung-vellinum í kvöld. Valsmenn eru með þriggja stiga forskot á Stjörnumenn og stíga stórt skref í áttina að því að verja Íslandsmeistaratitilinn með sigri í kvöld. Vinni Garðbæingar tylla þeir sér hins vegar á topp deildarinnar.

Síðan Ólafur Jóhannesson tók við Val hefur liðið unnið alla þrjá deildarleiki sína gegn Stjörnunni á Samsung-vellinum. Í stjórnartíð Ólafs hafa Valur og Stjarnan mæst átta sinnum í deild og bikar. Valsmenn hafa unnið fjóra leiki, Stjörnumenn tvo og tveir endað með jafntefli. Fyrri deildarleikur liðanna í sumar fór 2-2.

Valsmenn hafa verið á afar góðu skriði að undanförnu og eru taplausir í síðustu tólf deildarleikjum sínum. Eftir markalaust jafntefli við Fylki í 14. umferð hefur Valur unnið þrjá síðustu leiki sína og skorað samtals tólf mörk í þeim. Patrick Pedersen fór rólega af stað í sumar en hefur skorað níu mörk í seinni umferðinni. Pedersen er næstmarkahæstur í Pepsi-deildinni með 13 mörk, tveimur mörkum minna en Stjörnumaðurinn Hilmar Árni Halldórsson.



Ólafi Jóhannessyni hefur gengið vel í Garðabænum síðan hann tók við Val fyrir fjórum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stjarnan tapaði fyrir KR í 13. umferð en hefur náð í tíu stig af tólf mögulegum síðan þá, auk þess sem Garðbæingar tryggðu sér sæti í bikarúrslitum með sigri á FH-ingum. Stjarnan hefur tapað tveimur leikjum í sumar, báðum gegn KR. KR-ingar eru jafnframt eina lið deildarinnar sem hefur haldið hreinu gegn Stjörnumönnum í sumar. Stjarnan hefur alls skorað 39 mörk, flest allra í Pepsi-deildinni.

Leikurinn á Samsung-vellinum í kvöld hefst klukkan 19.15. Dómari er Vilhjálmur Alvar Þórarinsson. – iþs

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu, undank.**

**AEK Aþena -Vidi 1-2**
1-0 Petros Mantalos (48., víti), 1-1 Loic Nego (57.).

*AEK fer áfram eftir 3-2 sigur samanlagt.*

**D. Zagreb - Young Boys 3-0**
1-0 Izet Hajrovic (7.), 1-1 Guillaume Hoarau (64., víti), 0-2 Hoarau (66.).

*Young Boys fer áfram eftir 3-2 sigur samanlagt.*

**D. Kiev - Ajax 3-0**

*Ajax fer áfram eftir 3-1 sigur samanlagt.*



**Það er von á fullum velli gegn Þýskalandi um helgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Stefnir í fullan völl um helgina

**FÓTBOLTI** Allt bendir til þess að það verði fullur völlur þegar íslenska kvennalandsliðið tekur á móti Þýskalandi á Laugardalsvelli á laugardaginn.

Þegar er ljóst að gamla áhorfendametið, 7.521 manns á leik Íslands og Brasilíu, er fallið og að nýtt áhorfendamet verður sett. Er von á um hundrað áhorfendum frá Þýskalandi samkvæmt KSÍ og voru um fimm hundruð miðar eftir í gærkvöld.

Það er ljóst að þetta er einn stærsti leikur íslenskrar kvennaknattspyrnu frá upphafi. Með sigri á áttföldum Evrópumeisturum Þýskalands komast þær í lokakeppni HM sem fram fer í Frakklandi næsta sumar í fyrsta sinn.

Jafntefli dugar liðinu og eru þær þá með örlögin í eigin höndum fyrir lokaumferðina en Þýskaland kemur hingað og verður að vinna leikinn til að eiga möguleika á að hrifsa efsta sætið.

Þá hófst í gær sala á leik karlalandsliðs Íslands gegn Belgíu í Þjóðadeildinni og gekk sala vel á fyrsta degi. – kpt

## Hefja leik á HM áhugakylfinga

**GOLF** Íslenska kvennalandsliðið hefur leik á HM áhugakylfinga í dag í Dublin á Írlandi gegn Portúgal og Púertó Ríkó. Liðið skipa þær Saga Traustadóttir og Ragnhildur Kristinsdóttir úr GR og Helga Kristín Einarsdóttir, GK og með þeim í för er Jussi Pitkanen, afreksstjóri GSÍ sem þekkir vellina vel.

Kemur Helga Kristín full sjálfstrausts til leiks eftir að hafa unnið lokakeppni Eimskipsmótaraðarinnar í Grafarholtinu um helgina. Ferðalagið var heldur lengra fyrir Söru og Ragnhildi sem koma frá háskólum sínum í Bandaríkjunum til þess að keppa fyrir Íslands hönd.

Alls senda 59 þjóðir lið til leiks og verður keppt á tveimur völlum þar í landi. – kpt

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# 120 ÁRA AFMÆLI KING KOIL

KING KOIL

# FRAMÚRSKARANDI FULLKOMNUN

GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018



Stærð Queen (153x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**154.070 kr.**
13.693 kr.* á mánuði með kreditkortaláni
**Fullt verð 256.783 kr.**

## KING KOIL ALPINE PLUSH

Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimm svæða skiptu poka gorma kerfi, mjúkur toppur og steyptir kantar, ásamt botni og fótum.

**40% AFSLÁTTUR AF KING KOIL RÚMUM**

Queen
13.693 kr.
á mánuði*

King
18.816 kr.
á mánuði*

Stærð King (193x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**213.459 kr.**
18.816 kr.* á mánuði með kreditkortaláni
**Fullt verð 355.765 kr.**

KING KOIL 120 ÁRA 1898-2018

**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is



Ástkær mágkona okkar og frænka,

**Dagný G. Albertsson**

kennari,
frá Hesteyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 24. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 4. september klukkan 13.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Kristniboðsfélag kvenna.

**Evlalía K. Guðmundsdóttir, Oddrún Jónasdóttir Uri,
bróðurbörn og aðrir aðstandendur.**



Minn besti vinur, kærleiksríki eiginmaður og faðir okkar,

**Jónas Friðriksson**

lést 20. ágúst sl. á heimili okkar í Gig Harbor, WA. umvafinn ást og umhyggju ættmenna. Bálför hefur farið fram. Minningarathöfn verður á heimili okkar 6. október nk. Útför hans verður gerð í kyrrþey á Íslandi.

**Valgerður Þorbjörg Gunnarsdóttir, Fridriksson,
Gunnar Fridriksson
Fridrik Fridriksson
Jónas Fridriksson
tengdadætur og barnabörn.**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Gísladóttir**

áður til heimilis að Sunnubraut 2, Keflavík,

lést að Hrafnistu Nesvöllum Reykjanesbæ miðvikudaginn 22. ágúst.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 7. september kl. 13.00.

**Þorsteinn Bjarnason
Bjarni Þorsteinsson
Ingibjörg Þorsteinsdóttir
og Heimir Bjarnason.**

**Kristjana B. Héðinsdóttir
Embla Uggadóttir
Sölvi Dúnn Snæbjörnsson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Lovísa Bergþórsdóttir**

fædd 7. september 1921,
Tjarnarstíg 3, Seltjarnarnesi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni hinn 14. ágúst, 2018.
Útförin fór fram í kyrrþey. Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og alúðlega umönnun.

**Pálmi V. Jónsson
Jóna Karen Jónsdóttir**

**Þórunn Bára Björnsdóttir
Ólafur Kjartansson**

**börn og barnabörn.**



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ingi Tryggvason**

frá Kárhóli,
ferðaþjónustu- og skógarbóndi að Narfastöðum í Reykjadal, fyrrverandi kennari, alþingismaður og formaður Stéttarsambands bænda,

lést á Skógarbrekku, hjúkrunardeild HSN á Húsavík, miðvikudaginn 22. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Einarsstaðakirkju laugardaginn 1. september kl. 14.

**Þorsteinn Ingason
Steingrímur Ingason
Unnsteinn Ingason**

**Guðný Eygló Gunnarsdóttir
Rósa Ösp Ásgeirsdóttir**

**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

# Samfélagsspegill og spé

**Kópur, Mjási, Birna & ég er titill bókar eftir Pál Benediktsson, fyrrverandi fréttamann. Hún er yndislestur með smá broddi. Hundurinn Kópur er með innlegg.**

Það hefur verið dálítill vandi að skilgreina bókina fyrir fólki, sumir halda að hún sé barnabók og aðrir að hún sé dýrabók. En hún er bara svolítill samfélagsspegill, spjall og spé um daginn og veginn,“ segir Páll Benediktsson, fyrrverandi fréttamaður um nýútkomna bók sína, Kópur, Mjási, Birna & ég. Hvolpurinn Kópur er þar í aðalhlutverki og kemur með innlegg í umræðuna. „Sem fyrrverandi fréttamaður þekki ég að það er gott að geta látið aðra um að hafa skoðanir, sem maður ber þá ekki sjálfur ábyrgð á,“ útskýrir Páll kankvís.

Páll segir kveikjuna að bókinni þá að hann og Birna kona hans hafi verið í Fésbókarhóp með fólki sem fékk hvolpa úr sama goti og Kópur þeirra. „Ég fór að skrifa pistla inn í þessa grúppu um lífið á heimilinu og utan þess og þar hafði Kópur líka rödd. Þetta tómstundagaman mitt óx og ég fékk hvatningu til að gefa efnið út. Upp úr því fór ég að máta það í bók.“

Bókin er ríkulega myndskreytt. „Eins og fram kemur í bókinni tók konan mín aðalábyrgðina á þjálfun Kóps, var með hann á námskeiðum og æfingum,“ segir Páll. „Ég var svona að dingla í kring og hafði svo sem ekkert annað að gera en mynda, bara til að stytta mér stundir.“

Kópur er viðeigandi nafn, eftir myndum að dæma. Labradorhöfuðið líkist dálítið sel. Páll segir Birnu áður hafa átt afbragðshund með Kópsnafninu, svo þau hafi líka verið að koma upp nafni hunds sem var löngu genginn. Hann viðurkennir að Kópur sé stórt númer á heimilinu. „En Mjási, kötturinn sem fyrir var, er samt númer eitt og gerði Kóp strax grein fyrir því. Krakkarnir okkar segja samt stundum að Kópur sé gulldrengur og barnabörnin komist varla að því allt snúist um hundinn. Vissulega tekur hann mikið pláss, er kátur og rosalega skemmtilegur.“

Þótt oftast sé grínið í fyrirrúmi í bókinni er pínu tónn öðru hverju sem ýtir málstað hundaeigenda fram. „Aðstaðan fyrir hunda í borginni er ekki góð, þeir eru borgarar sem hafa verið sniðgengnir. Það eru 5 til 6.000 hundar á höfuðborgarsvæðinu en eiginlega bara þrjú svæði sem þeir mega hlaupa frjálsir um,“ segir hann. Bendir einnig á að aðgengi að veitingastöðum sé takmarkað og að koma með hunda til landsins taki uppundir ár vegna strangra reglna. „Við Kópur vekjum athygli á þessu,“ segir hann. „En reynum að gera það á léttan hátt.“

**gun@frettabladid.is**



**„Vissulega tekur hann mikið pláss,“ segir Páll um vin sinn Kóp.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Sem fyrrverandi fréttamaður þekki ég að það er gott að geta látið aðra um að hafa skoðanir sem maður ber þá ekki sjálfur ábyrgð á.

## Brot úr kafla

**Fyrsta helgin var viðburðarík hjá Kóp enda leggur Birna ofuráherslu á að umhverfisvenja hann. Við förum í margar heimsóknir og ótrúlegur fjöldi fólks kom í heimsókn að skoða litla dúlluhvolpinn. Það margir að ég fór að velta fyrir mér hvers vegna allt liðið hefði ekki komið mánuðum og árum saman til að hitta bara mig? eða Birnu? Eða okkur bæði? Við erum þó nokkrar dúllur líka! Og hvað á ég að gera þegar Kópur verður orðinn stór og óinteressant og fólk hættir að koma? Kaupa annan hvolp? Talandi páfagauk? Eða flóðhest?**



**Guðmundur Bogi Breiðfjörð**

blikksmiður,
Laugateigi 27, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 22.ágúst.
Jarðarför auglýst síðar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Bertha R. Langedal**



Ástkær frænka mín,

**Þuríður Eyjólfsdóttir**

frá Hofi í Öræfum,
síðast Dalbraut 27, Reykjavík,

lést á öldrunarlækningadeild Landspítala í Fossvogi fimmtudaginn 23. ágúst síðastliðinn. Jarðarför fer fram frá Áskirkju mánudaginn 3. september kl. 11.00.

**Guðmunda Jónsdóttir**



Við þökkum fyrir auðsýnda samúð vegna andláts ástkærs föður okkar,

**Inga Ingvarssonar**

Hátúni 1, Reykjavík.

Hann lést þann 14. ágúst sl. og útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Friðrik Ingason
Jóhanna Ingadóttir**

**Steinunn Emilsdóttir
Stefán Erlendsson**

**barnabörn og barnabarnabörn.**



Við viljum færa ættingjum, vinum og velunnurum okkar innilegustu þakkir fyrir samúð, stuðning og vinarhug við andlát og útför ástkærs föður okkar,

**Einars Óskarssonar**

**Óskar Pétur Einarsson
Katrín Sif Einarsdóttir
Anna Guðrún McCall
Kristjana Lucille Einarsdóttir
Rut Vilbjörg Einarsdóttir**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. ágúst 2018 — 31. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Flugfélögin á krossgötum




Ég trúi áfram að þetta sé góð fjárfesting.

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair

Icelandair mun að óbreyttu brjóta lánaskilmála eftir að afkomuspá félagsins var lækkuð um liðlega þriðjung. Hlutabréfaverð lækkað um 76 prósent frá hæsta tindi. Pantanabókin í útboði WOW air opnuð í dag og líklegt að félagið gefi út breytanleg skuldabréf. Mörg evrópsk flugfélög þurfa nauðsynlega á því að halda að flugfargjöld hækki.

»2,4, 6, 7



»2

## WOW skoðar útgáfu breytanlegra skuldabréfa

Fjárfestar geta þá breytt bréfunum síðar í hlutafé í flugfélaginu. Pantanabókin verður opnuð í dag og áætlað er að skuldabréfaútboðið klárist á næstu dögum. Nokkrir lífeyrissjóðir útiloka ekki þátttöku í útboðinu.

»2

## Eaton Vance selur stóran hlut í N1

Sjóðir fyrirtækisins hafa á síðustu vikum selt nærri 5 prósenta hlut. Hafa einnig selt stóran hlut í Icelandair og minnkað við sig í tryggingafélögunum.

»4

## Stjórnendur Festar fengu 344 milljónir

Sex lykilstjórnendur fengu samanlagt um 344 milljónir króna greiddar þegar kaupréttarsamningar þeirra voru gerðir upp fyrr á árinu í tengslum við sölu á smásölukeðjunni til N1.




# Sjóðir í stýringu Eaton Vance selt stóran hlut í N1

Fjárfestingarsjóðir á vegum bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance hafa á síðustu vikum selt nærri fimm prósenta hlut í N1 fyrir hátt í 1,5 milljarða króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í olíufélaginu.

Sjóðir í stýringu Eaton Vance eru ekki lengur í hópi tuttugu stærstu hluthafa N1 samkvæmt nýjum hluthafalista, dagsettum 23. ágúst, sem birtist í nýútgefinni lýsingu olíufélagsins. Tveir sjóðir á vegum eignastýringarfyrirtækisins, annars vegar Global Macro Absolute Return Ad og hins vegar Global Macro Portfolio, áttu samanlagt tæplega fimm prósenta eignarhlut í N1 um miðjan júlímánuð en markaðsvirði hlutarins, miðað við núverandi gengi bréfa félagsins, er tæplega 1,5 milljarðar króna.

Kaupendur að hlutnum voru meðal annars fjárfestingarsjóðir á vegum Wellington Management, annars bandarísks eignastýringarfyrirtækis, en umræddir sjóðir fara nú samanlagt með 9,6 prósenta hlut í N1 að virði tæpra þriggja milljarða króna. Íslenski lífeyrissjóðurinn og sjóðir í stýringu Akta hafa einnig bætt við sig í olíufélaginu á undanförnum vikum.




Hlutabréf í N1 hafa hækkað um ríflega 10 prósent í verði það sem af er ári.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa sjóðir á vegum Eaton Vance minnkað við sig í nokkrum skráðum félögum á síðustu vikum. Þannig seldu sjóðirnir samanlagt ríflega tveggja prósenta hlut í Icelandair Group fyrr í þessum mánuði en ætla má að söluverð hlutarins hafi verið rúmlega 900 milljónir króna ef miðað er við gengi hlutabréfa í ferðaþjónustufélaginu á þeim tíma þegar viðskiptin gengu í gegn. Kaupendur að bréfunum voru dreifður hópur fjárfesta.

Sjóðir Eaton Vance seldu sem kunnugt er ríflega hálf prósents hlut í TM í síðustu viku, en eftir viðskiptin fara þeir með um 4,7 prósenta hlut í tryggingafélaginu, og þá herma heimildir Markaðarins að sjóðirnir hafi einnig minnkað við sig í tryggingafélögunum Sjóvá og VÍS.

Á móti hafa sjóðirnir bætt lítillega við hlut sinn í Arion banka í sumar og þá tóku þeir þátt í nýafstöðnu skuldabréfaútboði Eikar fasteignafélags, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, en Fossar markaðir höfðu umsjón með útboðinu.

Eaton Vance hefur á síðustu árum verið umsvifamesti erlendi fjárfestirinn á íslenskum hlutabréfamarkaði en félagið hóf innreið sína á markaðinn árið 2015. – **hae, kij**

# Minni hagnaður í fyrra

Hagnaður Samskipa á Íslandi nam tæplega 1,9 milljónum evra, jafnvirði 232 milljóna króna, á síðasta ári og dróst saman um 42 prósent frá fyrra ári þegar hann var tæpar 3,2 milljónir evra. Mestu munaði um lægri fjármunatekjur en þær voru 662 þúsund evrur í fyrra borið saman við 4,3 milljónir evra árið áður.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi flutningafélagsins námu flutningstekjur þess 175,5 milljónum evra, sem jafngildir 21,8 milljörðum króna, í fyrra og jukust um 10 prósent á milli ára. Hagnaður Samskipa fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta var jafnframt 4,6 milljónir evra í fyrra og tvöfaldaðist hann á milli ára.



**Pálmar Óli Magnússon, forstjóri Samskipa.**

Samskip átti eignir upp á 62,4 milljónir evra í lok síðasta árs en á sama tíma var bókfært virði eiginfjár og víkjandi lána félagsins 22,6 milljónir evra og eiginfjárhlutfallið því um 36 prósent. – **kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is







**Skúli segir að þriðji ársfjórðungur á þessu ári verði næstbesti fjórðungurinn í sögu félagsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# WOW áformar útgáfu breytanlegra bréfa

**Útgáfa breytanlegra skuldabréfa myndi gefa fjárfestum færi á að breyta bréfunum síðar í hlutafé. Pantanabókin opnuð í dag og gert ráð fyrir að útboðið muni klárast á næstu dögum. Nokkrir íslenskir lífeyrissjóðir útiloka ekki þátttöku.**

WOW air mun að líkindum gefa út breytanleg skuldabréf (e. convertible bonds) til þriggja ára, þar sem fjárfestum myndi þá bjóðast að breyta þeim síðar í hlutafé í fyrirtækinu, í því skyni að sækja sér aukið fjármagn til að treysta rekstur og lausafjárstöðu félagsins. Pantanabókin vegna skuldabréfaútgáfunnar verður opnuð í dag, miðvikudag, en áætlað er að útboðið klárist á næstu dögum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, sagðist ekki geta tjáð sig um málið á þessu stigi.

Ekki liggur fyrir endanleg stærð skuldabréfaútboðsins en samkvæmt fjárfestakynningu Pareto Securities, sem hefur umsjón með útboðinu, er ráðgert að það verði á bilinu 500 til 1.000 milljónir sænskra króna, um sex til tólf milljarðar íslenskra króna. Skúli Mogensen, forstjóri og eini hluthafi WOW air, hefur á síðustu tveimur vikum, ásamt öðrum stjórnendum og ráðgjöfum Pareto, átt fundi með fjölmörgum fjárfestum í tengslum við skuldabréfaútgáfuna, einkum í Norður-Evrópu.

Þá voru haldnar fjárfestakynningar fyrir íslenska fjárfesta í lok síðustu viku, meðal annars lífeyrissjóði, sjóðastýringarfélög og einkafjárfesta,

**659**

**milljónir dala eru áætlaðar tekjur WOW air á þessu ári.**

enda þótt fastlega sé áætlað að eftirspurnin muni fyrst og fremst koma frá erlendum fjárfestum. Samkvæmt heimildum eru nokkrir lífeyrissjóðir með það til skoðunar hvort til greina komi að taka þátt í skuldabréfaútboði flugfélagsins. Íslenskir lífeyrissjóðir eiga fyrir samanlagt um helmingshlut í Icelandair.

Í drögum að fjárfestakynningu Pareto vegna fyrirhugaðs skuldabréfaútboðs WOW air var ekki gert ráð fyrir útgáfu breytanlegra skuldabréfa. Ljóst var þó að skilmálar útboðsins gætu breyst í samræmi við viðbrögð og ábendingar fjárfesta á fundum. Skúli hefur sagt að hann hafi fulla trú á að skuldabréfaútgáfan klárist og að spurningin sé aðeins um stærð og vaxtakjör, eða „hugsanlega önnur réttindi fylgjandi þessu útboði“, eins og hann sagði í viðtali við RÚV síðastliðinn fimmtudag.

Vextir breytanlegra skuldabréfa eru iðulega mun lægri en í samanburði við venjuleg skuldabréf. WOW air sparar sér því umtalsverðan vaxtakostnað verði niðurstaðan sú að að félagið gefi út slík skuldabréf, eins og margir erlendir fjárfestar eru sagðir hafa kallað eftir á fundum með stjórnendum WOW og Pareto. Kaupendur að skuldabréfunum myndu á móti eiga rétt á að breyta þeim í hlutafé í flugfélaginu eftir tiltekinn tíma og á fyrirfram ákveðnum kjörum. Ekki hafa fengist upplýsingar um hvaða nánari skilmálar yrðu í útgáfunni og hversu stóran hlut fjárfestar kynnu þá að eiga möguleika á að eignast síðar í félaginu.

Í viðtali við Markaðinn síðastliðinn miðvikudag sagði Skúli að ekki þyrfti að auka hlutafé félagsins til að bæta eiginfjárstöðuna áður en ráðist yrði í skuldabréfaútboðið. Eiginfjárhlutfall flugfélagsins, sem var aðeins 4,8 prósent í lok júní, muni batna verulega á seinni árshelmingi en útlit sé fyrir að rekstrarhagnaður (EBIT) verði þá um þrír milljarðar króna og aukist um 159 prósent á milli ára.

Rekstrartap WOW air nam um 5 milljörðum króna frá júlí 2017 til júní 2018. Áætlanir gera ráð fyrir verulegum viðsnúningi næstu misseri. Skúli segir þær spár ekki byggja á lækkandi olíuverði og hækkandi meðalfargjöldum heldur „aðgerðum og fjárfestingum sem þegar hefur verið ráðist í eins og með hliðartekjuaukninguna og Premium-sætin. Þessi aukning er þegar orðin ljós í júlí og í bókunum á næstu mánuðum.“ **hordur@frettabladid.is**

# Benedikt fer í stjórn Arion banka

Benedikt Gíslason, fyrrverandi varaformaður framkvæmdahóps stjórnvalda við losun hafta, verður kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi bankans sem fer fram næstkomandi miðvikudag. Mun hann taka sæti í stjórninni í stað Jakobs Ásmundssonar, sem lét af störfum í maí síðastliðnum, og nýtur meðal annars stuðnings vogunarsjóðsins Taconic Capital, sem á 9,99 prósenta hlut í bankanum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Benedikt hefur undanfarin tvö ár verið stjórnarmaður í Kaupþingi, sem á 32,67 prósenta eignarhlut í Arion banka í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil, en hann mun hætta í stjórn eignarhaldsfélagsins á aðalfundi Kaupþings á morgun, fimmtudag. Í störfum sínum fyrir



**Benedikt Gíslason**

Kaupþing hafði Benedikt umsjón með söluferli félagsins á hlut þess í Arion banka en Kaupþing seldi fjórðungshlut í hlutafjárútboði í júní síðastliðnum og var bankinn í kjölfar skráður á markaði á Íslandi og í Svíþjóð.

Benedikt, sem var einn helsti ráðgjafi íslenskra stjórnvalda við framkvæmd áætlunar um losun fjármagnshafta á árunum 2013 til 2016, hefur auk þess meðal annars setið í stjórn tryggingafélagsins VÍS og þá var hann framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs MP banka á árunum 2011 til 2013.

Á hluthafafundi Arion banka, sem fer fram þann 5. september, leggur stjórn bankans fram tillögu um 10 milljarða króna arðgreiðslu til hluthafa. Þá munu hluthafar einnig kjósa tvo af þremur nefndarmönnum sem taka sæti í tilnefningarnefnd en þriðji nefndarmaður skal vera formaður stjórnar Arion banka eða annar stjórnarmaður skipaður af stjórn bankans.

Auk Kaupþings og Taconic Capital, sem fara í sameiningu með heildaratkvæðarétt sem er takmarkaður við 33 prósenta hlut, eru stærstu hluthafar Arion banka vogunarsjóðirnir Attestor Capital og Och-Ziff Capital og bandaríski fjárfestingarbankinn Goldman Sachs. – **hae**




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

mazda.is

# „Ekki ólíklegt“ að lánaskilmálar brotni

**Forstjóri Icelandair Group segir að félagið sé fjárhagslega sterkt og geti auðveldlega unnið úr stöðunni komi hún upp. Stjórn Icelandair Group mun ræða hver ábyrgð hennar sé en félagið hefur birt þrjár afkomuviðvaranir í ár. Forstjórinn sagði starfinu lausu.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is





Snorri Jakobsson, greinandi Capacent, segir vandann í mörgum atvinnugreinum vera ósjálfbær kostnaðaraukning. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair Group, segir að ýmislegt hafi farið í gegnum hugann þegar Björgólfur Jóhannsson, forstjóri fyrirtækisins, sagði upp störfum á mánudag. „Annað væri óeðlilegt,“ segir hann spurður hvort hann hafi leitt hugann að því að víkja úr starfi þegar forstjórinn tilkynnti um uppsögn sína á mánudag.

Icelandair Group hefur birt þrjár afkomuviðvaranir það sem af er ári. Á árunum 2012 til 2016 gekk reksturinn vel og náði markaðsvirðið 187 milljörðum króna vorið 2016. Það segir sína sögu að nú er markaðsvirðið tæplega 34 milljarðar króna. Að teknu tilliti til arðgreiðslna nemur lækkunin 76 prósentum. Félaginu hefur ekki auðnast að fleyta kostnaðarhækkunum út í miðaverð eða sníða stakk eftir vexti samhliða aukinni samkeppni frá lággjaldaflugfélögum. Félagið stendur hins vegar fjárhagslega vel og var með 32 prósenta eiginfjárhlutfall við lok júní.

Bogi Nils Bogason, sem sestur er tímabundið í stól forstjóra Icelandair Group og fjármálastjóri samstæðunnar í áratug, segir aðspurður að ef fram fari sem horfi sé hins vegar „ekki ólíklegt“ að félagið muni brjóta lánaskilmála. „Félagið er fjárhagslega sterkt og með mikinn sveigjanleika í efnahagsreikningi. Við getum unnið mjög auðveldlega úr því ef á þarf að halda.“ Icelandair Group eigi miklar eignir sem séu að langmestu leyti óveðsettar.

Samkvæmt lánakvöðum mega vaxtaberandi skuldir ekki vera meiri en sem nemur 3,5 sinnum hagnaði fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) síðustu tólf mánaða. Vaxtaberandi skuldir voru í lok júní 343 milljónir dala. Áætlað er að skuldirnar verði um 393 milljónir dala í árslok 2018 og ef miðað er við að EBITDA ársins verði 90 milljónir dala, sem er meðaltal afkomuspár stjórnenda, verða skuldirnar tæplega 4,4 sinnum EBITDA.

**Stjórnin mun ræða ábyrgðina**

Úlfar segir að stjórnin muni þurfa að ræða hver ábyrgð hennar sé. „Stjórnin mun ræða það og ræða við hluthafa.“ Úlfar hefur setið hvað lengst í stjórn Icelandair Group af stjórnarmönnunum eða frá september 2010. Blaðamaður nefnir að umtalsverðar breytingar hafi átt sér stað á undangengnum árum á stjórn félagsins. „Það er alltaf þannig að sá sem er á staðnum þegar illa gengur situr uppi með það. Óháð því hvort það sé hægt að tengja hann við það með einhverjum hætti eða ekki.“

Að sögn Úlfars mun sá tími sem þarf til að ráða nýjan forstjóra vera nýttur til að vanda valið. „Það þýðir samt ekki að við ætlum að eyða einhverjum mánuðum í verkið. Það liggur ljóst fyrir.“ Hinn 13. ágúst fjárfesti Úlfar, sem á helmings hlut í Toyota á Íslandi, fyrir 100 milljónir króna í Icelandair Group. Bréfin hafa lækkað um 15 prósent frá kaupunum. „Ég trúi áfram að þetta sé góð fjárfesting,“ segir hann.

Elvar Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka, segir að samhliða því að enn eina ferðina sé félagið að upplýsa markaðinn um að það sé eitthvað í að meðalfargjöld fari að hækka sé það að viðurkenna að vandinn virðist vera dýpri en svo að það séu einungis ytri áhrifaþættir sem það þurfi að kljást við. „Í afkomuviðvöruninni gengst Icelandair við því að hagræðingaraðgerðir hafi ekki gengið nægilega hratt og vel fyrir sig ásamt því að þær breytingar sem gerðar voru á leiðakerfi félagsins í byrjun þessa árs hafi valdið misvægi á milli flugframboðs til Evrópu annars vegar og Norður-Ameríku hins vegar. Það hafi meðal annars leitt til þess að spálíkön hafi ekki virkað sem leið til lægri tekjuspár.“

**Krefjandi að taka við keflinu**

Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur á hagfræðideild Landsbankans, segir að það verði örugglega krefjandi verkefni fyrir nýjan forstjóra Icelandair Group að taka við keflinu. „Það hefur skapast ákveðin fyrirtækjamenning og fyrirtækið er stórt. Viðkomandi þarf því að taka erfiðar ákvarðanir og mun eflaust rekast á veggi. Nú reynir enn fremur á stjórn Icelandair Group. Hún ræður nýjan forstjóra. Stjórnin velur hvers lags týpu af stjórnanda hún hefur mesta trú á miðað við þær aðstæður sem uppi eru. Þetta verður stór stefnumarkandi ákvörðun.“

Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent, segir að það hafi verið viðloðandi við íslenskt atvinnulíf að það megi aldrei tala um fílinn í herberginu. „Fyrir hrun mátti ekki fjalla um fjármögnunarvanda og mikla viðskiptavild í bókum félaga. Í dag hefur verið ósjálfbær kostnaðaraukning í mörgum atvinnugreinum. Það skyldi engan furða að það var hrun hér fyrir 10 árum. Spurning hvað við Íslendingar höfum lært á þessum tíu árum,“ segir hann.

**Ég trúi áfram að þetta sé góð fjárfesting.**



Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair Group sem fjárfesti fyrir 100 milljónir í félaginu fyrir skömmu

## Hlutabréfaverð féll um 17 prósent

Hlutabréfaverð Icelandair Group féll um 17 prósent í gær í kjölfar afkomuviðvörunar. Afkomuspá stjórnenda Icelandair Group lækkaði hins vegar nokkuð meira eða um 29-33 prósent. Miðlarar á markaði segja að markaðurinn hafi verið búinn að verðleggja lægri afkomu á þessu ári í hlutabréfaverðið en félagið gerði ráð fyrir. Stjórnendur Icelandair Group reikna með að hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði verði 80-100 milljónir dollara í ár. Til samanburðar var sá hagnaður 220 milljónir dollara árið 2016.

Gengi hlutabréfanna er nú hið sama og um miðjan ágúst 2012. Að teknu tilliti til arðgreiðslna nemur gengislækkunin frá hæsta tindi ársins 2016 76 prósentum. Lífeyrissjóðir eiga um 55 prósent í flugfélaginu, miðað við síðasta opinbera hluthafalista. Lífeyrissjóður verslunarmanna er þeirra stærstur með 14 prósenta hlut en vegið kaupgengi eignarhlutar sjóðsins í Icelandair er 3,7. Arðsemin með arðgreiðslum er 149 prósent eða að meðaltali 17 prósent á níu árum.

# Stjórnendur Festar fengu 340 milljónir við uppgjör á kaupréttum

Sex lykilstjórnendur smásölukeðjunnar Festar, þar á meðal Jón Björnsson forstjóri, fengu samanlagt um 344 milljónir króna greiddar þegar kaupréttarsamningar þeirra voru gerðir upp fyrr á árinu í tengslum við sölu á keðjunni til N1.

Við stofnun Festar, sem hefur meðal annars rekið verslanir undir merkjum Krónunnar og ELKO, árið 2014 voru lykilstjórnendum og forstjóra veittir kaupréttir á allt að 22,4 milljónum hluta í smásölukeðjunni. Var gert ráð fyrir að kaupréttur hvers og eins stjórnanda áynnist í nokkrum áföngum á fjögurra ára tímabili en að kaupréttirnir yrðu gerðir upp ef það kæmi til sölu á félaginu.

Í ársreikningi Festar fyrir síðasta rekstrarár, sem lauk í febrúar á þessu ári, kemur fram að kaupréttarsamningarnir hafi verið gerðir upp í lok tímabilsins með fyrirvara um endanlega sölu á keðjunni. Var virði kaupréttargreiðslnanna 344,5 milljónir króna en umrædd fjárhæð var gjaldfærð í rekstrarreikningi smásölukeðjunnar á rekstrarárinu.



Jón Björnsson, forstjóri Festar

Samkeppniseftirlitið samþykkti sem kunnugt er kaup N1 á Festi í lok júlímánaðar gegn skilyrðum en sameinuðu félagi N1 og Festi ber meðal annars að selja frá sér fimm eldsneytisstöðvar, þar af þrjár stöðvar undir merkjum Dælunnar, og eina dagvöruverslun á Hellu.

Auk Jóns eru helstu stjórnendur Festar meðal annars Gréta María Grétarsdóttir fjármálastjóri, Þórarinn Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri fasteignasviðs, Gestur Hjaltason, framkvæmdastjóri ELKO, og Viðar Örn Hauksson, framkvæmdastjóri Bakkans vöruhótels.

Alls námu laun, hlunnindi, kaupaukagreiðslur og greiðslur vegna kauprétta til stjórnar, forstjóra og annarra lykilstjórnenda Festar um 721 milljón króna á síðasta rekstrarári borið saman við 340 milljónir króna á fyrra rekstrarári, að því er fram kemur í ársreikningnum.

Eggert Þór Kristófersson, sem hefur starfað sem forstjóri N1 frá byrjun árs 2015, verður forstjóri sameinaðs félags N1 og Festar en Jón Björnsson mun gegna starfi framkvæmdastjóra Krónunnar. – kij




# Do you want to be a part of the Össur team?

If you are looking for an opportunity to make a real difference in people's lives, Össur might be the place for you.

## LEAD WEB DEVELOPER

Össur seeks an ambitious, positive and organized fast learner who is curious to try the latest technology with the ability to design, develop and deliver high-quality software. This individual will be a part of a team of developers, solution architects and technical leads that will focus on developing and maintaining Össur web applications.

### QUALIFICATIONS

- University degree in computer science, engineering or comparable education.
- Experience the design and documentation of software solutions.
- At least 5 years of experience in .NET software development.
- Experience working in software development teams.
- Extensive knowledge of modern Javascript, HTML, CSS.
- Knowledge or experience of CMS or e-commerce systems advantage.
- Drive and passion to design, implement and deliver a solution from an idea to the last detail.
- Innovative mindset and a passion to create great software.
- Highly proficient in spoken and written English.
- Strong communication skills and a team player.

## FRONT-END DEVELOPER

Össur seeks a highly motivated and proactive individual that can help us shape our digital future. Össur is working with the latest web technologies and we are looking for a front-end innovator who has a sense for UI/UX interactions and can work with designers and be a part of a global web team.

### QUALIFICATIONS

- University degree in computer science, engineering or comparable education.
- Experience working in software development teams.
- At least 3 years of working experience with front-end technologies (AngularJS, ReactJS or equivalent).
- Extensive knowledge of modern JavaScript, HTML, CSS.
- Knowledge or experience of working with structured web platforms (CMS).
- Proficient understanding of UI and general web functions and standards.
- Experience working with latest web technologies.
- Knowledge or experience of MVC design patterns.
- Proficient understanding of cross-browser compatibility issues and ways to work around them.
- Understanding of SEO principles considered an advantage.
- Understanding of web optimization techniques.
- Working knowledge in Illustrator, Photoshop or XD is considered an advantage.
- Highly proficient in spoken and written English.
- Strong communication skills and a team player.

## NAV SPECIALIST

Össur seeks, an ambitious, positive and organized individual to work in a powerful team of NAV specialists that are managing the technical roadmap, implementation, updating and coordinating processes globally in Dynamics NAV.

### RESPONSIBILITIES

- Programming, maintenance and operation of Microsoft Dynamics NAV.
- Analysis and documentation of requirements and processes.
- Communication with external service providers.

### QUALIFICATIONS

- Extensive experience in programming and operations on Microsoft Dynamics NAV.
- University degree in line with responsibilities of the function.
- Self-driven but able to collaborate well within the team.
- Highly proficient in spoken and written English.
- Strong communication skills and a team player.

Application period ends on September 3rd, 2018.
Please apply on our website: ossur.is/mannaudur under the appropriate position.
For further information contact Human Resources +354 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ

2010 -2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 3000 employees in over 25 countries worldwide.
The core values of the company are Honesty – Frugality – Courage.

WWW.OSSUR.COM

# Dýr olía þyngir róður evrópskra félaga

**Afkoma evrópskra flugfélaga fer versnandi vegna hækkunar á olíuverði og launum. Greinandi segir mörg flugfélög þurfa nauðsynlega á því að halda að flugfargjöld hækki. Fjárfestar og stjórnendur flugfélaga telja sameiningar á evrópskum flugmarkaði óumflýjanlegar.**



Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is





Samkeppni í flugi yfir Atlantshafið hefur farið harðnandi á undanförnum árum, einkum fyrir tilstuðlan lággjaldaflugfélaga eins og Norwegian og WOW air. Lággjaldaflugfélög voru með 0,5 prósetna hlutdeild á Atlantshafsmarkaðinum árið 2013 en í fyrra var hlutfallið komið upp í tæp 10 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Búast má fastlega við því að afkoma af rekstri evrópskra flugfélaga versni í ár frá fyrra ári, að mati sérfræðinga greiningarfyrirtækisins Scope Ratings, sem segja erfiða tíma fram undan á flugmarkaði álfunnar. Hækkandi olíuverð, launaskrið, offramboð af flugferðum og verðstríð torvelda öllum nema stærstu flugfélögum í Evrópu að lifa af, að sögn greinendanna, og gæti jafnvel ógnað framtíð þeirra minni flugfélaga sem hafa á undanförnum árum skuldsett sig verulega til þess að stækka flugflota sinn.

Sigurður Örn Karlsson, greinandi hjá IFS, segist í samtali við Markaðinn búast við því að róðurinn verði áfram þungur hjá evrópskum flugfélögum. Mörg þeirra þurfi nauðsynlega á því að halda að flugfargjöld hækki. Það eigi sérstaklega við um þau félög sem verja ekki eldsneytiskaup sín fyrir sveiflum í olíuverði.

„Margir stjórnendur flugfélaga vonuðust eftir því að fargjöldin myndu hækka á þessu ári en það hefur ekki orðið raunin hingað til. Spurningin er hvenær það gerist,“ segir Sigurður Örn.

Fyrr í sumar lækkuðu IATA, alþjóðasamtök flugfélaga, spá sína um afkomu flugfélaga heimsins fyrir yfirstandandi ár um tólf prósent frá fyrri spá í desember í fyrra. Ástæðurnar voru sagðar hærra verð á flugeldsneyti, en það hefur rokið upp um meira en 40 prósent á síðustu tólf mánuðum, og vaxandi launakostnaður. Alexandre de Juniac, forstjóri IATA, sagði við það tilefni að kostnaðarhækkanir myndu draga „verulega“ úr hagnaði flugfélaga á milli ára. „Við erum sennilega á toppi uppsveiflunnar. Næsta ár verður ekki eins hagstætt,“ nefndi hann.

Verri horfur á evrópskum flugmarkaði hafa meðal annars birst í lækkandi hlutabréfaverði flugfélaga álfunnar en bréf í félögunum hafa fallið að meðaltali um tæp 12 prósent í verði það sem af er árinu, samkvæmt samantekt IATA. Til samanburðar hefur hlutabréfavísitalan Euronext 100 hækkað um 3,8 prósent á árinu.

## Sviptivindar leika um félögin

Íslensku flugfélögin Icelandair og WOW air hafa ekki farið varhluta af breyttum markaðsaðstæðum. Hlutabréf í fyrrnefnda félaginu hafa hríðfallið í verði á undanförnum vikum og mánuðum en stjórnendur Icelandair Group hafa tvívegis í sumar lækkað afkomuspá félagsins fyrir árið, um 30 prósent í hvort skipti. Sagði forstjórinn, Björgólfur Jóhannsson, starfi sínu lausu í kjölfar síðari afkomuviðvörunarinnar á mánudag.

Alls tapaði ferðaþjónustufélagið 6,3 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins en væntingar stjórnenda þess um að kostnaðarhækkanir myndu skila sér í formi hærri meðalfargjalda hafa hingað til ekki gengið eftir.

Þá leitar WOW air, með liðsinni norska verðbréfafyrirtækisins Pareto, aukins fjármagns og hyggst afla sér allt að 12 milljarða króna með sölu skuldabréfs til evrópskra fjárfesta. Er skuldabréfaútgáfan hugsuð sem brúarfjármögnun fram að áformuðu útboði WOW air innan 18 mánaða. Rekstrartap flugfélagsins nam ríflega 4,8 milljörðum króna á tímabilinu júlí 2017 til júní 2018 en tapið var um 1,4 milljarðar króna allt árið í fyrra. Skúli Mogensen, forstjóri og stofnandi WOW air, sagði í viðtali við Markaðinn í síðustu viku að til langs tíma væri „æskilegt“ að efla eiginfjárstöðu flugfélagsins en eiginfjárhlutfall þess var tæplega 5 prósent í lok júní.

### Svona hyggst WOW air snúa afkomunni við á síðari helmingi þessa árs

Tekjur og kostnaður WOW air á hvern framboðinn sætiskílómetra




## Versnandi arðsemi

Samkvæmt spá greinenda Scope Ratings mun arðsemi evrópskra flugfélaga versna í ár, einkum vegna hækkandi olíuverðs. Í fyrra var EBITDAR félaganna – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði, leigu og skatta – að meðaltali 17,4 prósent af tekjum en hlutfallið var 19,3 prósent þegar það var hvað hæst árið 2015.

„Áframhaldandi hátt eldsneytisverð mun til styttri tíma skaða afkomu fluggeirans,“ skrifaði Daniel Röska, greinandi hjá eignastýringarfyrirtækinu Bernstein, í bréfi til viðskiptavina í sumar en hann telur að aukinn olíukostnaður geti dregið úr afkomu evrópskra flugfélaga sem nemur allt að þremur milljörðum evra, jafnvirði 370 milljarða króna, á þessu ári.

Flugfélög nutu meðbyrs á árunum 2015 og 2016 vegna sögulega lágs olíuverðs og ódýrs lánsfjár á fjármálamörkuðum en greinendur Scope Ratings benda á að á þessum tíma hafi mörg veikburða flugfélög fengið ríkulegt svigrúm til þess að skjóta styrkari stoðum undir rekstur sinn. Það svigrúm sé hins vegar ekki lengur fyrir hendi.

Eftir miklar hækkanir á olíuverði síðustu ár er olíukostnaður nú orðinn stærsti kostnaðarliður flugfélaga og vegur að jafnaði um 25 prósent af rekstrarkostnaði félaganna, að sögn IATA. Í greiningu Scope Ratings er hins vegar bent á að vegna stóraukins framboðs og „vægðarlausrar“ samkeppni, sér í lagi í flugi yfir Atlantshafið, hafi flugfélög ekki getað velt olíuverðshækkununum „með fljótlegum hætti“ út í flugfargjöld. Gjöldin hafi af þeim sökum haldist afar lág. „Þessi mikla samkeppni, sem og áform stóru flugfélaganna um að auka markaðshlutdeild sína, gerir félögunum nær ómögulegt að velta kostnaðinum út verðlag,“ segir í greiningunni.

Þau flugfélög sem nýttu tímabil lágs olíuverðs til þess að skuldsetja sig til að stækka flugflotann eru sérstaklega berskjölduð gagnvart kostnaðarhækkunum, að mati sérfræðinganna. Skuldsetningin komi nú í bakið á þeim. Benda þeir meðal annars á versnandi fjárhagsstöðu Norwegian Air máli sínu til stuðnings en norska lággjaldafélagið þurfti fyrr á árinu að grípa til þeirra ráða að afla aukins hlutafjár og selja

> **Margir stjórnendur flugfélaga vonuðust eftir því að fargjöldin myndu hækka á þessu ári en það hefur ekki orðið raunin hingað til.**
>
> Sigurður Örn Karlsson, greinandi hjá IFS

# Fólk

MIÐVIKUDAGUR 29. ÁGÚST 2018

## Parket



# Spennandi nýtt parket

Birgisson býður fjölbreytt úrval gólfefna og hefur nú hafið sölu á nýrri parkettegund sem sameinar kosti harðparkets og viðarparkets. Marmaraflísar eru á stöðugri uppleið og fást í fjölbreyttum stærðum. →2

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.





Vinsælustu marmaraflísarnar eru með skandinavísku ívafi, gráleitur marmari með ljósum æðum eða ljós marmari með gráleitum æðum.

Hjá Birgisson sérhæfum við okkur í sölu gólfefna og hurða, en eins býður fyrirtækið upp á sérhæfðari vörur eins og t.d. kerfisloft, borðplötur og utanhússklæðningar," segir Þórarinn Gunnar Birgisson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og segir einnig ýmsar spennandi nýjungar í vöruúrvalinu.

Birgisson hefur hafið sölu á spennandi viðarparketi frá sænska fyrirtækinu Bjelin. „Hér mætast kostir harðparkets og viðarparkets í nýrri vörutegund. Efnið kallast woodura og er harðara og umhverfisvænna parket sökum nýrrar framleiðslutækni," segir Þórarinn. „Við erum að tala um ekta viðaráferð og enn meiri hörku en þekkist í harðparketinu. Þessar vörur munum við bjóða upp á í extra breiðum plönkum, frá 223 mm til 283 mm og og lengdin 240 mm, bæði vaxolíuborið og matt lakkað."

Þá hefur Birgisson einnig aukið úrvalið á flísum. „Undanfarna mánuði höfum við verið að endurbæta sýningarsal okkar og taka inn nýjar vörur," heldur Þórarinn áfram. „Jarðlitirnir eru enn allsráðandi, brúngráir litir og frá ljósgráum tónum yfir í dökkgráa. Enn eru 30x60 cm og 60x60 cm vinsælasta stærðin en við finnum fyrir aukinni eftirspurn eftir stærri flísum." Hann segir flísar fara stöðugt stækkandi og gæðin aukast samhliða. „Það sem áður þótti stór flís í stærðinni 60x60 cm, þykir alls ekki stór í dag. Talsverð ásókn hefur verið í enn stærri flísar, eins og t.d. 80x80 cm og 60x120 cm, og við sjáum nú aukna eftirspurn eftir stærri flísum á veggi, til að mynda plötur allt að stærðinni 160x320 cm."



Íslendingar eru að uppgötva töfra marmarans og Birgisson býður marmaraflísar í öllum mögulegum stærðum sem henta í flest rými.



Nýja woodura parketið frá sænska fyrirtækinu Bjelin fæst í óvenju breiðum plönkum. Einstaklega harðgert og fæst bæði vaxolíuborið og lakkað matt.

> Efnið í parketinu kallast woodura og er harðara og umhverfisvænna parket sökum nýrrar framleislutækni

Þórarinn segir augljóst að Íslendingar séu í ríkari mæli að opna augun fyrir tímalausri fegurð marmara. „Hjá okkur fæst mikið úrval marmaraflísa sem eru fáanlegar í öllum mögulegum stærðum. Það sem er vinsælast hjá okkur í marmaraflísunum er með skandinavísku ívafi, gráleitur marmari með ljósum æðum eða ljós marmari með gráleitum æðum. Mjög flott er til dæmis að blanda saman köldum gráum tónum á gólfum við elegant Calacatta marmaraflísar á veggi í baðherbergjum eða gráleitar Amani Bronze marmaraflísar á gólf og veggi, útkoman er einstaklega falleg."

Í dag býður Birgisson upp á þrjár týpur af marmaraflísum á lager í 80x80 cm og lítið mál er að panta aðrar stærðir og tegundir. „Líttu við í Ármúlanum, það borgar sig," segir Þórarinn að lokum en þessa dagana standa yfir útsölu- og tilboðsdagar hjá Birgisson og því tilvalið að líta við og skoða úrvalið og tilboðin í glæsilegum sýningarsal í Ármúla 8.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,




Egill Björnsson aðstoðarrekstrarstjóri segir að Húsasmiðjan hafi bætt mikið við úrvalið af gólfefnum hjá sér síðustu misseri. MYNDIR/ANTON BRINK

# Franskt harðparket slær í gegn

Húsasmiðjan býður upp á frábært úrval af parketi og gólfefnum. Nýtt franskt harðparket frá Alsapan hefur algjörlega slegið í gegn og er nú langsöluhæsta parketið, enda er þetta hágæða parket sem er á ótrúlega góðu verði.

Húsasmiðjan hefur unnið að því á síðustu misserum að auka vöruúrval sitt í parketi og öðrum gólfefnum og úrvalið hefur sjaldan verið betra, sérstaklega í harðparketi,“ segir Egill Björnsson, aðstoðarrekstrarstjóri. „Aðalframleiðendur okkar í harðparketi eru Kaindl frá Austurríki, Eurohome frá Þýskalandi og Alsapan frá Frakklandi, en það er okkar nýjasti framleiðandi og við byrjuðum að vinna saman fyrir ári. Alsapan hefur framleitt harðparket frá 1995 og það hefur algjörlega slegið í gegn hjá okkur og er orðið langsöluhæsta parketið, enda er þetta vönduð framleiðsla á frábæru verði.“

### Hágæða harðparket á hagstæðu verði

„Tólf mm þykka efnið frá Alsapan er með AC6 rispuvörn og í slitflokki 23/33, fasað á fjórum hliðum og með vatnsvörn í samsetningarraufinni. Þetta er einmitt það sem gerir harðparketið frá þeim að hágæðavöru. Læsingin er 5G, sem er sérlega þægileg í lögn,“ segir Egill. „Svo er átta mm þykka efnið með rispuvörn AC5 og í slitflokki 23/33, fasað á fjórum hliðum og með G5 læsingu, rétt eins og 12 mm efnið.

Í stuttu máli sagt erum við að bjóða harðparket í hæsta gæðaflokki á verði sem hefur varla sést hérlendis áður,“ segir Egill. „ Auk þess er parketið mjög fallegt og til í mörgum útgáfum.“



Alsapan harðparketið er með öfluga AC6 rispuvörn og þolir álag vel.

> Í stuttu máli sagt erum við að bjóða harðparket í hæsta gæðaflokki á verði sem hefur varla sést hérlendis áður.

### Úrval af vönduðu viðarparketi

„Við bjóðum að sjálfsögðu líka upp á úrval af viðarparketi. Við höfum lengi boðið upp á viðarparket frá pólska framleiðandanum Barlinek og við erum líka með viðarparket frá Tarkett frá Svíþjóð,“ segir Egill. „Það er mest beðið um eik í viðarparketinu og við erum bæði með mismunandi útlit og áferðir í boði til að velja úr.“



Franska harðparketið frá Alsapan hefur slegið í gegn hér á landi.

### Alls kyns nýjungar í boði

„Auk þessara hefðbundnu gólfefna bjóðum við líka upp á alls kyns nýjungar. Við bjóðum til dæmis upp á nýjungar Frá Kaindl, eins og háglans áferð á harðparketi sem viðskiptavinir okkar hafa keypt bæði á gólf og veggi og spónlagt HDF efni, sem gefur mjög fallega og náttúrulega áferð,“ segir Egill. „Svo erum við líka með vínylparket frá sama framleiðanda. Það er fjögurra mm þykkt og í slitflokki 34. Vínylparket er vara sem hefur verið að ryðja sér til rúms á íslenskum markaði, en þetta er efni sem er auðvelt að leggja og má setja inn á baðherbergi og svipuð votrými.

Við bjóðum líka enn aðra nýjung í verslunum okkar í Skútuvogi, Akureyri og á Egilsstöðum,“ segir Egill. „Það eru stórar og fallegar teppamottur sem henta vel í stofur eða svefnherbergi á parket og flísar.“

Mesta úrvalið er í versluninni í Skútuvogi, en allar verslanir Húsasmiðjunnar bjóða upp á gott úrval. Það er líka hægt að skoða og kaupa allt parketið í vefverslun Húsasmiðjunnar, www.husa.is.




Arnar Rafn Birgisson er framkvæmdastjóri Kjaran. Hér er hann með sýnishorn af Allura vínylparketi sem er ofursterkt gólfefni sem rispast síður, þolir vel raka og bleytu, er með frábæra hljóðdempun og þarf aldrei að pússa né lakka. MYND/ ANTON BRINK

# Engar áhyggjur á undurfögru gólfi



Glæsilegt vínylparket sem lagt hefur verið í fléttumunstri.

Gólfefnin frá Kjaran eiga sér engan líka. Þau tryggja glæsilegt yfirbragð, einstaka hljóðvist, ljúfa mýkt og dugandi lausnir sem henta jafnt litlum rýmum sem stórum; til heimilisbrúks, í skóla, fyrirtæki og stofnanir.

### Marmoleum Click – eins og þú vilt

„Við bjóðum upp á tvenns konar parket; Marmoleum Click og Allura vínylparket," segir Arnar Rafn Birgisson, framkvæmdastjóri Kjaran sem býður upp á glæsilegt úrval gólfefna.

„Marmoleum Click er 100 prósent náttúrulegt smelluparket úr linoleum og með áföstu hljóðdempandi korkundirlagi sem stuðlar að heilnæmu og hlýlegu umhverfi," útskýrir Arnar.

„Möguleikar á mynstrum og útfærslum gera húseigendum kleift að skapa eigið yfirbragð og blæ, og er litapallettan allt frá sandbrúnu og steingráu, eins og flotmúr sem passar vel við upplífgandi og glaðlega liti."

### Leggið og gangið!

Allura vínylparket má leggja fljótandi ofan á gólfdúk, parket, flísar eða bara stein- og trégólf.

„Vínylparket er ofursterkt gólfefni," segir Arnar. „Það rispast síður, þolir vel raka og bleytu, og það þarf aldrei að pússa né lakka. Í samanburði við annað parket

> Með vínylparketi verða allar áhyggjur af rispum og skemmdum óþarfar. Það er einfalt að leggja og má ganga á strax.

hefur vínylparket einnig mjög góða hljóðdempun."

Vínylparket er framleitt sem smelluparket en í Kjaran fæst einnig úrval vínylparkets sem er lauslagt.

„Þá eru plankarnir með þykku undirlagi sem gefur allt að 20dB hjóðeinangrun og einstaka mýkt undir fæti," segir Arnar.

„Með vínylparketi verða allar áhyggjur af rispum eða skemmdum óþarfar. Það er einfalt að leggja og má ganga á strax. Valið er svo hvers og eins því lauslagt vínylparket er einnig fáanlegt í flísum sem






Bleyta og óhreinindi eftir mikinn umgang og misjöfn veður heyra sögunni til með nýju dyra- og hreinsimottunum frá Coral.

má annað hvort lausleggja, líma með sleppilími eða á hefðbundinn hátt að vali kaupanda."

## Spennandi nýjung

Kjaran kynnir þessa dagana spennandi nýjung í gólfefnum, en það eru dyra- og hreinsimottur frá Coral.

„Coral framleiðir öflugar dyramottur sem áður þurfti að sérframleiða, sníða til úr rúlluefni eða samsettum einingum," upplýsir Arnar um kærkominn möguleika í gólfefnum.

„Við bjóðum mottur í stöðluðum flísum í stærðunum 50x50 sentimetrar. Flísarnar fást í mörgum litum og gerðum, sem mottuefni eingöngu eða felldar niður í sérstakan opinn eða samfelldan grunn. Allt fer það eftir óskum um hreinsieiginleika og með tilliti til notkunar við heimili, fjölbýlishús, hótel eða enn stærri byggingar."

Kjaran er í Síðumúla 12-14. Sími 510 5500. Sjón er sögu ríkari í glæsilegum sýningarsal Kjaran og á heimasíðunni kjaran.is.



Nýju Coral Click dyra- og hreinsimotturnar koma í flísum sem auðvelt er að smella saman og hægt er að útbúa í hvaða stærð sem er með einföldum hætti. Þær fást í mörgum litum og gerðum.



Allura vínylparket er níðsterkt, einkar glæsilegt og hentar jafnt á heimili sem í atvinnuhúsnæði.

# Parketflísar sameina eiginleika parkets og flísa

**Parketflísar eiga vaxandi vinsældum að fagna. Þær hafa áferð og hlýlegt útlit parkets en styrk flísa. Þær þola mikinn ágang auk bleytu og upplitast ekki. Parketflísar leiða gólfhita betur en venjulegt parket.**




Hafsteinn Árnason, markaðsstjóri Víddar í Bæjarlind 4, segir parketflísar endast mun lengur en hefðbundið parket.

Parketflísar hafa verið á íslenskum markaði undanfarin ár og njóta vaxandi vinsælda," segir Hafsteinn Árnason, markaðsstjóri Víddar í Bæjarlind 4. Vídd býður flísar og flísaparket í miklu úrvali, allt með áherslu á hámarks endingu.

„Parketflísar hafa áferð og útlit parkets en hlýleika viðar. Styrkleiki parketflísa er margfaldur á við viðargólf. Flísaparket þolir að auki bleytu og mikinn ágang rétt eins og flísar," lýsir hann.

Hafsteinn segir einn helsta kost parketflísa vera þann að þær gulni ekki eða upplitist með tímanum eins og hefðbundið parket gerir. „Ef þú kaupir parketflísar með eikarútliti helst sá litur óbreyttur um áratugi," segir hann. „Þó flísarnar séu heldur dýrari en venjulegt parket borgar sig oft að nota þær vegna endingarinnar." Hafsteinn bendir á að verðið á parketflísum hafi farið lækkandi undanfarið sem hafi líka aukið vinsældir þeirra.





Hafsteinn segir einn helsta kostinn við parketflísarnar vera að þær upplitist ekki með tímanum vegna sólar.

> **Styrkleiki parketflísa er margfaldur á við viðargólf. Flísaparket þolir að auki bleytu og mikinn ágang rétt eins og flísar.**

Enn einn kostur þess að nota parketflísar umfram hefðbundið parket er að þær virka mjög vel með gólfhita. „Gólfhiti með parketflísum getur þannig skilað sér í veglegum sparnaði í orkukostnaði," að sögn Hafsteins.

Hann segir fólk leggja parketflísar á heilu húsin, stofur, eldhús og alrými sem komi frábærlega vel út. Viðbrögð viðskiptavina hafi undantekningarlaust verið afar jákvæð.

Aðferðin við lagningu parketflísa er svipuð og við venjulegar flísar. „Við mælum alltaf með að fá fagmenn í verkin," segir Hafsteinn en ráðleggur fólki að velja vandaðar kantskornar flísar. „Það þýðir að þá verður hægt að nota nettari fúgur á milli flísanna. Þannig líta flísarnar út nánast nákvæmlega eins og viðarparket af bestu gerð.

Tækninni við framleiðsluna fleygir stöðugt fram og alltaf er að koma fram nýtt útlit og áferð," segir Hafsteinn. Starfsmenn Víddar hafa meira en 25 ára reynslu í ráðgjöf til viðskiptavina, bæði einstaklinga og fagfólks, með stór og smá verk.

# Gólf sem standast tímans tönn

**Parket með Versalamynstri, Parquet Versailles, kom fyrst fram árið 1684 og má sjá það víða á glæsigólfum Versalahallarinnar í Frakklandi. Elstu gólfin eru mörg hundruð ára gömul.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Saga parketsins er rakin til fyrri hluta sautjándu aldar. Fyrsti vísirinn að parketi voru grófir viðarplankar sem lagðir voru yfir mold og grjót. Á barokktímabilinu frá 1625 til 1714 urðu viðargólf vinsæl hjá aðlinum í Frakklandi enda þóttu þau endurspegla mikinn glæsileika og ríkidæmi. Fram komu fagurlega skreytt parketmynstur en gólfþilin voru mótuð úr viðarbútum sem voru handskornir og raðað saman til að mynda flókin mynstur. Þilin voru síðan handpússuð, nudduð með sandi, lituð og fægð þar til þau glönsuðu.

Þessi flóknu og fagurlega skreyttu gólfþil voru ekki á færi nema þeirra allra ríkustu og konungbornu. Ríkari hluti almennings, kaupmenn og efri millistéttarfólk, hafði mikinn hug á að eignast gólfefni á borð við þau sem finna mátti í höllum. Því var brugðið á það ráð að mála mynstrin á viðargólfin. Ending slíkra skreytinga var þó lítil miðað við fyrirmyndina en enn þann dag í dag má finna upprunalegt Versalaparket í herbergjum þar sem lítill umgangur hefur verið.

Eitt frægasta parketmynstrið er Versalamynstrið eða Parquet Versailles sem kynnt var árið 1684. Því var ætlað að koma í stað marmaragólfa í Versalahöll. Marmaragólfin þurfti sífellt að vera að þvo en vatnið hafði slæm áhrif á sperrurnar undir gólfinu sem voru farnar að fúna. Parketið nýja þótti einnig mun glæsilegra og auk þess hlýlegra.

Versalaparketið er auðþekkjanlegt af ferningslaga þiljum sem samansettar eru úr ferhyrndum kubbum og renningum sem likt og vefast hver um annan. Í hverri þilju sem er búin til á upprunalegan máta, eiga að vera 42 tappaspor, 42 tappar og 42 bindinaglar. Allir hlutar þiljunnar eru settir saman í höndum án líms en þiljan er síðan vaxborin. Iðulega er notuð eik í slíkar þiljur en þær eru um 2 til 5 cm að þykkt.

Versalaparketið er yfirleitt lagt í skálínu yfir herbergið en upphafleg regla var sú að leggja parketið ávallt frá arninum.



Mynstur Versalaparketsins er mjög einkennandi og auðþekkjanlegt.

Versalaparketið varð gríðarlega vinsælt á nítjándu öld og var iðulega lagt í móttökusali halla, kastala og höfðingjasetra enda þótti það ómissandi skreyting. Parketið má enn sjá víða í dag, til dæmis í ýmsum sölum Versalahallarinnar. Versalamynstrið er í raun enn eftirsótt í dag. Bæði er verslað með gamlar þiljur en einnig eru framleiddar nútímaútgáfur af parketi með þessu sérstaka mynstri.



Versalaparketið má sjá víða í Versalahöll. Til dæmis í speglasalnum, Galerie des Glaces. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hugbúnaður

MIÐVIKUDAGUR 29. ÁGÚST 2018

Kynningar: Stefna, OneSystems, dk hugbúnaður



Birgir Már Guðlaugsson segir samstarf Ásbjörns Ólafssonar og Stefnu hafa gengið frábærlega vel og að starfsfólk Stefnu búi yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði netverslunar. MYND/EYÞÓR

## Ný netverslun Ásbjörns Ólafssonar frá Stefnu

Heildverslunin Ásbjörn Ólafsson innleiddi nýlega netverslun Stefnu með tengingu við Navision birgðakerfið. Birgir Már Guðlaugsson vefstjóri segir netverslunina mjög notendavæna og hafa stuðlað að auknum viðskiptum. Stefna leiddi allt ferlið með fagmennsku að leiðarljósi. ➔2



„Frá því netverslunin var opnuð höfum við markvisst unnið að því að bæta við alls konar möguleikum, viðskiptavinum okkar til hagsbóta. Í kjölfarið hafa viðskiptavinir okkar stækkað sínar pantanir, bæði með því að bæta við nýjum vörum og með svokallaðri krosssölu," segir Birgir Már. Í þessari uppsetningu vann Stefna tengingu beint við vefþjónustur sem eru fáanlegar í Navision. MYND/EYÞÓR

Framhald af forsíðu ➪

Fyrir um ári var ákveðið að stíga stórt skref innan heildverslunarinnar Ásbjörn Ólafsson og opna glæsilega netverslun. Hún var opnuð fyrir 8 mánuðum en þar geta viðskiptavinir skoðað vöruúrvalið og lagt inn pantanir þegar þeim hentar best. Byrjað var á að gera ítarlega þarfagreiningu, svo sem hvernig við vildum hafa netverslunina og hverju hún ætti að skila fyrirtækinu og viðskiptavinum þess. Leitað var tilboða frá nokkrum hugbúnaðarhúsum og þau borin saman. Stefna kom langbest út og varð því fyrir valinu. Reynsla og þekking Stefnu á þessu sviði réði þar úrslitum," segir Birgir Már Guðlaugsson, vefstjóri Ásbjörns Ólafssonar sem er með umboð fyrir fjölda heimsþekktra vörumerkja, svo sem Iittala, Södahl, Felix, Bitz, Fiskars, Sonax, Dan cake og Läkerol.

## Stefna leiddi ferlið af fagmennsku

Innan heildverslunarinnar eru þrjú sölusvið sem skiptast í neytendavörur, stóreldhúsvörur og sérvörur. Vörurnar eru seldar beint til stóreldhúsa eða verslana og fyrirtækja. „Í raun vissum við ekki mikið um netverslun áður en við fórum af stað en Stefna leiddi okkur í gegnum allt það ferli með fagmennsku að leiðarljósi. Okkur fannst mikilvægt að það kæmi skýrt fram í netversluninni hversu breitt vöruúrvalið er hjá Ásbirni Ólafssyni, eða meira en átta þúsund vörunúmer. Starfsfólk Stefnu kom með góðar hugmyndir hvað það varðar, sem var hrint í framkvæmd. Við vorum einnig með ákveðnar hugmyndir um útlitið á netversluninni og fengum tillögu að hönnun frá Stefnu sem var svo áfram unnið með," upplýsir Birgir Már.

> „Í raun vissum við ekki mikið um netverslun áður en við fórum af stað en Stefna leiddi okkur í gegnum allt það ferli með fagmennsku að leiðarljósi.

## Tenging beint við vefþjónustu

Í þessari uppsetningu vann Stefna tengingu beint við vefþjónustur sem eru fáanlegar í Navision og því ekkert millilag sem sér um að koma gögnum yfir á netið.

Birgir Már segir viðskiptavini Ásbjörns Ólafssonar hafa tekið netversluninni afar vel og mikil umferð er um síðuna. „Markmiðið var að búa til notendavæna netverslun. Viðskiptavinir okkur geta sótt upplýsingar um allar þær vörur sem við erum með á fljótlegan og auðveldan hátt. Við höfum einnig fengið góð viðbrögð frá hinum almenna neytenda sem hefur áhuga á því sem við höfum í boði," segir Birgir Már en í netverslun Ásbjörns Ólafssonar er einnig birting á viðskiptasögu hvers og eins sem netverslunarkerfi Stefnu sækir úr Navision. Hver viðskiptamaður getur því pantað vörur á fljótlegan og þægilegan hátt í samhengi við sín innkaup í gegnum tíðina.

„Með tilkomu netverslunarinnar hefur starf sölumanna okkar þróast og breyst. Í staðinn fyrir að mæta á staðinn og taka niður pantanir hafa þeir nú meiri tíma til að kynna vörurnar, gefa ráð og leita lausna fyrir viðskiptavini okkar. Það hefur líka komið okkur ánægjulega á óvart að við sjáum meiri hreyfingu á vörum sem hingað til hafa ekki verið áberandi. Viðskiptavinir okkar sjá sjálfir vörur sem við höfum ekki kynnt fyrir þeim og þeir vita að þær henta inni hjá sér," segir Birgir Már.



Í netverslun Ásbjörns Ólafssonar er birting á viðskiptasögu hvers og eins sem netverslunarkerfi Stefnu sækir úr Navision. Hver viðskiptamaður getur pantað vörur á fljótlegan hátt í samhengi við sín innkaup í gegnum tíðina. MYND/EYÞÓR

## Stærri pantanir og aukin krosssala

Netverslun Stefnu styður alla helstu eiginleika í netverslun, svo sem afbrigði af vörum, þ.e. stærðir og liti, mismunandi afsláttarmöguleika og afslátt viðskiptamanna, síun á vörum út frá eiginleikum, tengingar við greinar, umfjöllun og fréttir og tengingar við mismunandi greiðslugáttir á borð við kreditkort, PayPal og Netgíró.

„Núna er hægt að skoða úrvalið hjá Ásbirni Ólafssyni allan sólarhringinn. Við erum líka mjög ánægð með hvað netverslunin er sjálfvirk. Viðskiptavinurinn setur pöntun í okkar sölukerfi og söludeildin setur hana strax í gang," segir Birgir Már og bætir við að netverslunin sé þannig hönnuð að auðvelt sé að breyta henni. „Frá því hún var opnuð höfum við markvisst unnið að því að bæta við alls konar möguleikum, viðskiptavinum okkar til hagsbóta. Í kjölfarið hafa viðskiptavinir okkar stækkað sínar pantanir, bæði með því að bæta við nýjum vörum og með svokallaðri krosssölu. Netverslunin er þannig upp sett að hún er einnig gott auglýsingatæki fyrir Ásbjörn Ólafsson," segir Birgir og bætir við: „Stefna er mjög framarlega á þessu sviði og samstarfið hefur gengið frábærlega."

Af öðrum netverslunum úr smiðju Stefnu má nefna Smith&Norland á sminor.is, hljodfaerahusid.is, jb.is og Urta Islandica á urta.is.

Nánari upplýsingar má fá hjá Stefnu á Akureyri eða í Kópavogi í síma 464 8700 eða á www.stefna.is

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is



SYSTEMS One

# OneQuality

# Gæðakerfi
## - gæðahandbók

einfalt vinnferli við útgáfu gæðahandbóka og skjala

- Vefkerfi sem auðveldar allt aðgengi að handbókum og gæðaskjölum, hvort sem er á innri- eða ytri vef fyrirtækja og stofnana.
- Hentar fyrir allar gerðir handbóka svo sem stjórnunar-, rekstrar-, skipulags-, starfsmanna-, notenda-, gæða-, umhverfis-, neyðar- og öryggishandbóka.
- Auðveldar gerð og útgáfu gæðaskjala.
- Getur sent skjöl í rýni til gæðatengla eða annarra til samþykktar eða yfirlesturs.

**OnePortal Self-Service**



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitar-félögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

**OneRecords**



OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitar- félögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma. Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT -

# One býður hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

SYSTEMS One

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

# Öflugt félag í hálfa öld

**Ský heldur fyrsta viðburð vetrarins í upphafi næsta mánaðar þegar ráðstefnan Með puttann á púlsinum verður haldin. Félagið er 50 ára í ár og hefur árið verið afar viðburðaríkt og fjörugt.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Vetrarstarf Skýrslutæknifélags Íslands (Ský) hefst formlega 5. september með ráðstefnu á Grand hóteli sem ber heitið Með puttann á púlsinum. Ský, sem er félag einstaklinga og starfsmanna fyrirtækja og stofnana á sviði upplýsingatækni, er 50 ára í ár og hefur árið því verið óvenju viðburðaríkt að sögn Arnheiðar Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra félagsins. „Á ráðstefnunni munum við bjóða upp á marga áhugaverða fyrirlestra. Þar verður m.a. sögð áhugaverð reynslusaga um hvernig íslenskum aðila tókst að fara í gegnum öryggisvarnir hjá þekktu stórfyrirtæki en hann vinnur við að reyna að finna öryggisgöt og tryggja þannig að óprúttnir aðilar geti ekki hakkað sig inn. Einnig fáum við að heyra hvernig á að byggja gagnaver en það er ekki eins einfalt og það hljómar. Sjálfvirknivæðing er allsráðandi og einnig þurfa fyrirtæki að huga að stafrænni stefnumótun og góðri verkefnastjórnun til að vera í fararbroddi í tölvugeiranum. Þetta er meðal heitustu málanna í vetur og ekki má gleyma fjártækninni (e. fintech) sem er komin vel á veg á Íslandi. Við erum í afmælisskapi og bjóðum félagsmönnum frítt á ráðstefnuna en aðrir greiða kostnaðarverð í þetta sinn.“

## Bók og afmælisveisla

Eins og fyrr segir hefur árið verið viðburðaríkt og má þar m.a. nefna útgáfu bókar og veglega afmælisveislu. „Félagið gaf út í apríl bókina „Tölvuvæðing í hálfa öld – Upplýsingatækni á Íslandi 1964-2014“ og hefur hún fengið frábærar viðtökur. Bókin var einmitt gefin út í tilefni þess að 50 ár voru liðin frá því fyrstu vélarnar komu til landsins. Í henni er að finna viðtöl og frásagnir tölvufólks á hverju tímabili en bókin skiptist í fimm tíu ára tímabil. Það var sérstaklega gaman hvað við náðum til margra sem komu að fyrstu skrefunum við tölvuvæðingu á landinu og margar skemmtilegar frásagnir og staðreyndir koma fram í bókinni.“ Vegleg afmælisveisla var haldin 6. apríl þar sem velunnarar félagsins áttu saman góða stund, að sögn Arnheiðar. „Þar veittum við einnig UT-verðlaunin og voru verðlaunahafarnir í ár Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík. Háskólarnir fengu verðlaunin fyrir kennslu í tölvunarfræði en báðir skólarnir eru mjög framarlega á heimsvísu í þeim fræðum og voru því vel að verðlaunum komnir.“

> Á ráðstefnunni munum við bjóða upp á marga áhugaverða fyrirlestra.

## Fróðlegt dagskrá

Ýmislegt fróðlegt verður á dagskrá félagsins í vetur að sögn Arnheiðar. Hjá Ský starfa fjölmargir faghópar og setja þeir saman dagskrá vetrarins í byrjun september. „Þar verður helst um hádegisfyrirlestra að ræða en félagið stendur fyrir 2-3 hádegisviðburðum í mánuði. Vefstjóramál, öryggi, hugbúnaðargerð, fjarskipti, rafræn opinber þjónusta, menntun og fræðistörf, upplýsingatækni í heilbrigðisgeiranum ásamt rekstri tölvukerfa verða þar í fararbroddi en einnig heldur Öldungadeild Ský út góðu starfi ásamt ritnefnd og orðanefnd félagsins.“

Ský er einnig aðili að alþjóðaverkefni sem ber heitið Bebras en það er haldið í nóvember í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins sem vilja vera með, segir Arnheiður. „Markmiðið er að fá sem flesta krakka á aldrinum 6-18 ára til að leysa skemmtileg verkefni sem sett eru upp til að sýna þeim hvernig rökhugsun er notuð í forritum en við viljum að forritun verði eitt af grunnfögum sem kennd eru í skólakerfinu á Íslandi. Einnig tökum við þátt í nokkrum verkefnum með Evrópusambandi tölvufélaga og þar er mikil áhersla á að pressa á Evrópusambandið að setja forritun á sama stall og t.d. stærðfræði í námskrá. Konur í tölvugeiranum er annað verkefni sem við vinnum með Evrópusamtökunum en við viljum halda því á lofti að tölvugeirinn hentar báðum kynjum.“



„Árlega eru haldnir milli 20 og 30 viðburðir og starfa níu faghópar innan félagsins ásamt ritnefnd og orðanefnd. Ský veitir árlega Upplýsingatækniverðlaunin og á og heldur UTmessuna sem er einn af stærstu tölvuviðburðum á Íslandi,“ segir Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Skýrslutæknifélags Íslands (Ský). MYND/ERNIR

Að lokum nefnir hún UTmessuna sem er flaggskipið í starfsemi Ský en hún verður haldin í Hörpu 8. og 9. febrúar. „Þar hittist tölvugeirinn með það að markmiði að sýna hve fjölbreyttur hann er á Íslandi. Sýningarsvæði UTmessunnar hefur höfðað vel til almennings síðustu ár enda margt mjög áhugavert að gerast hjá okkur. Fram undan er því skemmtilegur tölvuvetur og siglum við vel inn í haustið.“

## Margt breyst á 50 árum

Miklar breytingar hafa orðið á hlutverki félagsins og verkefnum á hálfri öld. Skýrslutæknifélag Íslands var stofnað í apríl 1968 af framsýnu fólki að hennar sögn sem kom að fyrstu tölvunum en fyrsta alvöru tölvan kom til landsins árið 1964. „Á þeim tíma vildi fólk sem var að vinna við þessi tæki sem þá voru kallaðar skýrsluvélar, hittast og spjalla um þessa nýju tækni og úr varð að félagið var stofnað.“

Strax í upphafi voru haldin málþing og ráðstefnur og því lagður grunnurinn að því félagsstarfi sem enn lifir í dag. „Einnig hófst útgáfa tímaritsins Tölvumál fljótlega en það hefur komið út frá árinu 1976 og er eina óháða blaðið um tölvumál á Íslandi. Auk þess eru birtar vikulega greinar á vefnum sky.is um ýmis mál tengd tölvutækninni.“

Í dag er talað um Ský sem er stytting á nafni félagsins og starfsemin enn víðameiri en stofnendur félagsins sáu líklega fyrir sér segir Arnheiður. „Árlega eru haldnir milli 20 og 30 viðburðir og starfa níu faghópar innan félagsins ásamt ritnefnd og orðanefnd. Ský veitir árlega Upplýsingatækniverðlaunin og á og heldur UTmessuna sem er er einn af stærstu tölvuviðburðum á Íslandi. Allir sem vinna við eða hafa áhuga á upplýsingatækni geta verið félagar og eru nú rúmlega þúsund manns í félaginu. Auk þess eru yfir fjögur þúsund manns í tengslaneti Ský og fer ört fjölgandi.“

> Á þeim tíma vildi fólk sem var að vinna við þessi tæki sem þá voru kallaðar skýrsluvélar, hittast og spjalla um þessa nýju tækni og úr varð að félagið var stofnað.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna 5. september má finna á sky.is.

## Forritun og ráðgjöf fyrir Filemaker Pro

Margir kannast við FileMaker Pro hugbúnaðinn (filemaker.com) en hann hefur verið á markaðnum frá árinu 1990. Mikið af hugbúnaðarlausnum voru skrifaðar á sínum tíma fyrir þennan hugbúnað hér á landi sem enn eru í notkun. Þróun FileMaker hefur verið haldið áfram af fullum krafti fram á þennan dag og hefur hugbúnaðurinn aldrei verið öflugri en nú. Fislausnir hafa sérhæft sig í þessum hugbúnaði og þá aðallega í hönnun á sérlausnum þegar aðrar hugbúnaðarlausnir eru ekki til staðar, eða of dýrar í hönnun, til að anna þörfinni.
Helstu verkefni Fislausna hefur því verið nýsmíði hugbúnaðar, oftast nær til að auðvelda verkferla í fyrirtækjum og þannig náð fram verulegri hagræðingu og vinnusparnaði.

Um er að ræða hönnun á gagnagrunnum, vefþjónustum forritum fyrir iPad/iPhone svo dæmi séu tekin. Einnig hafa Fislausnir aðstoðað við að uppfæra eldri FileMaker lausnir og uppfært þær í nýjustu útgáfu.

**Hesltu verkefni:**
- Komubókhald fyrir sérfræðilækna og sálfræðinga.
- Verkbókhaldskerfið iHendi (www.ihendi.is)
- Forritun fyrir iPad og iPhone.
- Skráningarkerfi fyrir þvottahús.
- Vefþjónustutengingar við veflausnir/gagnagrunna.

**Fislausnir ehf.**
Hamraborg 10 - 200 - Kópavogur
www.fislausnir.is - Sími: 693 1043
info@fislausnir.is

Fislausnir

# Áreiðanlegur þjónustuaðili í 20 ár

**Bókhaldskerfið frá dk hugbúnaði er mjög sveigjanlegt og býður upp á sérlausnir fyrir ótal gerðir reksturs. Kerfið er áreiðanlegt og fjölbreytt, þúsundir fyrirtækja nýta það og viðskiptavinum fjölgar hratt.**



Spennandi afmælisútgáfa er væntanleg með nýju andliti og viðmóti á bókhaldshugbúnaði dk. MYNDIR/ANTON BRINK

Fyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja. Fyrirtækið verður 20 ára í nóvember og starfsemin hefur farið ört vaxandi undanfarin ár. Í dag vinna 59 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

„Rúmlega 6.000 fyrirtæki nýta sér viðskiptahugbúnað dk og þeim fjölgar um 500 á hverju ári,“ segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni.



**Rúmlega 6.000 fyrirtæki nýta sér viðskiptahugbúnað dk og þeim fjölgar um 500 á hverju ári.**

## Margar sérlausnir

„Kerfið okkar er mjög sveigjanlegt, en takmarkaðir notkunarmöguleikar eru veikleiki margra bókhaldskerfa á íslenska markaðnum og oft er ekki hægt að laga hugbúnaðinn að sérþörfum fyrirtækja,“ segir Dagbjartur. „Við höfum þróað fjölda sérlausna fyrir bæði íslenskan og erlendan markað. Við erum með framtalskerfi fyrir aðila sem eru í framtalsgerð, lausnir fyrir almenn þjónustufyrirtæki eins og bókhaldsstofur, endurskoðunarstofur, lögfræðistofur og verkfræðistofur. Lausnir fyrir verslanir og veitingahús, þar sem við bjóðum margar greiðslulausnir. Hótelbókunarkerfi, veitingahúsakerfi og verslunarkerfi fyrir hótel og gististaði. Við erum líka með töluvert mikið af sérlausnum fyrir stéttarfélög, en þau eru nánast öll með dk hugbúnað,“ útskýrir Dagbjartur.

dk hugbúnaður býður einnig upp á sérlausnir fyrir bændur og alla aðila í búrekstri sem heitir dkBúbót.

„Hún gerir bændum kleift að vera með margvíslegan rekstur, ferðaþjónustu og alls konar aukabúskap eins og sölu veiðileyfa, gröfurekstur, skólaakstur og leigu á vélum og tækjum, í viðbót við hefðbundinn búskap. Svo höfum við líka sérlausnir fyrir útgerðir varðandi aflauppgjör og sjómannalaun,“ segir Dagbjartur.

## Afmælisútgáfa væntanleg

„Það er ýmislegt að breytast í bókhaldskerfinu,“ segir Dagbjartur. „Stefnan er að koma með veglega afmælisútgáfu seinnipartinn á árinu. Þá kynnum við betur þessar nýjungar í kringum snjalltækin og veflausnir. Það verður líka nýtt andlit á hugbúnaðinum. Viðmótið breytist örlítið og einhverjar vinnslur færast í nýrri búning, en margar vinnslur hafa verið að færast í nýrri búning hjá okkur nýlega og við ætlum að klára það endanlega í þessari afmælisútgáfu.“





VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2018
Framúrskarandi fyrirtæki 2017
2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

dk hugbúnaður

# Hugbúnaðurinn sem eykur hamingju og bætir tengsl

Nútíma samskiptavenjur valda mörgum vanlíðan og einmanaleiki virðist vera að aukast. En tæknin þarf ekki að láta okkur líða illa og með réttri notkun getur hugbúnaður minnkað einmanaleika og einangrun, ekki síst hjá eldra fólki, sem er oft meira einangrað en þeir sem yngri eru.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Einmanaleiki er stórt og vaxandi vandamál á Vesturlöndum, þó við séum tengdari en nokkru sinni áður í gegnum internetið. Sumir vilja kenna internetinu og samfélagsmiðlum um og það eru vissulega til rannsóknir sem sýna fram á neikvæð áhrif samfélagsmiðlanotkunar á geðheilsu. En samskiptatæknin veldur ekki einmanaleika ein og sér og samskiptahugbúnaður getur komið mörgum að miklu gagni til að aflétta honum og minnka einangrun.

Niðurstöður rannsókna stangast á þegar kemur að áhrifum samfélagsmiðla á heilsu okkar. Margar hafa tengt aukna notkun samfélagsmiðla við verri líðan, en aðrar hafa komist að þveröfugri niðurstöðu og segja að samfélagsmiðlanotkun bæti tengsl fólks við aðra.

Tæknin þarf ekki að láta okkur líða illa, heldur getur hún þjónað okkur og gert okkur hamingjusamari. Það sem skiptir öllu máli er hvernig við nýtum hana.

### Margar leiðir til að tengjast

Í fyrsta lagi eru til alls kyns snjallsímaforrit sem hjálpa fólki að tengjast öðrum. Það frægasta er líklega Tinder, en notendur nota það á fjölbreyttan hátt til að hitta annað fólk. En Tinder er aðallega notað til skyndikynna og það eru til ýmis önnur forrit sem eru sérstaklega ætluð til að hjálpa fólki að eignast vini.

Samfélagsmiðlar geta líka komið að gríðarlegu gagni við að tengja fólk saman á ýmsan hátt, séu þeir notaðir rétt. Þeir geta líka komið að miklu gagni við að hjálpa fólki að finna aðra með sameiginleg áhugasvið eða viðhorf og það sama gildir um ýmis stafræn samfélög og spjallborð á ýmsum vefsíðum. Gömlu góðu spjallborðin hafa hjálpað fólki að finna aðra með svipað hugarfar síðan fólk þurfti að velja milli símatengingar og internettengingar.

Þetta kemur að sérstaklega miklu gagni fyrir fólk sem tilheyrir einhvers konar minnihlutahópum, sérstaklega ef það kemur úr litlu samfélagi. Hinsegin einstaklingur frá smábæ getur til dæmis fundið gríðarlegan stuðning á internetinu, þótt hann sé stundum takmarkaður í nærumhverfinu.



Eldra fólk getur grætt hvað mest á því að nota samskiptahugbúnað. NORDICPHOTOS/GETTY

### Eldra fólk getur grætt mest

Einmanaleiki er stærra vandamál hjá eldra fólki en yngra, meðal annars af því að þau eldri eru líklegri til að glíma við líkamlegar takmarkanir sem koma í veg fyrir að þau fari úr húsi og blandi geði að vild. Þetta fólk getur grætt mjög mikið á að nýta samskiptatækni til hins ýtrasta, en gerir það oft alls ekki. Þetta fólk er ekki að valda sér vanlíðan með því að misnota samskiptamiðla, heldur líður því illa vegna einmanaleika, sem samskiptatæknin gæti bætt úr.

Það er reyndar deilt um áhrif tækniþróunar á einmanaleika eldra fólks. Sumir vilja meina að aukin notkun á nýjustu tækni valdi því að eldra fólk sé skilið út undan í auknum mæli, en aðrir benda á að þessi tækni geti komið að miklu gagni til að hjálpa því að viðhalda tengslum við aðra. En ef eldra fólk yrði duglegra að nota samskiptahugbúnað gæti það dregið úr því að það sé skilið út undan og um leið hjálpað því að hafa aukin samskipti við ástvini sína.

> Með því að koma þessum hugbúnaði í almennari notkun meðal eldra fólks væri hugsanlega hægt að draga úr einangrun margra.

Forrit eins og Skype og FaceTime, sem leyfa myndbandsspjall, eru afar aðgengileg, einföld í notkun og ódýr. En samt sem áður notar eldra fólk þessi forrit almennt lítið. Ef það væri hægt að koma þessum hugbúnaði í almennari notkun meðal eldra fólks væri hugsanlega hægt að draga verulega úr einangrun margra.

Hugbúnaður er almennt hvorki himnasending né bölvun, heldur verkfæri sem er bæði hægt að nota rétt og misnota. Ef við notum samskiptahugbúnað í staðinn fyrir að hittast erum við að tapa, en ef við notum hann til að hafa samskipti við aðra sem við gátum ekki haft áður græðum við.



Það er oft talað um skaðsemi misnotkunar samfélagsmiðla, en samskiptahugbúnaður getur líka minnkað einmanaleika og aukið hamingju.

ZEBRA



Einfaldar og sveigjanlegar handtölvulausnir



**Nútíma vinnuumhverfi krefst nútíma tækni. Edico býður upp á handtölvulausnir sem vinna með öllum nýjustu snjalltækjum.**

Edico Handheld er hugbúnaður þróaður af Edico með einfaldleika og sveigjanleika í fyrirrúmi. Edico Handheld er notað meðal stærstu fyrirtækja á Íslandi til að auka afköst og skilvirkni í nútíma rekstri. Edico Handheld virkar best á nýjar handtölvur með Android stýrkerfi eins og frá Zebra.

**Dæmi um notkun á Edico Handheld handtölvulausn:**

> Vörutalning
> Vörumóttaka
> Birgðaskráning
> Sölutiltekt
> Söluafhending
> Uppfletting á vörum

EDICO
edico.is

Höfðabakki 3 / 110 Reykjavík / contact@edico.is / s: 571 8500

# Áhersla á rekjanleika, öryggi og gagnsæi í stjórnsýslunni

**OneSystems er íslenskt fyrirtæki sem hefur þróað rafrænar lausnir fyrir einkaaðila, opinbera aðila og sveitarstjórnir en kerfið er notað í flestum sveitarfélögum landsins.**




Ingimar Arndal er framkvæmdastjóri OneSystems og eru kerfi frá fyrirtækinu notuð í flestöllum sveitarfélögum.



Starfsmenn í hugbúnaðarþróunardeild OneSystems sem er íslenskt fyrirtæki sem þróar íslenskan hugbúnað fyrir íslenskar aðstæður. MYND/EYÞÓR

Ingimar Arndal er framkvæmdastjóri OneSystems sem sérhæfir sig í þróun rafrænna vef-, skjala- og málalausna fyrir opinbera aðila. Fyrirtækið hefur verið starfandi í 16 ár eða síðan 2002 og meðal ánægðra viðskiptavina má nefna helstu sveitarfélög landsins og margar af stærri ríkisstofnunum, en einnig eru mörg einkafyrirtæki búin að taka One kerfi í notkun. Lausnirnar taka sérstakt mið af því að tryggja öryggi gagna viðskiptavinarins og sérstök áhersla er á að þróa kerfin þannig að þau vinni vel með „GDPR“ – nýjum persónuverndarlögum sem tóku gildi nýverið.

## Íslenskt fyrirtæki, íslenskur hugbúnaður

„OneSystems er íslenskt fyrirtæki sem þróar íslenskan hugbúnað fyrir íslenskar aðstæður og þróar hann á Íslandi,“ segir Ingimar sem hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra fyrirtækisins síðan 2002. „Nú þegar eru OneSystems kerfi notuð í flestum sveitarfélögum um allt land og í fjölda fyrirtækja og stofnana, bæði í opinberri eigu og einkareknum.“ Hann segir starfsmenn OneSystems nota nýjustu forritunartækni ásamt tengingum við önnur tækniumhverfi til að byggja heildstæðar lausnir fyrir viðskiptavini. „Við bjóðum upplýsingatæknilausnir sem bæta og efla starfsemi okkar viðskiptavina og auka skilvirkni og framleiðni,“ segir Ingimar og bætir við: „OneSystems stefnir að því að viðskiptavinir og notendur kerfanna geti verið að mestu sjálfbjarga með daglegan rekstur á kerfunum, svo sem að stilla upp ferlum, verkum og sniðum að bréfum, vefeyðublöðum og svo framvegis.“

## 70 kerfishlutar

Starfsmenn OneSystems búa yfir mikilli reynslu í gerð hugbúnaðarlausna fyrir opinbera stjórnsýslu. „OneSystems hefur fram að færa allt að 70 mismunandi kerfiseiningar sem hægt er að raða saman allt eftir þörfum viðskiptavinarins og með það að markmiði að lausnin henti flestum fyrirtækjum og stofnunum. Það er auðvelt og fljótlegt að laga One kerfin að þörfum viðskiptavinarins.“

Ingimar segir helstu kosti One kerfanna vera þægilegt og einfalt notandaviðmót. „Svo má líka nefna hluti eins og léttan biðlara, hraða, öflugar aðgangsstýringar og gagnaöryggi,“ segir hann „Árangur OneSystems byggir á náinni samvinnu starfsmanna og góðu sambandi við viðskiptavini fyrirtækisins. OneSystems einsetur sér að veita góða þjónustu enda hefur fyrirtækið á að skipa fólki sem býr yfir þekkingu sem er einstök og best gerist á þessu sviði.“

## Róbótar og sjálfvirkni, allt að 40% vinnusparnaður

OneSystems hefur nýlega tekið upp spennandi nýjung til að bæta enn meiri skilvirkni og sjálfvirkni í opinbera stjórnsýslu. „OneSystem hefur undanfarin ár þróað lausnir í sjálfvirkni svo sem „róbótalausnir“ þar sem sjálfvirkni í stjórnsýslunni kemur í stað handavinnu við mál, skjöl og erindi,“ segir Ingimar. „Slíkar lausnir geta sparað allt að 40% af vinnu starfsmanna við umsýslu við skjöl, mál, erindi og umsóknir, þannig að í stað þess að vinna við skönnun opinbera skjala, er starfsmaðurinn kominn meira í eftirlitshlutverk þegar kemur að skjalavinnslu og þannig sparast mikill tími og vinna.“

## Samþætting hugbúnaðarkerfa og nýjasta forritunartækni

Hugbúnaður OneSystems er hannaður með nýjustu forritunartækni til þess að keyra auðveldlega með helstu uppsetningum, hugbúnaði og stöðlum. „Með nýjustu tækni geta hugbúnaðareiningar OneSystems átt samskipti við hugbúnað frá þriðja aðila í gegnum internetið. Við byggjum lausnir okkar ofan á Microsoft Windows miðlara, Microsoft SQL gagnagrunn og vafra fyrir viðmót kerfanna,“ segir Ingimar og bætir við: „Við sérhæfum okkur í hlutbundnum, stækkanlegum alhliða lausnum. Kerfin nota „Single Logon“ IWA – Integrated Windows Authentication til auðkenningar og innskráningar. Auk þess vinna kerfin mjög vel á móti Microsoft Office, Outlook, Word og Excel.“

> **OneSystems er íslenskt fyrirtæki sem þróar íslenskan hugbúnað fyrir íslenskar aðstæður og þróar hann á Íslandi.**

Meðal sérkerfa sem OneSystems býður upp á eru til dæmis OneLand – byggingafulltrúakerfi sem auðveldar byggingafulltrúaembættum hjá sveitarfélögum og stjórnendum þeirra að halda utan um þau mál sem eru í gangi á hverjum tíma ásamt því að halda fullu öryggi á einstökum skjölum. Ferlar fara í fast, fyrirframákveðið og öruggt ferli til að tryggja sem best rekjanleika og skilvirkni, þannig kemur kerfið á rekjanlegu gæðaferli með sjálfvirkum hætti. OneRecords – mála- og skjalakerfi sem hjálpar fyrirtækjum og stofnunum við að uppfylla nýjar kröfur um skjalastjórnun og er öflug lausn fyrir fyrirtæki og stjórnendur þeirra. OneQuality gæðahandbókarkerfið tryggir að verklag og verkerlar séu ávallt til taks við framkvæmd ferla í stjórnsýslunni.

## Smíði vefumsókna án forritunarkunnáttu

Þá má einnig nefna OnePortal Selfservice vefgáttina sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólarhringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir t.d. íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sjálfa sig á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vefnum. Með eyðublaðasmið geta viðskiptavinir sjálfir búið til sín eigin umsóknareyðublöð og tengt þau við innri ferla sem viðskiptavinir geta einnig gert sjálfir.“

Ingimar bendir á að hugbúnaðarlausnir OneSystems séu sveigjanlegar og geti fallið að fyrirtækjum og stofnunum í örum vexti. „Stækkanlegar hugbúnaðarlausnir okkar hjálpa fyrirtækjum við að halda kostnaði og áhættu niðri með því að byrja smátt og stækka síðan auðveldlega eftir því sem aðstæður breytast.“

## Rafrænar fullgildar vottaðar undirritanir með farsíma

Einnig má geta þess að OneSystems hefur þróað OneSign rafræna undirskriftalausn fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru rafrænar fullgildar vottaðar undirritanir samkvæmt stöðlum og kröfum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Nánari upplýsingar um OneSystems má finna á onesystems.is

# Fyrstu tölvurnar koma til landsins

**Segja má að tölvuöld hafi byrjað hér á landi í október 1964 þegar fyrstu vélarnar bárust hingað til lands.**

Í október verða 54 ár síðan fyrstu tölvunum var skipað á land í Reykjavíkurhöfn en það voru Háskóli Íslands og Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar sem hýstu þær. Því má segja að tölvuöld hafi byrjað hér á landi við þessi tímamót.

Fyrri tölvan kom 5. október 1964 í þremur trékössum sem innihéldu vélasamstæðu sem Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurbæjar höfðu tekið á leigu hjá bandaríska fyrirtækinu IBM. Stuttu síðar, eða miðvikudaginn 14. október, var skipað upp annarri vélasamstæðu, einnig frá IBM, sem átti að fara til Háskóla Íslands. Hún vakti ekki jafn mikla athygli fjölmiðla og var aðeins getið í eins dálks frétt í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni „Rafeindareiknivél Háskólans komin til landsins“. Fátt annað var tekið fram í fréttinni annað en að vélinni hefði verið komið fyrir í hinu nýja raunvísindahúsi Háskóla Íslands.


Önnur af fyrstu tölvunum við hús Háskóla Íslands í október 1964.

Á þessum tíma fengust bæði Háskóli Íslands og SKÝRR við alls konar verkefni sem hentuðu tölvuvinnslu vel. Töldu starfsmenn að tölvurnar gætu stóraukið getu þess mannafla og skrifstofubúnaðar sem tiltækur var. Þar má nefna að bæði verkfræði- og viðskiptadeild Háskólans sinntu verkefnum þar sem tölvutækni nýttist vel auk þess sem Almanak Háskólans krafðist einnig mikilla útreikninga sem hentuðu vel fyrir tölvuvinnslu. SKÝRR hélt hins vegar utan um ýmiss konar tölfræðigögn og verslunar- og hagskýrslur.

Á þessum tíma voru nýju vélarnar reyndar ekki kallaðar tölvur heldur frekar rafeindaheili, rafeindareiknir, reikniheili, rafheili og rafreiknir enda voru þetta fyrst og fremst mjög afkastamiklar reiknivélar. Orðið tölva verður ekki til fyrr en ári síðar.

**Heimild: Saga tölvuvæðingar á Íslandi 1964-2014**


Exel-forritið er til margra hluta nytsamlegt og gott að kunna vel á það.

## Lærðu á Excel

Flestir kannast við Excel-töflureikninn enda er hann eitt vinsælasta og mest notaða tölvuforrit í heiminum. Með honum er hægt að skipuleggja stór söfn upplýsinga og setja fram á myndrænan hátt.

Ekki eru þó allir sem kunna á Excel. Sumir hafa aldrei lært á forritið en aðrir eru búnir að gleyma hvernig það virkar.

Endurmenntun Háskóla Íslands stendur fyrir stuttu námskeiði í október sem ber heitið Excel – fyrstu skrefin. Þar verður farið í grunnatriði þessa vinsæla forrits.

Eftir námskeiðið ætti fólk að vita út á hvað Excel gengur og geta nýtt sér grunnatriði þess. Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa ekkert unnið á Excel en vilja kynnast og taka fyrstu skrefin.


Hugtakið „bug“ í tölvum er tilkomið vegna flugu sem gerði usla í tölvu.

## Padda í tölvunni

Hvers vegna skyldi vera talað um pöddu (e. bug) í tölvum þegar þrálát villa eða bilun verður í tölvubúnaði? Jú, vegna þess að alvöru mölfluga olli usla á milli rafliða í Harvard Mark II-tölvu þann 7. september 1947. Í þá daga voru tölvur stórar og fyrirferðarmiklar og fylltu stór herbergi. Hitinn frá þeim dró að sér fljúgandi skorkvikindi sem skriðu inn í rafrásir og orsökuðu gjarnan hvimleiðar bilanir í tölvubúnaði. Hugtakið „bug“ hafði reyndar verið notað lítillega fyrir en þennan dag í september, en varð útbreitt og vinsælt eftir að hermaðurinn Grace Hopper skrifaði dagbókarfærslu um fund mölflugunnar og sá sem mölinn fann, William Burke, hélt flugunni til haga með minnisblaði um „fyrsta raunverulega tilfellið þar sem fluga fannst inni í tölvubúnaði“. Er hugtakið notað enn í dag en minnisblaðið og flugan er til varðveislu í Smithsonian-náttúrugripasafninu.






Buffalosósan gerir gæfumuninn hér.

## Samloka fyrir parketlögnina

Parketlögn er nákvæmnisverk sem getur oft tekið langan tíma. Því er afar mikilvægt að vera vel nestaður svo þau sem aðstoða við hana missi ekki dampinn og halda gleðinni út allt verkið. Góðar samlokur eru þægilegur kostur sem má útbúa jafnvel kvöldinu áður. Hér er ein afar einföld en ljúffeng uppskrift af samloku sem slær alltaf í gegn.

### Samloka með kjúklingi og buffalosósu

Fyrir 4

**2 stórar eldaðar kjúklingabringur, rifnar niður**
**⅓ bolli buffalosósa (eða önnur sterk sósa, magn fer þá eftir styrkleika sósunnar)**
**8 stórar sneiðar af cheddarosti**
**8 brauðsneiðar**
**2-3 msk. smjör við stofuhita**

Setjið rifna kjúklinginn og sósuna saman í skál og blandið saman. Smyrjið aðra hliðina á öllum brauðsneiðunum. Skiptið kjúklingnum jafnt á fjórar ósmurðar hliðar og tvær ostasneiðar yfir kjúklinginn. Lokið samlokunni með hinum fjóru brauðsneiðunum og látið smurðu hliðarnar snúa upp. Hitið samlokurnar í stóru samlokugrilli eða á góðri pönnu við miðlungs hita. Samlokurnar eru tilbúnar þegar osturinn hefur bráðnað. Það er líka gott að setja spínat eða gott salat á milli.



Klassískt og smart munstur.

## Konunglegt munstur

Fiskibeinamunstur í parketlögn þykir klassískt og smart og hefur haldið vinsældum sínum gegnum aldir. Fiskibeinamunstrið má rekja allt aftur til Rómverja sem lögðu vegi með þessu lagi til forna. Rómverjarnir uppgötvuðu að steinarnir voru frekar til friðs ef þeir lágu í akstursstefnu.

Elsta dæmið um fiskibeinamunstur í parketlögn er hins vegar að finna í sölum Fontainebleauhallar Frans fyrsta Frakklandskonungs sem reist var árið 1539. Frans fyrsti var mikill smekkmaður og fékk til þess að hanna höllina, ítalskan listamann. Sá ítalski lét leggja gólfin í höll konungs með fiskibeinamunstri og kom um leið af stað tískubylgju í parketlögn. Nú mátti engin höll né kastali vera án fiskibeinaparkets og heimili heldra fólks og ríkra í Evrópu þóttu varla fugl né fiskur nema með fiskibeinaparketi.

Það var ekki fyrr en eftir seinni heimsstyrjöld að parketgólf döluðu í vinsældum. Teppalögð gólf náðu þá yfirhöndinni í nokkra áratugi en á tíunda áratugnum urðu viðargólf og parket aftur vinsæl. Fiskibeinamunstrið þykir enn með glæsilegri munstrum í parketlögn.

tedtodd.co.uk

## Glansandi fínn gólfþvottur

- Lakkað parket þarf að sópa eða rykmoppa eftir þörfum. Þvo með mildu sápuvatni og þurrvinda moppuna því varast ber að láta vætu liggja á lökkuðu parketgólfi. Varast skal að bóna lakkað parket oft. Ef lakkið slitnar þarf að pússa upp gólfin og lakka að nýju.
- Olíu- eða vaxborið parket þarf að rykmoppa reglulega. Best er að nota grænsápu, þar til gerða parketsápu eða feita sápu því fitan mettar gólfborðin. Nauðsynlegt er að olíu- eða vaxbera gólfin reglulega því annars vilja þau þorna og verða mislit.
- Plastparket skal varast að bleyta mikið. Best er að strjúka yfir með þurri moppu eða ryksuga og nota volgt vatn og þurrka jafnóðum þegar skúrað er.
- Vínyl-gólfdúk skal sópa til að hreinsa ryk og skúra með volgu sápuvatni. Notið eingöngu vatnsuppleysanlegt bón á vínilgólfdúk.
- Línóleum er gólfdúkur unninn úr náttúrulegum efnum. Þvoið með mildri sápu, til dæmis sápuspæni eða brúnsápu. Varist að bleyta gólfdúkinn um of. Gott er að nota vatnsuppleysanlegt bón þar sem mæðir á en ekki má nota bónuppleysi á línóleum.
- Korkur er unninn úr berki eikartrjáa. Sópið hann eða ryksugið, og þvoið með vel heitu sápuvatni. Gott er að bóna með vaxbóni öðru hverju.

Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna



Það er ekki sama hvernig gólf eru þrifin því þvottaaðferð og efnisval getur verið ólíkt eftir því hvert gólfefnið er.






HAUST ÚTSALA
PARKET, FLÍSAR, HURÐIR
35-70%
AFSLÁTTUR
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is



Á undanförnum árum hefur verið í tísku að hafa dökka liti og grófleika í umhverfinu. Hér hefur verið sett glæsilegt Heywood plankaparket hjá Vox á Hilton Nordica hótelinu.

# Margir kjósa slitsterkt parket

Verslunin Parki við Dalveg í Kópavogi býður mikið úrval gólfefna fyrir heimili og fyrirtæki. Starfsfólk Parka veitir faglega ráðgjöf um val á gólfefnum og innréttingum. Mikil áhersla er lögð á vandaða vöru og gæðaþjónustu. Hjá Parka er einn stærsti sýningarsalur landsins með gólfefni.

Júlíus G. Hafsteinsson, einn eigenda Parka, segir að fyrirtækið hafi alltaf lagt mikla áherslu á gæði og góða vöru. „Við erum með gríðarlega fjölbreytt vöruúrval, hvort sem er í parketi, flísum eða innréttingum,“ segir hann. „Viðskiptavinir okkar geta komið hingað í stóran og bjartan sýningarsal, skoðað úrvalið, fengið ráðgjöf og ekið með parketið heim stuttu síðar þar sem lagerinn er hér við hliðina á okkur. „Harðparketið okkar hefur verið mjög vinsælt undanfarin ár. Harðparket þolir mun meira álag en venjulegt viðarparket. Það er stundum kallað plastparket en það getur verið erfitt fyrir fólk að sjá muninn á því og viðarparketi,“ útskýrir Júlíus. „Harðparket er bæði slitsterkt og endingargott auk þess sem það er mun ódýrara en viðarparket. Það er ekki síst þess vegna sem það hefur verið mjög vinsælt hjá ungu fólki,“ bætir hann við.

### Vínylparket þolir bleytu

„Vinsældir vínylparkets, sem er önnur gerð af parketi, eru stöðugt að aukast. Það er afar sterkt og til í óteljandi mynstrum. Það lítur út eins og viðarparket en þolir vel bleytu og álag. Vínylparket er sterkara en harðparket en það er unnið með sérstakri tækni. Ég hef tekið eftir að margt ungt fólk velur vínylparket vegna þess hversu slitsterkt það er og á hagstæðu verði. Það endist lengur en harðparket auk þess að vera mýkra en annað parket og gefur betri hljóðeinangrun,“ útskýrir Júlíus.

„Vínylparket er hægt að nota í eldhús, baðherbergi, forstofu og hvar sem er í húsinu þar sem það þolir bleytu. Vínylparket er líka til með flísaútliti fyrir þá sem vilja það frekar. Það eru margir sem velja flísaútlitið í eldhús og baðherbergi en venjulegt útlit annars staðar í íbúðinni.“



Gegnheilt viðarparket með fléttumynstri. Mikið úrval er fáanlegt hjá Parka til að velja á milli.



Hér er gegnheilt viðarparket sett saman með fallegum flísum á Hilton Nordica hótelinu. Falleg útkoma á þessum mismunandi gólfefnum.



Hægt er að velja um harðparket, vínylparket og venjulegt viðarparket hjá Parka í öllum litum og mismunandi mynstrum.

### Fleiri nýjungar

Enn ein ný tegund af parketi er nú fáanleg hjá Parka sem nefnist Modular One frá Parador. „Það er mitt á milli þess að vera harðparket og vínylparket,“ segir Júlíus og bendir á að vinnslan á því sé mikið leyndarmál hjá framleiðendum. „Þetta er mjög spennandi kostur,“ bætir hann við.

### Grófleiki í tísku

„Síðan erum við vitaskuld með gríðarlega mikið úrval af hefðbundnu viðarparketi frá viðurkenndum framleiðendum eins og Parador, Meister, Heywood og Solidfloor. Plankaparketið hefur verið vinsælt í mismunandi þykktum og mynstrum. Það fæst í ýmsum grófleika eftir smekk hvers og eins en margir hafa kosið mjög gróft plankaparket sem líkist rekaviði,“ segir Júlíus. „Þetta mikla úrval sem við bjóðum af gólfefnum er sérstaða verslunarinnar. Það er alveg sama hvað viðskiptavinurinn biður um, við reynum alltaf að uppfylla óskir. Í Parka er einn stærsti sýningarsalur landsins með gólfefni.“

### Mikið úrval

Hjá Parka er áherslan á faglega þjónustu en fyrirtækið býður upp á heildarlausnir fyrir heimili og fyrirtæki, Meðal þess er parket, harðparket, flísar, teppi, mottur, hurðir, innréttingar, veggfóður, kerfisloft og margt fleira.

Parki er við Dalveg 10-14, sími 595 0570. Mjög góð aðkoma er að húsinu. Hægt er að skoða vöruúrval á heimasíðunni parki.is. Verslunin er opin alla virka daga frá kl. 9-18.

## Bílar & Farartæki


STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**

NISSAN Micra. Árgerð 2011, ekinn 168 Þ.KM, bensín, 5 gírar. TILBOÐ 490.000. Rnr.171202.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**

TOYOTA Auris. Árgerð 2007, ekinn aðeins 124 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 880.000. Rnr.150960.



**100% LÁN**

VW Passat 2.0 Comfort. Árgerð 2005, ekinn aðeins 107 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 790.000. Rnr.150901.



**100% LÁN**

MMC Outlander. Árgerð 2005, ekinn 160 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 650.000. Rnr.150808.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



BMW 530e iperformance. Árgerð 2018, ekinn 600 KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 6.990.000. Mjög vel útbúinn Rnr.213060.



BMW X5 xdrive40e iperformance m pakki . Árgerð 2018, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. TILBOÐ 10.500.000. 1 með öllu Rnr.116416.



LAND ROVER Range rover sport hse sdv6 293 hö . Árgerð 2014, ekinn 66 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.980.000. Rnr.211931.



FORD F350 lariat ultimate fx4. Árgerð 2017, Nýr dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 7.653.000.Mjög vel útbúinn Rnr.212931.



DODGE Ram 3500 limited tungsten. Árgerð 2018, Nýr, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 7.967.000Mjög vel útbúin bill AISIN skipting. Rnr.115242.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**





## Kerrur

## Bátar






## Varahlutir







## Hlutabréf í Icelandair Group lækkuðu í kjölfar viðtalsins við Skúla

Hlutabréf í Icelandair Group lækkuðu umtalsvert í verði í síðustu viku í kjölfar þess að Skúli Mogensen, forstjóri og stofnandi helsta keppinautarins, WOW air, sagði í viðtali við Markaðinn að fyrirséður afkomubati flugfélagsins á síðari hluta ársins byggðist aðallega á auknum hliðartekjum og sölu á „Premium“-sætum. Hann sagði félagið ekki gera ráð fyrir að meðalfargjöld færu hækkandi eða olíuverð lækkandi.

Sömu skilaboð komu fram á fundum Skúla með íslenskum fjárfestum í liðinni viku þar sem skuldabréfaútgáfa félagsins var kynnt.



Sigurður Örn Karlsson, greinandi hjá IFS

Sigurður Örn segir að væntingar fjárfesta um að WOW air þyrfti að hækka flugfargjöld til þess að rétta framlegð sína af hafi breyst í kjölfar viðtalsins við Skúla. Fjárfestar horfi nú mögulega til þess að verð hækki ekki eins mikið og áður var reiknað með. Það gæti hafa birst í lækkandi hlutabréfaverði Icelandair Group.

Í viðtalinu sagðist Skúli vinna „alla daga að því markmiði okkar að lækka fargjöld og ætlum við að halda því áfram“.

Viðmælendur Markaðarins á fjármálamarkaði nefna einnig að glæra í fjárfestakynningu WOW air, sem kynnt var á umræddum fjárfestafundum, þar sem fram kom að einingakostnaður flugfélagsins væri helmingi lægri en sami kostnaður Icelandair Group, hefði átt þátt í lækkun hlutabréfa Icelandair. Glæran var síðar fjarlægð enda byggðist samanburðurinn á röngum forsendum. Var allur kostnaður samstæðu Icelandair Group, meðal annars vegna rekstrar hótela og annarra þátta sem tengjast ekki millilandaflugi, tekinn ranglega inn í jöfnuna.

Sigurður Örn telur sennilegt að Skúli muni reyna að halda verði eins lágu og kostur er og treysta þess í stað á auknar hliðartekjur. Fargjöldin fari því vart upp á við nema stóru erlendu félögin, sem stýra verðlagningu í flugi yfir hafið, eins og til dæmis Norwegian Air, ákveði að hækka sín verð.

„Miðað við hvað olíu- og launakostnaður hefur hækkað mikið undanfarið tel ég afar ólíklegt að fargjöld muni lækka frekar. Þrýstingurinn verður frekar til hækkunar. En það er erfitt að spá því hvað verður,“ segir Sigurður Örn.

## Frekari launahækkanir ógna rekstri flugfélaganna

Frekari launahækkanir í fluggeiranum gætu stefnt framtíðarrekstri íslensku flugfélaganna í hættu, að mati Gylfa Zoëga, hagfræðiprófessors og nefndarmanns í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands. Í skýrslu Gylfa um stöðu efnahagsmála, sem birt var í síðustu viku, segir að ljóst sé að hluti starfsfólks flugfélaga hafi þegar „fengið miklar launahækkanir í krafti stöðu sinnar sem hefur dregið úr samkeppnishæfni félaganna sem nú keppa við lágfargjaldafélög á leiðum frá Íslandi“.

Hann segir þessi áhrif bætast við áhrif af hækkun olíuverðs sem hafi dregið úr hagnaði flugfélaganna undanfarna mánuði.

„Of miklar launahækkanir geta því valdið verulegum rekstrarvanda hjá útflutningsfyrirtækjum og veikt gengi krónunnar sem aftur eykur verðbólgu,“ skrifar Gylfi.

Launakostnaður Icelandair Group og WOW air hefur aukist talsvert umfram tekjur félaganna síðustu misseri. Þannig var hlutfall kostnaðarins af tekjum fyrrnefnda félagsins 31,4 prósent í fyrra en 24,6 prósent árið 2015 en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr í sumar er hlutfallið umtalsvert hærra en sama hlutfall helstu keppinauta flugfélagsins í Evrópu. Til samanburðar var hlutfallið 21,6



Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor

prósent hjá norræna flugfélaginu SAS og 20,9 prósent hjá breska flugfélaginu British Airways á síðasta rekstrarári félaganna.

Þá nam launakostnaður WOW air tæplega 20 prósentum af tekjum flugfélagsins frá júlí 2017 til júní 2018 en hlutfallið var aðeins 15 prósent árið 2016. Er það nokkuð hærra en tíðkast á meðal evrópskra lággjaldaflugfélaga.

Gylfi segir í skýrslu sinni að hugsanleg verkfallsátök geti gengið nærri einstökum fyrirtækjum eins og stóru flugfélögunum tveimur og valdið miklu tjóni á eiginfé þeirra og viðskiptavild ef fella þarf niður flugferðir.

„Þótt ekki þurfi að óttast hrun eins og varð árið 2008 geta áföll í þessum geira efnahagslífsins orðið veruleg. Slík áföll myndu draga dilk á eftir sér vegna þess að mikil fjárfesting liggur í rekstri þessara fyrirtækja, skipulagningu flugleiða og allri markaðssetningu. Þessari fjárfestingu er teflt í tvísýnu ef verkfallsaðgerðir lama flug til og frá landinu,“ skrifar Gylfi.

nokkrar flugvélar til þess að bregðast við versnandi afkomu.

Hár olíukostnaður og hærri vextir gætu „ógnað“ Norwegian til skemmri tíma litið, að sögn Röska. „Ef þú átt hlutabréf í félaginu, þá verður þú að selja. Ef þú ert skortselt bréfin, skortseldu bréfin,“ segir hann. Fjölmargir fjárfestar eru sama sinnis enda hafa hlutabréf í norska félaginu löngum verið þau mest skortseldu á hlutabréfamarkaðinum í Ósló. Á meðal þeirra sem hafa veðjað á að bréfin lækki í verði er vogunarsjóður heimsþekkta auðjöfursins George Soros.

### Óvíst um þróun fargjalda

Stjórnendur evrópskra flugfélaga telja þó margir hverjir ólíklegt að flugfargjöld haldist til lengri tíma jafn lág og raun ber vitni. „Það er enginn vafi á því að fargjöld munu hækka,“ sagði Michael O'Leary, forstjóri Ryanair, í samtali við Bloomberg fyrr í sumar. „Spurningin er aðeins hvenær það gerist,“ bætti hann við. Undir þetta tók Rickard Gustafson, forstjóri SAS, í viðtali við sama miðil: „Olíuverðshækkanir munu þrýsta framlegðinni niður, ekki einungis hjá okkur, heldur í öllum fluggeiranum. Ef hækkanirnar halda áfram með þessum hætti munum við þurfa að bæta upp þennan aukna kostnað.“

Sigurður Örn bendir á að lágfargjaldaflugfélög séu hins vegar ekki á þeirri skoðun að hækka þurfi meðalverðið. Þau ætli sér að auka tekjur sínar með sölu á öðrum vörum, líkt og með innritunargjaldi fyrir töskur og vali á sætum. Þá séu mörg erlend fullþjónustuflugfélög farin að bjóða upp á lág fargjöld án fríðinda.

„JetBlue tilkynnti nýlega að það hefði hækkað verð á farangursheimildum um 15 til 20 prósent til að mæta auknum kostnaði í stað þess að breyta flugfargjaldinu. Því er óvíst hvort eða hversu miklar hækkanir verða á flugfargjöldum á næsta ári eða hvort hækkunin muni í meiri mæli koma fram í verði á farangursheimildum, sætisvali, mat og þess háttar,“ segir Sigurður Örn.

Hann nefnir að forstjóri Delta Air Lines hafi sagt í sumar að flugfélagið þyrfti að hækka verð seinna á þessu ári vegna hækkunar á olíuverði. „Talið er að flugfargjöld séu nú 25 til 35 prósent lægri frá New York til Lundúna eða Parísar en þau voru í fyrra. Lufthansa ákvað síðastliðið vor að auka vöruframboð sitt með því að laga sig að samkeppninni, það er í anda lágfargjaldaflugfélaga, og bjóða upp á lágt verð á milli Evrópu og Bandaríkjanna einungis með handfarangri og þurfa viðskiptavinir því að borga fyrir innritaðan farangur og sætaval, líkt og hjá lágfargjaldaflugfélögum,“ segir Sigurður Örn.

Fleiri flugfélög hafa fylgt í fótspor lágfargjaldaflugfélaganna, að sögn Sigurðar Arnar, og boðið upp á lægra verð án fríðinda, líkt og British Airways, Air France, American Airlines og Delta sem hefur aukið framboðið á lágfargjöldum undanfarin misseri.

### Sameiningar „óumflýjanlegar“

Greinendur Scope Ratings segja í skýrslu sinni að sameiningar á meðal evrópskra flugfélaga séu „óumflýjanlegar“ nema olíuverð lækki á ný. Spyrja megi hvort öll þau minni félög í álfunni, sem fljúga með færri en 15 milljón farþega á ári, muni geta lifað af í breyttu umhverfi eða hvort stærri félög taki þau yfir.

Samkvæmt samantekt Financial Times er samanlögð markaðshlutdeild sex stærstu flugfélaga í Evrópu aðeins 43 prósent á meðan hlutdeild sex stærstu flugfélaga Bandaríkjanna er um 90 prósent. Í fréttaskýringu blaðsins er bent á að samrunabylgja hafi á sínum tíma gengið yfir bandaríska markaðinn og ekki sé ólíklegt að slíkt hið sama gerist í Evrópu, sér í lagi ef olíukostnaður helst áfram hár. Sameiningar vestanhafs hafi leitt til þess að arðsemi bandarískra félaga sé að jafnaði mun betri en á meðal evrópskra félaga.

Sigurður Örn segir viðbúið að evrópsk flugfélög muni leita leiða til þess að sameinast og ná fram hagræðingu í rekstri. Uppstokkun sé í vændum. Hann bendir á að nokkur félög hafi sýnt Norwegian Air áhuga síðustu mánuði og þá hafi sumir stjórnendur, til dæmis forstjóri Lufthansa, talað skýrt um að frekari sameininga sé að vænta.

„Allir eru að tala við alla þessa stundina. Þetta er lítil heimsálfa,“ sagði forstjórinn, Carsten Spohr, á fundi með fjárfestum í sumar.

Michael O'Leary, forstjóri Ryanair, hefur jafnframt sagt „engan vafa“ leika á því að Evrópumarkaðurinn verði í framtíðinni byggður upp á sambærilegan hátt og sá bandaríski. „Sameiningar munu gera það að verkum að það verða fjögur eða fimm mjög stór flugfélög í Evrópu,“ segir hann. Hærra olíuverð muni „þurrka út“ veikburða félög.

Skýr merki eru um að flugfélög í álfunni séu þegar farin að huga að sameiningum. Má segja að sú þróun hafi hafist á síðasta ári í kjölfar greiðsluþrots flugfélaganna Alitalia, Monarch og Air Berlin.

Erfitt er að segja til um það, að mati Sigurðar Arnar, hvort íslensku flugfélögin séu „inni í myndinni“ hjá stærri flugfélögum. „Vissulega bjóða íslensku félögin upp á áhugaverða flugleggi sem hafa verið að koma vel út en á móti vegur til dæmis mikill kostnaður félaganna. Launakostnaður Icelandair Group hefur sem dæmi aukist verulega og vegur þungt í rekstri félagsins,“ nefnir Sigurður Örn.

TRYGGÐU ÞÉR CITROËN SENDIBÍL
Á FRÁBÆRU TILBOÐI!
ALLT AÐ 500.000 KR. AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI:

CITROËN BERLINGO STUTTUR 1,6 dísil beinsk.
VERÐLISTAVERÐ MEÐ AUKABÚNAÐI:
2.600.000 KR. MEÐ VSK.
AFSLÁTTUR 300.000 KR.
TILBOÐSVERÐ:
2.300.000 KR. M. VSK
1.854.000 KR. ÁN VSK.

CITROËN JUMPY VAN LANGUR 1,6 dísil beinsk.
VERÐLISTAVERÐ MEÐ AUKABÚNAÐI:
4.145.000 KR. MEÐ VSK.
AFSLÁTTUR 500.000 KR.
TILBOÐSVERÐ:
3.645.000 KR. M. VSK
2.939.000 KR. ÁN VSK.



Komdu og nýttu þér frábært tilboð!
Gildir til 8. sept.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bildshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

citroen.is

CITROËN

# Telja líkur á samruna þýskra bankarisa

**Innherjar á þýska fjármálamarkaðinum og hluthafar í Deutsche Bank telja líkur á að bankinn sameinist Commerzbank á endanum. Ekki sé spurning um hvort heldur hvenær. Bankarnir hafa áður átt í viðræðum um samruna sem gæti falið í sér margvíslegan ávinning.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is





Höfuðstöðvar Commerzbank í Frankfurt gnæfa yfir byggingu Deutsche í Frankfurt. Deutsche er þó stærri banki miðað við markaðsvirði. NORDICPHOTOS/GETTY

Samruni þýsku fjármálarisanna Deutsche Bank og Commerzbank er sagður tímaspursmál en Deutsche þarf þó að koma fjárfestingarbankastarfsemi sinni í lag áður en af honum getur orðið.

Financial Times greinir frá því að innherjar á þýska fjármálamarkaðinum og stórir hluthafar í Deutsche telji líklegt að fyrirtækin tvö sameinist. Með heildareignir upp á 1.900 milljarða evra yrði sameinaður banki sá þriðji stærsti í Evrópu á eftir HSBC og BNP Paribas.

Deutsche Bank hóf mikla endurskipulagningu á rekstrinum í vor, sér í lagi á fjárfestingarbankastarfseminni sem hefur átt erfitt uppdráttar. Áforma forsvarsmenn bankans að draga á næstu átján mánuðum úr kostnaði í fjárfestingarbankastarfseminni um einn milljarð evra. Er talið að ljúka þurfi þeirri endurskipulagningu svo að samruninn verði fýsilegur.

„Að slengja saman tveimur veikum mönnum skapar ekki einn heilbrigðan,“ hefur Financial Times eftir viðmælanda sem stendur nærri áhrifamiklum fjárfesti í Deutsche.

Tvær atburðarásir eru sagðar líklegar. Annars vegar að Deutsche átti sig á því að verulegur viðsnúningur á rekstrinum sé ómögulegur án sameiningar. Hins vegar að tilboð berist í Commerzbank frá erlendum keppinauti sem muni þvinga Christian Sewing forstjóra til að leggja fram tilboð.

Haft er eftir greinanda hjá Barclays að sú kostnaðarhagræðing sem samruni hefði í för með sér gæti numið tveimur milljörðum evra á ári, eða sem nemur 27 prósentum af kostnaði Commerzbank. Þannig gæti sameinað fyrirtæki náð fram níu prósenta ávöxtun á áþreifanlegu eigið fé.

Annar viðmælandi, háttsettur starfsmaður hjá alþjóðlegum banka, færir rök fyrir því að báði fjármálafyrirtækin þurfi á kostnaðarhagræðingu að halda. „Samruninn þarf að ganga í gegn fyrr en síðar,“ segir hann.

Fleira gæti verið fólgið í ávinningi af samruna bankanna en einungis kostnaðarhagræði. Deutsche hefur reitt sig um of á fjárfestingarbankastarfsemina og hefur Sewing sagst vilja efla stöðugri hluta rekstrarins



Christian Sewing, forstjóri Deutsche Bank

**90**

**þúsund munu starfa hjá Deutsche eftir uppsagnir á sjö þúsund á þessu ári.**

**Að slengja saman tveimur veikum mönnum skapar ekki einn heilbrigðan.**

Viðmælandi Financial Times.

á borð við viðskiptabankastarfsemi. Í þess konar starfsemi hefur Commerzbank þrettán milljónir viðskiptavina og auk þess hefur bankinn sterka stöðu í lánveitingum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Þá hefur sú staðreynd, að bandaríski framtakssjóðurinn Cerberus, sem hefur veitt Deutsche ráðgjöf í endurskipulagningu fyrirtækisins, hafi tekið stöðu í báðum fyrirtækjunum, knúið fram vangaveltur um mögulegan samruna.

### Róttæk endurskipulagning

Fjárhagsstaða Deutsche Bank hefur verið í sviðsljósinu en í apríl var Þjóðverjinn Christian Sewing skipaður bankastjóri. Hét hann því að flýta hagræðingu í rekstri bankans og ráðast í róttækari endurskipulagningu. Hluthafar höfðu fengið nóg af forvera hans, Bretanum John Cryan, eftir þriggja ára taprekstur.

Skömmu eftir ráðningu Sewing var tilkynnt um stórfelldar fjöldauppsagnir sem yrðu til þess að fækka starfsmönnum bankans úr 97 þúsund í 90 þúsund fyrir árslok. Mesti niðurskurðurinn verður í fjárfestingarbankastarfsemi bankans en einum af hverjum fjórum starfsmönnum í markaðsviðskiptum verður sagt upp störfum.

Þrátt fyrir að afkoma Deutsche á öðrum ársfjórðungi hafi versnað á milli ára var hún vel umfram væntingar markaðsgreinenda. Bankinn skilaði hagnaði upp á 401 milljón evra eftir skatt á fjórðungnum en að jafnaði höfðu spár gert ráð fyrir 159 milljóna evra hagnaði.

### Hafa áður átt í viðræðum

Deutsche og Commerzbank áttu í viðræðum sumarið 2016 um mögulegan samruna en niðurstaðan varð sú að hann væri ekki tímabær. Fréttastofa Bloomberg greindi síðan frá því í júní síðastliðnum að Paul Achleitner, stjórnarformaður Deutsche, hefði samkvæmt heimildum vakið máls á möguleikanum við stóra hluthafa og háttsetta embættismenn í stjórnkerfinu. Engar formlegar viðræður hafa þó enn átt sér stað síðan 2016.

Bloomberg greindi jafnframt frá því í þessum mánuði að Deutsche og Commerzbank væru í hættu á að detta út úr DAX-vísitölunni sem samanstendur af 30 stærstu fyrirtækjunum á hlutabréfamarkaðinum í Frankfurt. Talið er að greiðsluþjónustan Wirecard, sem hefur 30-faldast í virði á síðustu tíu árum, muni velta Commerzbank úr sessi þegar samsetning vísitölunnar verður tekin til endurskoðunar í september.

Er nefnt í því samhengi að markaðsvirði beggja banka hefur hrunið frá því að það náði hápunkti fyrir fjármálahrunið. Til að mynda var gengi bréfa í Deutsche 88,46 evrur á hlut í maí 2007 en það stendur nú í tæpum tíu evrum. Sömu sögu er að segja af gengi bréfa í Commerzbank sem skagaði upp í 257 evrur vorið 2007 en hefur síðan þá lækkað niður í 8,4 evrur.

## Bjartsýni í átján ára hámarki

Mælikvarði á tiltrú neytenda í Bandaríkjunum náði nærri átján ára hámarki í ágúst og fór langt fram úr spám hagfræðinga, að því er Wall Street Journal greinir frá.

Um er að ræða vísitölu sem mælir efnahagslega bjartsýni bandarískra heimila en hún hefur ekki verið hærri síðan í október árið 2000. Er hækkun vísitölunnar rakin til uppsveiflu á vinnumarkaði og hækkunar launa.

Svarendur höfðu bæði meiri trú á núverandi stöðu efnahagsmála sem og framtíðarhorfum. Þá sögðust margir huga að stórkaupum á næstu mánuðum.

„Heilt yfir mun þessi sögulega mikla bjartsýni renna stoðum undir heilbrigðan vöxt í einkaneyslu til skemmri tíma,“ segir Lynn Franco, forstöðumaður hagvísa hjá rannsóknarstofnuninni Conference Board sem heldur utan um vísitöluna.




**Bjartsýnir neytendur á götum New York-borgar.** NORDICPHOTOS/GETTY

Aukin bjartsýni á efnahagsástandið gefur hins vegar til kynna að neytendur séu fullir efasemda um að tollastríð, verðbólga eða aðrir þættir muni vega þungt í hagkerfinu á næstu misserum að mati Jims Baird, fjárfestingastjóra hjá fjármálaráðgjafarfyritækinu Plante Moran. „Það gæti komið neytendum á óvart ef þessir þættir þróast í stór vandamál.“ – tfh

## Knattspyrnumenn verjast gjaldeyrissveiflum

Knattspyrnumenn í ensku úrvalsdeildinni reyna eftir fremsta megni að verja háar tekjur sínar gegn áhrifum Brexit, að því er Financial Times greinir frá.

Yfirvofandi úrsögn Breta úr Evrópusambandinu hefur áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir leikmanna, sem og knattspyrnufélaga.

Fyrirtækið Argentex, sem sérhæfir sig í gjaldeyrisviðskiptum fyrir íþróttafélög og íþróttamenn, segir að eftirspurn eftir gjaldeyrisvörnum hafi aukist um 43 prósent frá því að kosið var um Brexit.

Þjónustan sem Argentex býður upp á er að læsa gengi gjaldmiðils í nokkra mánuði en á meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru leikmenn ríkjandi Englandsmeistara, Manchester City.

Umfang gjaldeyrisvarna hjá Argentex frá árinu 2016 nemur meira en 100 milljónum punda. Jon Goss, forstöðumaður hjá fyrirtækinu, segir í samtali við Financial Times að 70 prósent leikmanna í ensku úrvalsdeildinni séu af erlendum uppruna. Það þýði að margir sendi hluta af launum sínum til heimalandsins eða kaupi vörur og þjónustu erlendis. Það sé undirstaða eftirspurnar eftir þjónustunni.

Stór knattspyrnulið á Englandi eru varin fyrir gengissveiflum að því leytinu til að þau fá tekjur í evrum fyrir að keppa á Evrópumótum og í Bandaríkjadölum í gegnum samninga við alþjóðlega styrktaraðila. Smærri félög, sem eru með einsleitari tekjugrunna, eru hins vegar ekki jafn vel varin. Breska pundið hefur fallið um 14 prósent frá kosningunni um Brexit, þar af um þrjú prósent á síðustu þremur mánuðum.

Manchester United, ríkasta knattspyrnufélag heims, gaf út á síðasta ári að nýir leikmenn hefðu beðið um að fá greitt í evrum frekar en pundum. Þeim beiðnum var hafnað þar sem félagið hafði ekki nægar evrur til ráðstöfunar. – tfh



**Leikmaður Manchester City með sigurskjöld.** NORDICPHOTOS/GETTY

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.




**Cayenne E-Hybrid - staðalbúnaður:** Fjórhjóladrif, stillanleg fjöðrun, 8-gíra Tiptronic S sjálfskipting með skiptingu í stýri, leðurinnrétting, leiðsögukerfi með Íslandskorti, LED aðalljós, LED afturljós, 19" álfelgur með loftþrýstingsskynjurum, Sport Chrono pakki, fjarlægðarvari að framan og aftan, rafdrifin framsæti með 8 stillingum, hágæða 150w hljóðkerfi með 10 hátölurum, stafrænt mælaborð, 12" háskerpu stjórnborð með snertiskjá, skriðstillir (Cruise Control), sjálfvirk opnun/lokun á afturhlera, tvískipt sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, Porsche stöðuleikakerfi (PSM), leðurklætt Sport aðgerðastýri, lyklalaus ræsing, Porsche ferðahleðslustöð, PCM (Porsche Communication Management), Connect Plus, vindskeið á afturhlera, aðfellanlegir hliðarspeglar, litaðar hitaeinangraðar rúður. Sjá meiri staðalbúnað á benni.is

# Takmarkalaus snilld.

## Nýr rafmagns Porsche

Porsche Cayenne E-Hybrid
476 hestöfl | 700 Nm tog
Hröðun 0-100: 5,0 sek

PORSCHE

Bílabúð Benna

**Porsche á Íslandi | Bílabúð Benna:**
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000
www.benni.is | www.porsche.is

**Opnunartími:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

# Skotsilfur

## Orðaður við stólinn



Einn af þeim sem eru orðaðir við forstjórastól Icelandair Group, eftir að Björgólfur Jóhannsson sagði starfi sínu lausu á mánudag, er **Jón Björnsson**, forstjóri smásölukeðjunnar Festar. Að sögn kunnugra er nokkuð síðan stjórnarmenn í ferðaþjónustufyrirtækinu fóru, með óformlegum hætti þó, að líta í kringum sig eftir nýjum forstjóra, enda var vitað að Björgólfur hefði hug á því að hætta störfum á næsta ári. Er nafn Jóns sagt vera ofarlega á blaði stjórnarinnar. Jón hefur töluverða reynslu af því að endurskipuleggja rekstur fyrirtækja en hann bylti meðal annars rekstri stórverslananna Magasin du Nord og Steen & Ström.

## Okurleiga?



Heimavellir greindu frá því í síðustu viku að íbúðaleigufélagið hefði tapað 235 milljónum króna á öðrum fjórðungi ársins. Þetta sama félag hefur margítrekað verið sakað um að stunda okurleigu en sem dæmi sagði **Ragnar Þór Ingólfsson**, forstjóri VR, fyrr í sumar að hækkanir leigufélagsins lýstu „bara taumlausri græðgi“. Lýsing Ragnars og kollega hans kemur ekki heim og saman við þann viðvarandi taprekstur sem hefur verið af leigustarfsemi Heimavalla undanfarið. Raunar er arðsemin af leigunni það dræm að fjárfestar verðmeta Heimavelli langt undir bókfærðu virði þess. Markaðsvirðið er meira en fimm milljörðum króna hærra en eigið fé félagsins.

## Blæs ekki byrlega



Það blæs ekki byrlega fyrir félögum **Guðbjargar Matthíasdóttur** um þessar mundir. Flest félög í hennar eigu eiga það sameiginlegt að standa höllum fæti en þannig skiluðu heildsalan Íslensk-ameríska, Oddi prentun og umbúðir og Þórsmörk, sem er eigandi Árvakurs, öll tapi á síðasta ári, að því er fram kemur í ársreikningi Fram, fjárfestingarfélags Guðbjargar. Guðbjörg er helsti eigandi fyrrnefndu félaganna tveggja en á 16,5 prósenta hlut í Þórsmörk. Því til viðbótar dróst hagnaður Ísfélags Vestmannaeyja saman um 80 prósent í fyrra. Langbestu afkomunni skilaði hins vegar fasteignafélagið Korputorg.

# Fyrsta verslun IKEA á Indlandi fær góðar viðtökur



Sala í fyrstu verslun IKEA á Indlandi fer af stað með krafti en verslunin, sem var opnuð fyrr í mánuðinum í borginni Hyderabad í suðurhluta landsins, hefur fengið góðar viðtökur. Stjórnendur sænska húsgagnarisans hyggjast fjárfesta á næstu árum fyrir 1,5 milljarða dala í Indlandi og er stefnt að opnun fjölmargra verslana. Mikil vaxtartækifæri eru talin vera fyrir hendi í landinu enda fer indversk millistétt sístækkandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ein leið að lægri vöxtum



**Ásdís Kristjánsdóttir**
forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Það eru ýmsar leiðir til að bæta lífskjör almennings og á það bendir Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði, í skýrslu sem hann skrifaði fyrir fyrir stjórnvöld nýverið. Bendir Gylfi réttilega á að til að bæta lífskjör þurfi að taka tillit til fleiri þátta en fjölda króna í launaumslagi og nefnir sem dæmi að vaxtakjör sem almenningi býðst skipti ekki síður máli. Raunar telur hann ástæðu til að tekin séu til skoðunar þau kjör sem almenningi býðst í viðskiptabönkum hér á landi og kanna hvort hagræða megi í bankakerfinu til að bæta kjör almennings.

Upplegg Gylfa er nokkuð áhugavert í ljósi þess að Gylfi er nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabankans sem ákvarðar stýrivexti í landinu og beitingu hinna svokölluðu innflæðishafta, sem hafa stöðvað fjárfestingu erlendra aðila í innlendum skuldabréfum frá því þau voru sett á sumarið 2016. Innflæðishöftin kveða á um að 40% bindiskylda er lögð á fjárfestingar í íslenskum skuldabréfum fyrir nýjan erlendan gjaldeyri og svipar þeim til þeirra hafta sem voru í Síle 1991 til 1998 þótt útfærslan sé talsvert stífari hér á landi. Tveir erlendir ráðgjafar sem störfuðu fyrir starfshópinn um endurskoðun peningastefnunnar, Kristin Forbes og Sebastian Edwards, draga fram í sinni skýrslu niðurstöður úr erlendum rannsóknum af reynslu Síle af sínum höftum. Ein af meginniðurstöðunum er að höftin í Síle hafi veitt seðlabankanum skjól til að viðhalda hærra vaxtastigi en ella. Þá benda þau einnig á að rannsóknir hafi sýnt fram á að höftin í Síle hafi hækkað fjármögnunarkostnað minni og meðalstórra fyrirtækja vegna þess að höftin drógu úr framboði lánsfjármagns og takmörkuðu þar með aðgengi að lánsfé.

Nú flokkast flest íslensk fyrirtæki sem lítil og meðalstór fyrirtæki, þar á meðal viðskiptabankarnir þrír. Því má færa heim sanninn um að íslensku innflæðishöftin ein og sér leiða til lakari vaxtakjara til bæði heimila og fyrirtækja. Tilkoma haftanna hefur gert Seðlabankanum kleift að viðhalda hærra vaxtastigi og um leið dregið úr framboði af lánsfé. Frá því í lok árs 2016 hafa stýrivextir Seðlabankans lækkað um eitt prósent en á sama tíma hefur vaxtagrunnur fastvaxta íbúðalána hækkað umtalsvert þrátt fyrir vaxtalækkanir Seðlabankans. Fastir vextir verðtryggðra lána hjá bönkum og lífeyrissjóðum hafa staðið í stað á meðan raunvextir ríkistryggðra bréfa til sambærilegs tíma, hafa næstum helmingast.

> Innflæðishöftin ganga þvert gegn ráðleggingum erlendra sérfræðinga og stofnana.

Seðlabankastjóri og aðrir fulltrúar peningastefnunefndar hafa verið helstu talsmenn íslensku innflæðishaftanna og virðast höftin eiga sér mjög fáa aðra meðmælendur. Innflæðishöftin ganga þvert gegn ráðleggingum erlendra sérfræðinga og stofnana. Þannig hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn verið afdráttarlaus í sinni andstöðu gegn íslensku innflæðishöftunum. Að mati sjóðsins á að beita höftum aðeins í neyð, þau eiga að vera tímabundin og á engan hátt að gegna lykilhlutverki í almennri hagstjórn. Fyrrnefndir ráðgjafar starfshópsins um endurskoðun peningastefnunnar taka í sama streng og telja raunar að innflæði erlends fjármagns til Íslands fyrir tilkomu haftanna hafi aldrei verið af þeirri stærðargráðu að það hafi vegið að fjármálastöðugleika – hvað þá nú tveimur árum seinna þegar vaxtamunur við útlönd hefur minnkað talsvert og útflæðishöftum á innlenda fjármagnseigendur hefur verið aflétt.

Staða Íslands er eftirsóknarverð í alþjóðlegum samanburði. Hér hefur verið viðvarandi viðskiptaafgangur, skuldir hafa verið greiddar niður og hrein erlend skuldastaða aldrei verið sterkari. Þá hefur verðbólga verið stöðug og lág, afgangur hefur verið af rekstri ríkissjóðs og lánshæfi Íslands á uppleið. Við slíkar aðstæður ættu vextir á fjármagnsmarkaði að styðja við íslensk heimili og fyrirtæki en ekki öfugt eins og staðan er í skjóli stífra innflæðishafta og fjármagnsskorts. Íslenski fjármálamarkaðurinn er þunnur og smár og beiting innflæðishafta því mjög skæð. Það er spurning hvort ekki sé fyrsta skrefið til bæta vaxtakjör til heimila og fyrirtækja að hleypa öðrum erlendum fjárfestum að borðinu.

# Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja



**Ingrid Kuhlman**
framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar og FKA-félagskona

Baráttan við loftslagsbreytingar af mannavöldum er það viðfangsefni sem nú ber hæst. Afleiðingar loftslagsbreytinga hafa verið mjög sýnilegar í sumar; hitastigið á jörðinni hækkar stöðugt, gróðurbelti eru að færast til, yfirborð sjávar hækkar vegna bráðnunar jökla og flóðahætta eykst á ýmsum frjósömum og þéttbýlum svæðum. Auk þess eru sýnilegar breytingar á lífsskilyrðum í sjó vegna breytinga á straumum, sýrustigi og seltu. Að óbreyttu er ekkert annað fram undan en náttúruhamfarir af óþekktri stærðargráðu. Spurningin sem við eigum öll að ræða er: Hvað getum við Íslendingar gert til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?

Í skýrslu Hagfræðistofnunar um Ísland og loftslagsmál frá febrúar 2017 kemur fram að áætlaður útblástur frá framræstu votlendi sé langstærsti einstaki losunarþáttur gróðurhúsalofttegunda á Íslandi eða um 70% af heildarlosuninni. Á árum áður voru grafnir um 34.000 km af skurðum sem hafa raskað um 4.200 ferkílómetrum lands. Áætlað er að aðeins um 15% framræsts lands sé nýtt til jarðræktar. Samkvæmt stuðlum IPCC (Vísindanefndar loftslagssamningsins) og innlendum rannsóknum losar hver hektari um 20 tonn af gróðurhúsalofttegundum á ári. Það er því til mikils að vinna með endurheimt votlendis.

Votlendissvæði eru einnig mikilvæg í öðru samhengi því þau eru búsvæði ýmissa lífvera (plantna, fugla, fiska og smádýra) og gegna hlutverki í vatns- og efnabúskap lands. Endurheimt getur aukið útivistargildi svæða. Þau verða áhugaverðari til fuglaskoðunar og skilyrði geta skapast til veiða á fugli og fiski. Því felst margs konar ávinningur í að nýta þá áhrifaríku en jafnframt hagkvæmu loftslagsaðgerð sem endurheimt votlendis er.

Votlendissjóðurinn, sem var stofnaður sl. vor, hefur efnt til þjóðarátaks í nafni samfélagslegrar ábyrgðar til að stöðva losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstum mýrum. Sjóðurinn vinnur að endurheimt votlendis í samstarfi við landeigendur, ríki, sveitarfélög, fyrirtæki, félagssamtök og einstaklinga.

Fjölmörg fyrirtæki hafa lagt verkefninu lið, bæði með því að gerast stofnaðilar en einnig með því að leggja til fé til endurheimtar votlendis. Það er ómetanlegt að eiga að traust fyrirtæki til að styðja við bakið á þessu stóra samfélagsverkefni. Ég hvet öll fyrirtæki landsins til að kynna sér málið á votlendi.is og leggja verkefninu lið.

# Prentiðnaðurinn mun ekki hverfa

## Svipmynd

**Kristján Geir Gunnarsson**

Kristján Geir Gunnarsson var ráðinn framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar Odda í vor á tímum mikilla umbreytinga hjá fyrirtækinu. Hann segir að prentiðnaðurinn hafi átt undir högg að sækja en hann muni ekki hverfa heldur ná jafnvægi.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég hef áhuga á fótbolta og fylgist vel með Manchester United, einnig með körfubolta og hef fylgt Lakers síðan ég man eftir mér. Áhugaljósmyndari og finnst rosalega gaman að spila golf en hef ekki alveg náð að sinna því undanfarin ár. Svo finnst okkur gaman að ferðast saman bæði innanlands sem erlendis. Þá má ekki gleyma gríðarlegum kaffiáhuga sem ég sinni af miklum metnaði.

*Hvaða ráðstefnu eða fyrirlestur sóttirðu síðast?*

Síðasta ráðstefnan sem ég sótti var LEAN Ísland 2018.

*Hver er bókin sem þú ert að lesa eða last síðast?*

Er venjulega með nokkrar í gangi í einu, kíki reglulega á Good to Great eftir Jim Collins og er einnig að lesa Negotiating the Impossible eftir Deepak Malhotra. Svo er ég líka að hlusta á Nornina eftir Camillu Läckberg sem er snilldarlega lesin af Selmu Björnsdóttur. Síðasta bókin sem ég kláraði var The Cardinal of the Kremlin eftir Tom Clancy.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Það vantar ekki áskoranir í starfinu, við erum í miðju umbreytingaferli og fjölmörg verkefni sem því fylgja. Innan Odda er mesta áskorunin fyrir mig að uppfylla það hlutverk sem mér er ætlað og það er að vera fyrirmynd fyrir aðra og leiða með gjörðum en ekki orðum. Utan Odda er okkar stærsta áskorun að viðhalda trausti okkar góðu viðskiptavina og leiða þá með okkur í gegnum breytingafasann án þess að það komi niður á þjónustu eða gæðum.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu?*

Ytra umhverfi fyrirtækja eins og Odda hefur ekki hjálpað til við reksturinn undanfarin ár og má þar nefna vaxtastigið, launaþróun og ekki síst skattaumhverfi fyrirtækja sem hefur dregið verulega úr samkeppnishæfni íslenskra iðnfyrirtækja. Það má velta því fyrir sér hvort það sé raunveruleg framtíð fyrir íslenskan iðnað ef fram heldur sem horfir og ekki er brugðist við.



Kristján segir að ytra umhverfi fyrirtækja eins og Odda hafi ekki hjálpað rekstrinum undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Helstu drættir

**Nám:**
- Iðnrekstrarfræðingur og alþjóðamarkaðsfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík.
- MBA með áherslu á leiðtogastjórnun og frumkvöðlastarf frá Copenhagen Business Shcool.

**Störf:**
- Deildarstjóri markaðsdeildar SS 2001.
- Framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara 2002.
- Vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni 2003.
- Markaðsráðgjafi hjá Íslensku auglýsingastofunni frá 2004 – 2008.
- Framkvæmdastjóri markaðs-og sölusviðs hjá Nóa Síríus frá 2008 – 2016.
- Framkvæmdastjóri sölu-og markaðssviðs hjá Odda 2016 – 2017.
- Framkvæmdastjóri Odda 2018.

**Fjölskylduhagir:**
Giftur Kristbjörgu Hjaltadóttur ráðgjafarþroskaþjálfa hjá fjölskyldusviði Mosfellsbæjar. Eigum þrjú börn á aldrinum 15 til 25 ára.

**Eftir tíu ár þætti mér gaman að vera kominn í þá stöðu að geta deilt þekkingu minni og reynslu með öðrum og þá hugsanlega í gegnum kennslu eða ráðgjafarstörf.**

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér í atvinnugreininni á næstu árum?*

Oddi vinnur í tveimur greinum, annars vegar í prentiðnaði sem hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár. Okkar sýn er sú að prentið muni ekki hverfa heldur muni það ná jafnvægi í ákveðnum punkti og okkar aðgerðir snúa að því að vera markaðsaðili til lengri tíma. Hins vegar er í umbúðahlutanum mikil þróun í átt að umhverfisvænni lausnum og gaman að fylgjast með og taka þátt í þeirri þróun þar sem eru mikil tækifæri.

*Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Ég stefndi alltaf á að verða atvinnumaður í körfubolta, spurning hvort sá gluggi sé lokaður! En án gríns þá tel ég mig svo gæfusaman að vinna við það sem mér finnst gaman að gera og get ekki séð mig velja aðra leið en ég hef gert.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Eftir tíu ár þætti mér gaman að vera kominn í þá stöðu að geta deilt þekkingu minni og reynslu með öðrum og þá hugsanlega í gegnum kennslu eða ráðgjafarstörf.

# Almannaréttur og harmur hægri manna



**Ögmundur Jónasson**
fyrrverandi þingmaður og ráðherra

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, skrifar grein í viðskiptablað Fréttablaðsins, Markaðinn, miðvikudaginn 15. ágúst undir fyrirsögninni, Harmleikur almenninganna. Greinin er svargrein við nýlegu greinarkorni mínu þar sem ég beindi þeirri spurningu til SA hvort ekki væri ráð að sameinast um að auðlindir Íslands verði okkar allra.

Og nákvæmlega þarna koma almenningarnir inn með tilheyrandi harmi. Samkvæmt kenningu frjálshyggjunnar hafi sagan nefnilega kennt hve illt sé að hafa verðmæti undir handarjaðri almennings, eða með orðlagi HBÞ, „þegar eitthvað er í eigu allra hefur enginn hagsmuni af því að ganga vel um það“. En alhæfingar eru til að forðast þær, bendir Halldór Benjamín okkur réttilega á, því „þótt auðlindir séu í eign einstaklinga er ekki þar með sagt að þeir geti gert við þær það sem þeim sýnist. Ríkið stýrir nýtingu á landi og auðlindum með lögum“.

Illkvittinn maður gæti nú spurt, hvort þessa sé þörf ef sú staðhæfing á að standast að auðlindum sé best borgið í einkaeign því enginn hafi „meiri hagsmuni af ábyrgri og sjálfbærri nýtingu auðlindar heldur en eigandi hennar“, svo enn sé vitnað í greinarhöfund.

**Samfélag er ekki hugarburður**

Ein athugasemd hér: Samfélag er ekki óhlutbundinn aðili heldur raunverulegur og áþreifanlegur eins og Halldór Benjamín reyndar bendir á hvað varðar stýringu ríkisins á nýtingu auðlinda. Land í eigu allra er því raunverulega í eigu allra. Og sagan kennir að samfélagið er líklegra til að hugsa til lengri tíma en dauðlegir einstaklingar sem hættir einmitt til skammtímahugsunar þegar aflvakinn er gróðavon. Þá er ekki að sökum að spyrja. Þetta er hins vegar alls ekki einhlítt og tek ég undir með framkvæmdastjóra SA að þarna beri að varast alhæfingar. Aðhaldslaus alræðisríki hafa þannig sýnt sig vera haldin skammtímahugsun og hirða lítt um umhverfisvernd, nokkuð sem minnir okkur á hve mikilvægt það er að hlusta á gæslufólk náttúru og umhverfis og taka rökum þess. Framkvæmdastjóri SA segir að í ellefu hundruð ár, allar götur frá landnámi, hafi „auðlindir verið í eigu einstaklinga og nýttar af þeim“ og að þetta hafi gefið góða raun.

Þarna erum við komin að kjarna málsins, nefnilega þeirri eðlisbreytingu sem nú er að verða á eignarhaldi á landi, hvaða þýðingu sú breyting hefur. Hverjar skyldu hafa verið auðlindir Íslands í ellefu hundruð ár? Það voru vissulega jarðvarmi og vatn sem framan af öldum var nýtt til neyslu og í einhverjum en takmörkuðum mæli þó til baða og þvotta. Síðan voru það veiðihlunnindi í ám og vötnum sem voru og eru á hendi jarðeigenda en í báðum tilvikum var almannaréttur til þessara gæða mikill samkvæmt lögum til forna og fram eftir öldum. Síðast en ekki síst var landið verðmætt sem ræktar- og beitarland. Hin miklu afréttarlönd snerust um nýtingu til beitar en síður um eignarhald í nútímamerkingu. Um allt þetta hafa verið skrifaðar lærðar greinar en mér þykir mikilvægt að menn láti samt þrönga sýn á ríkjandi lagabókstaf ekki villa um fyrir sér. Horfa þarf til heildarsamhengis og hvernig við viljum líta á rétt almennings til auðlinda jarðarinnar.

**Hvar skyldi þetta enda, kann einhver að spyrja, í Norður-Kóreu? Nei, frekar Alaska þar sem nánast allt land er í samfélagseign.**

Nú er allt annað uppi á teningnum en áður var hvað eignarhald áhrærir. Landið er farið að hafa þýðingu í ferðamennsku og tekist er á um hvort réttmætt sé að landeigandi geti selt aðgang að friðlýstum náttúruperlum. Þrátt fyrir stýringarlög ríkisins, sem Halldór vísar til, fara stöku menn sínu fram þvert á þessi lög. Síðan er það vatnið, heitt og kalt, og orkan sem tekist er á um og skýrir nýtilkominn áhuga fjárfesta á íslensku landi. Þetta hefur það í för með sér að eignarhald á landi þarfnast nýrra skilgreininga í ljósi gerbreytts umhverfis og gerbreyttra hagsmuna samfélagsins. En hér vil ég staldra við og fagna sérstaklega því viðhorfi Halldórs Benjamíns Þorbergssonar, framkvæmdastjóra SA, þegar hann segir að sér hugnist ekki sú tilhugsun að erlendir fjárfestar eignist drjúgan hluta Íslands. „...nokkra tugi prósenta. Ég get ekki sætt mig við að landið verði í erlendri eigu“, segir hann.



Þá er spurningin hvað sé til ráða. Í mínum huga þarf að endurskoða auðlindalöggjöfina og vatnalögin og styrkja þar almannarétt og að sjálfsögðu breyta auðlindaákvæði stjórnarskrárinnar. Þá þarf að setja lög sem banna samþjöppun í eignarhaldi jarðnæðis, krefjast búsetu á Íslandi vilji menn eiga hér land og síðan tryggja sveitarfélögum forkaupsrétt á landi með bakstuðningi ríkisins. Hvar skyldi þetta enda, kann einhver að spyrja, í Norður-Kóreu? Nei, frekar í Alaska þar sem nánast allt land er í samfélagseign, og hefur þó enginn komið auga á nokkurn harmleik þar.

**Þingeyjarsýslan öll**

Framkvæmdastjóri SA býður í kaffi til frekari umræðu um einkaeignarrétt og almannahag. Ég þigg það boð. Við gætum stytt okkur leið að umræðunni að því leyti að báðir erum við því hlynntir, gef ég mér, að íslenski bóndinn eigi sitt land og nýti það sér til hagsbóta. En spurning síðan hvernig sporna megi gegn því að fjárfestingarspekúlantar komist yfir umtalsvert land hér og auðlindir. Þar er við að eiga mannskap sem í ófáum tilvikum hagnast um heila Þingeyjarsýslu í kauphöllinni fyrir hádegi á góðum degi.

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 29. ágúst 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Hagnaður Lex jókst um ríflega þriðjung

Hagnaður Lex, einnar stærstu lögmannsstofu landsins, nam 225 milljónum á síðasta ári, samkvæmt nýbirtum ársreikningi stofunnar, og jókst um 36 prósent frá fyrra ári þegar hann var 166 milljónir króna.

Rekstrartekjur lögmannsstofunnar námu liðlega 1.165 milljónum króna í fyrra og jukust um 10 prósent frá árinu 2016 þegar þær voru 1.051 milljón. Rekstrargjöldin voru ríflega 893 milljónir og hækkuðu um 57 milljónir króna á milli ára. Þar af námu laun og launatengd gjöld 665 milljónum króna, sem er 11 milljóna aukning frá fyrra ári, en 45 manns störfuðu á lögmannsstofunni á síðasta ári.

Í hópi eigenda Lex eru meðal annars hæstaréttarlögmennirnir Arnar Þór Stefánsson, Helgi Jóhannesson og Kristín Edwald. – kij



Arnar Þór Stefánsson, einn eigenda Lex

27.08.2018

> Þó að vissulega sé búið að taka á fyrrnefndum vandamálum þá er það ábyrgðarhluti að hafa ekki fylgt breytingunum eftir með fullnægjandi hætti og brugðist fyrr við.



Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair Group

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Ókyrrð í lofti

**Icelandair** birti aðra afkomuviðvörun sína á örfáum vikum eftir lokun markaða í fyrradag. Bréf félagsins hrundu í kjölfarið. Ekki er algengt að afkomuviðvörun fylgi afkomuviðvörun eins og gerðist í þessu tilfelli. Sú fyrri, sem birt var þann 8. júlí, vakti athygli fyrir það hve margar ástæður voru tíndar til fyrir slælegu gengi. Það var ekki bara eitt sem var að, heldur allt.

**Sú seinni** er nokkuð markvissari. Meðalverð á markaði séu lægri en gert var ráð fyrir og tekjumódel félagsins röng. Rekstrarniðurstaða verði því allt að 40% lakari en gert var ráð fyrir í nýbirtri (og lagfærðri) afkomuspá. Forstjórinn, Björgólfur Jóhannsson, axlaði sína ábyrgð og tilkynnti að hann hygðist stíga til hliðar. Stórmannlegt af honum.

**Icelandair** er, eins og nánast öll íslensk skráð félög, í eigu lífeyrissjóðanna. Í stjórn sitja fulltrúar þeirra, og félagið eigendalaust eftir því. Icelandair hefur um árabil verið í tilvistarkreppu. Flugvélaflotinn kominn til ára sinna. Lággjaldaflugfélag í gervi flaggskipsflugfélags. Misheppnuð hliðarskref í hótel- og veitingarekstri. Keppinautar, innlendir og erlendir, hafa skotið félaginu ref fyrir rass. Ekki er hægt að kenna forstjóranum einum um hvernig fyrir félaginu er komið.

**Spyrja má**, fyrst forsvarsmenn lífeyrissjóðanna hafa slíka trú á flugrekstri, hvers vegna voru öll eggin sett í sömu körfu? Hefði ekki verið eðlilegra að dreifa áhættunni og fjárfesta í keppinautum Icelandair einnig, bæði innlendum og erlendum? Svarið er líklega hið sama og venjulega. Icelandair varð vettvangur fyrir skjólstæðinga lífeyrissjóðanna. Þeir vildu öðlast völd í rótgróna íslenska flugrisanum. Réttu tengslin réðu svo meiru en vit og reynsla af flugrekstri.

**Þessu þarf** að vinda ofan af áður en það verður um seinan. Ólíklegt er að jafnvel svo stórlöskuð rekstrarniðurstaða komi niður á fjármögnun félagsins til skamms tíma. Icelandair er enn sem komið er nokkuð ríkt af reiðufé og eignum. Það er hægt að greiða úr flækjunni en til þess þarf nýtt blóð, bæði á forstjóraskrifstofunni og í stjórnarherberginu. Eða kannski er lausnin einfaldlega sú að hringja í Skúla, sameina flugfélögin tvö en viðhalda vörumerkjunum, og láta eldmóð Skúla keyra þetta áfram?








Margvíslegur ávinningur hlýst af því að jafna stöðu og kjör kynja fyrir vinnustaði og vinnumarkaðinn í heild. PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

**Jafnlaunavottun**

Aðstoð og ráðgjöf vegna umsókna fyrirtækja og stofnana um Jafnlaunavottun skv. ÍST 85.

**Launastefna og starfaflokkun**

Ráðgjöf um launafyrirkomulag og uppbyggingu kaupaukakerfis. Útfærsla á launastefnu og starfaflokkun eftir inntaki starfa.

**Jafnlaunaúttekt og Réttlaunalíkan**

Mæling á launamuni karla og kvenna. Frávikagreining á launum innan starfaflokka. Ráðgjöf um launabreytingar.

**Markaðslaunavöktun**

Árlegt launaviðmið fyrir markaðslaun á Íslandi. Gögn um 150 tegundir starfa hjá 20.000 launþegum. Launaviðmið eftir atvinnugreinum og sérsniðnum forsendum.

pwc

**PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | Sími 550 5300 | www.pwc.is**

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem skilgreinir sig sem þekkingarfyrirtæki sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Frjáls framlög – SAMFERÐA GÓÐGERÐARSAMTÖK – enginn kostnaður!

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

**907 1081 – 1.000 kr.**
**907 1083 – 3.000 kr.**
**907 1085 – 5.000 kr.**
**907 1090 – 10.000 kr.**



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Norðaustan til á landinu má búast við strekkingsvindi með vætu fram undir kvöld. Hiti allt að 16 stig í sólskini sunnanlands, en svalara fyrir norðan og austan. Um kvöldið er útlit fyrir að víða um land verði hægir vindar og léttskýjað.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 4° | 9° |
| ↖10 | ↑9 | ↗4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 7° | 9° | 3° |
| ↑8 | ↑3 | ↑13 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 6° | 10° |
| ↑9 | ↑6 | ↑6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 10° | 5° |
| ↖12 | ↗8 | ↗11 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. got
5. útgerðarstaður
6. svell
8. rýrna
10. tveir eins
11. sjáðu
12. harla
13. slæma
15. mælieining
17. snáða

**LÓÐRÉTT**
1. hversu
2. grastegund
3. máleining
4. sérgæði
7. harðna
9. jarðbik
12. gælunafn
14. sull
16. pot

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** hrogn, **5.** ver, **6.** ís, **8.** eyðast, **10.** rr, **11.** sko, **12.** afar, **13.** illa, **15.** gallon, **17.** patta. **LÓÐRÉTT:** **1.** hvernig, **2.** reyr, **3.** orð, **4.** níska, **7.** storkna, **9.** asfalt, **12.** alla, **14.** lap, **16.** ot.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Aronian (2.767) átti leik gegn Grischuk (2.766) á Sinquefield-mótinu í fyrradag.

**18. Hxf7!? Ótrúlegur leikur. 18...Kxf7 19. Hf1+ Bf5 20. g4 g6 21. Dc1!** Staðan er afar vanteflt og svo fór að Grishcuk lék af sér og Aronian vann. Aronian varð í efsta sæti ásmt Carlsen og Caruana. Ingvar Þór Jóhannesson skýrir skákina í heild sinni á www.skak.is.

**www.skak.is:** Ofurmótið í St. Louis.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 1 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 5 |
| 8 | 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

# Alls konar tákn, ógróin fjöll og einn gígur

**Sýningunni Skúlptúr/Skúlptúr í Gerðarsafni í Kópavogi er ætlað að skoða skúlptúrinn í samtímanum. Fjórir starfandi listamenn hafa gengið inn í yfirstandandi sýningu Gerðar.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Verkið mitt heitir Manngert og það eru nokkrir þræðir sem ég fylgdi þegar ég vann að því. Einn þeirra er boðorðið Sælir eru hógværir því þeir munu jörðina erfa. Þetta verk er undir áhrifum af því hvernig veröldin er að breytast, vegna áhrifa okkar mannanna. Þar bendir allt til að við séum ekki nógu hógvær,“ segir Steinunn Önnudóttir myndlistarmaður. Hún er ein þeirra fjögurra listamanna sem Gerðarsafn valdi til að setja upp verk sín á sýningunni Skúlptúr/Skúlptúr, innan um verkin hennar Gerðar Helgadóttur. Hinir eru Áslaug Íris Katrín Friðjónsdóttir, Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir og Styrmir Örn Guðmundsson. Þau voru öll valin úr hópi hundrað umsækjenda.

Steinunn er að sópa gólfið meðfram listaverkinu sínu í Gerðarsafni þegar ég kíki til hennar. Þar hefur sandur hrunið á gólfið. Listaverkið hennar, Manngert, er nefnilega sandkassi með alls konar táknum, ógrónum fjöllum og einum gíg.

„Þetta er módel í abstrakt skala. Allt sem þar er gæti verið bæði minna og stærra. Á hina höndina er verkið fagurfræðileg stúdía eða röð fagurfræðilegra tilrauna sem saman komnar snerta ólíka strengi. En ég var líkt og barn að búa til vissa sögu í þessum sandkassa. Verkið tengist líka börnum því það eru þau sem erfa jörðina,“ segir Steinunn.

Steinunn kveðst hamingjusöm yfir að hafa orðið fyrir valinu ásamt fleirum til að taka þátt í Skúlptúr/Skúlptúr. „Mér finnst frábært að fá að sýna í þessu rými, innan um verkin hennar Gerðar Helgadóttur. Listaverkið Manngert varð bara til hér og er svolítið innblásið af Gerði,“ segir Steinunn og bendir á stórt veggverk eftir Gerði sem gæti í senn táknað fornminjar og óræðan framtíðarvettvang.

Sköpunarkraftur og tilraunastarfsemi Gerðar Helgadóttur er leiðarstef í allri starfsemi Gerðasafns. Skúlptúr/Skúlptúr er þriðja sýningin í sýningaröð sem ætlað er að heiðra hana og framlag hennar til íslenskrar höggmyndalistar um leið og dregnar eru saman tengingar við hreyfingar í samtímaskúlptúr.



Styrmir Ö. Guðmundsson, Steinunn Önnudóttir, Áslaug Íris Friðjónsdóttir og Jóhanna K. Sigurðardóttir í Gerðarsafni, innan um verk Gerðar Helgadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Nánar um listamennina

**Áslaug Íris Katrín Friðjónsdóttir bjó um tíma í Bandaríkjunum en býr nú og starfar í Reykjavík. Hún hefur tekið þátt í samsýningum í söfnum og öðrum sýningarrýmum Evrópu, Bandaríkjunum og á Íslandi og sýnir nú einnig verk sín við hlið Svavars Guðnasonar í Svavarssafni á Höfn í Hornafirði.**

**Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir starfar bæði í Reykjavík og Antwerpen í Belgíu. Af sýningarstöðum hennar má þar nefna listasafnið S.M.A.K. í Gent, Moscow Biennale 2015, Andersen's Contemporary í Kaupmannahöfn, Ornis A. Gallery í Amsterdam og Kunsthalle São Paulo í Brazilíu. Einkasýning hennar, *Margoft við sjáum og Margoft við sjáum aftur*, var í Hafnarborg fyrr á árinu.**



Manngert, verk Steinunnar Önnudóttur. MYND/HRAFNHILDUR GISSUARDÓTTIR

**Steinunn Önnudóttir býr og starfar í Reykjavík og rekur sýningarrýmið Harbinger en hefur einnig fengist við útgáfu bóka og bókverka. Hún hefur sýnt í SÍM salnum og líka í Ekkisens, auk þess að taka þátt í sýningu Myndhöggvarafélagsins, í tengslum við Listahátíð í Reykjavík.**

**Styrmir Örn Guðmundsson býr og starfar bæði í Varsjá í Póllandi og Reykjavík. Hann hefur sýnt verk sín og flutt gjörninga á alþjóðlegum vettvangi, á hátíðum, í söfnum og sýningarrýmum og innan leikhússins. Nýlega flutti hann gjörninginn *What Am I doing With My Life* í skála Litháens á Feneyjatvíæringnum 2017, sem hefur verið sýndur á Íslandi og víðar í Evrópu.**

# Náttúrhamfarir Skálmaldar og Sinfóníunnar

**TÓNLIST**

★★★★★

**Rokktónleikar**

Skálmöld ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammerkórnum Hymnódíu og Barnakór Kársnesskóla. Bernharður Wilkinson stjórnaði.

**Eldborg í Hörpu**
föstudaginn 24. ágúst

Í myndbandi sem farið hefur víða á netinu segir Bergþór Pálsson söngvari frá því hvernig hann kom sér í form. Þar skipti sálfræðin meginmáli, því ef fólk er ekki rétt innstillt gerist fátt. Bergþór fór m.a. alltaf í svokallaða sigurstöðu í tvær mínútur á morgnana. Hann stóð teinréttur með hendur beint upp í loft. Rannsóknir hafa sýnt að staðan eykur testósterón, framkallar sigurtilfinningu og sjálfsöryggi.

Ég sá áheyrendur fara aftur og aftur í þessa stöðu á tónleikum Skálmaldar í Eldborginni í Hörpu á föstudagskvöldið. Það var eins og fólk væri að fagna marki landsliðsins í fótbolta. Tónleikarnir einkenndust af gríðarlegum krafti og glæsileik.

**TÓNLEIKARNIR EINKENNDUST AF GRÍÐARLEGUM KRAFTI OG GLÆSILEIK.**

Tónlist Skálmaldar er innblásin af norrænni goðafræði. Freistandi er að setja hana í samhengi við önnur tónskáld sem fjölluðu um þennan sama menningararf. Koma þá Richard Wagner og Jón Leifs fyrstir upp í hugann. Wagner samdi stórvirkið Niflungahringinn, fjórar óperur sem segja frá goðunum og örlögum heimsins. Jón var á svipuðum slóðum í tónlist sinni, en á meðan Wagner var fullur af göfgi og margþættum reynsluheimi mannsins, var Jón miklu frumstæðari. Tónlist hans er hrjúf, og koma dulúð og náttúrukraftar fyrst og fremst við sögu. Skálmöld er þá afmarkaðri, því þó yrkisefnið sé um allt mögulegt, þá er stemningin að mestu leyti eins og í miðri orrustu. Söngurinn er sjaldnast söngur, hann hljómar eins og hávært urr eða öskur.



Manni varð hreinlega um og ó, segir Jónas Sen. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI.

Tónleikarnir voru magnaðir, ekki síst vegna þess að Sinfóníuhljómsveit Íslands lék með Skálmöld og hún jók áhrifin upp úr öllu valdi. Slík blanda virkar ekki alltaf; minnisstæðir eru tónleikar hljómsveitarinnar Hjaltalín sem kom fram með Sinfóníunni fyrir nokkrum árum. Þar bjagaði Sinfónían fíngerða tónlist Hjaltalín, ýkti hana svo útkoman var fáránleg. Ekkert slíkt var uppi á teningnum nú. Skálmöld byggir aðallega á ofsa, og með fullum mætti Sinfóníunnar á bak við sig var tónlistin eins og náttúruhamfarir, manni varð hreinlega um og ó.

Ekki bara það, þrír kórar komu líka fram á tónleikunum. Þetta var Karlakór Reykjavíkur, Kammerkórinn Hymnódía og Barnakór Kársnesskóla. Heildaráhrifin voru tröllaukin og rosaleg; söngurinn var ótrúlega voldugur.

Bernharður Wilkinson stjórnaði öllu saman og gerði það af mikilli fagmennsku. Kórar og sinfóníuhljómsveit voru í prýðilegu jafnvægi, og Skálmöld sjálf sló ekki feilnótu. Sinfónískar útsetningar Haraldar Vignis Sveinbjörnssonar voru snyrtilegar og úthugsaðar, því afraksturinn var ætíð sannfærandi og máttugur.

Á bílastæðinu á undan tónleikunum rakst ég á fiðluleikara sem sagði mér að hún hefði gleymt eyrnatöppunum í bílnum sínum og væri að sækja þá. Hávaðinn væri ægilegur á sviðinu. Hann var líka töluverður úti í sal, svo mjög að maður var hálf heyrnarskertur lengi á eftir þessari eitthvað skemmtun, ha.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Stórfenglegir tónleikar, Skálmöld var frábær og sinfóníuhljómsveit og kórar voru með allt á hreinu.


ALLT AÐ
50
ÞÚSUND
AFSLÁTTUR AF
FARTÖLVUM
Trust
MÆTIR
Sérfræðingar frá Trust
verða á staðnum og
veita góð ráð
laugardag
ALLT AÐ
75%
AFSLÁTTUR
AF YFIR 1000
VÖRUM
NOKIA
MÆTIR
Sérfræðingar frá Nokia
verða á staðnum og
veita góð ráð
laugardag
NOKIA
KAUPIR NÚNA OG GREIÐIR 1. NÓV 2018
AFMÆLISGREITT
2,95% lántökugjald og greiðslu- og tilkynningargjald kr. 195
Fyrir upphæð allt að 350.000
NOVA
DISKÓ
DROTTNING
Settu símanúmerið þitt
í Nova Diskó kúluna
og þú gætir unnið
Nokia 7+ síma
12
ára
GJAFA
POKI
Fyrstu 50 viðskipta-
vinir á dag fá flottan
gjafapoka
AFMÆLISVEISLA TÖLVUTEKS
AFMÆLIS
VEISLA
Mánudag til föstudags
10:00 - 18:00
Laugardag og sunnudag
12:00 - 18:00
AFMÆLIS
BÆKLINGUR
GEGGJUÐ
TILBOÐ
27. Ágúst - 2.September 2018 - Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl
AFMÆLISTILBOÐ ALLA VIKUNA Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

ÞÍN STUND
ÞINN STAÐUR

TIMEOUT
HÆGINDASTÓLL MEÐ ÁFÖSTUM SKEMLI
NÚ MEÐ 25% AFSLÆTTI

TIMEOUT
Brúnt leður og hnota, áfastur skemll.
Fullt verð: 344.990 kr.
NÚ 258.743 KR.

TIMEOUT – XL ÚTGÁFA
Svart leður og hnota, áfastur skemll.
Fullt verð: 354.990 kr.
NÚ 266.243 KR.




FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is



Agent Fresco á 10 ára afmæli á þessu herrans ári og er viðkoma hljómsveitarinnar í Bæjarbíói hluti af afmælistónleikaröð sem stendur yfir allt árið.

## 29. ÁGÚST

### Viðburðir

**Hvað?** Mustang rúntur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Perlan
Eigendur Mustang-bifreiða ætla að hittast í Perlunni klukkan 20 og rúnta um bæinn.

**Hvað?** Ljósanæturhlaup Lífsstíls
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Lífsstíll, Vatnsnesvegi 12
10 km leiðin okkar er komin með löggildingu og telja tímar því til Íslandsmeta. 500 kr. af hverri skráningu renna til Barnaspítala Hringsins til minningar um Björgvin Arnar. Ljósanæturhlaup Lífsstíls (áður Reykjanes Maraþon) er árlegur viðburður sem fram fer í tengslum við Ljósanótt í Reykjanesbæ, sem er ein stærsta fjölskylduskemmtun landsins. Rásmark og endamark verða við Lífsstíl líkamsrækt (Hótel Keflavík) Vatnsnesvegi 12, Reykjanesbæ.

**Hvað?** Tímaat bíla – hringakstur
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Kvartmílubrautinni
Brautarakstur í tímaati bíla verður haldinn miðvikudaginn 29. ágúst. Mæting kl. 18.30 en þá hefst skráning og keyrt verður til kl. 22.00. Til að taka þátt þarftu að hafa: Hjálm, gilt ökuskírteini, Skoðað tæki, vera félagsmaður í félagi innan vébanda AKÍS, tryggingarviðauka. Verð 2.500 kr. fyrir félagsmenn KK.

**Hvað?** Möntrukvöld
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Reykjavík Yoga
Andagift býður í ferðalag töfrandi tóna. Möntrusöngur er frábær leið til þess að vinda ofan af hugsunarmynstrum sem þjóna okkur ekki og stíga inn í kraftinn okkar, sköpunarkraft, traust og trú á okkur sjálf. Við munum setja okkur ásetning, drekka ilmandi súkkulaðibolla frá Gvatemala, njóta lifandi tónlist og syngja möntrur undir dynjandi trommuslætti. Við endum svo kvöldið á tónheilun og djúpslökun. Verð 4.000 kr. (súkkulaði innifalið) Posi á staðnum.

**Hvað?** Sirkus Borgarnes – Frír prufutími
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Félagsmiðstöðin Óðal
Sirkus Borgarnes – Frír prufutími miðvikudaginn 29. ágúst! Húlladúllan býður skemmtilegt haustnámskeið í sirkuslistum og trúðalátum. Aðeins 20 pláss í boði. Við lærum fjölbreyttar sirkuslistir og trúðaleiklist. Komið og prófið. Til að skrá þátttakanda í prufutíma sendið tölvupóst á hulladullan@gmail.com. Aldur: 5. bekkur og eldri, kennsla: 1 x í viku. Tímabil: Miðvikudagar 16.30 - 18.30. Dagsetning: 29. ágúst - 17. október. Verð: kr. 10.000. Fjölskylduafsláttur: 10%.

### Tónlist

**Hvað?** Hjarta Hafnarfjarðar
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Bæjarbíó
Fimm daga tónlistarveisla, útisvæði með veitingum á bak við Bæjarbíó í samstarfi við frábæra veitingastaði í Hjarta Hafnarfjarðar. Í ár er eingöngu boðið upp á dagpassa á hvern dag fyrir sig. Selt verður í númeruð sæti. Aldurstakmark er 20 ár. Allar nánari upplýsingar um dagskrána og annað sem vert er að vita er að finna á Facebooksíðu Bæjarbíós. Hafnarfjarðarbær er sérstakur samstarfsaðili Hjarta Hafnarfjarðar. Í kvöld mun Agent Fresco opna dagskrána.



Það eru fáir svalari bílar en Ford Mustang. Þeir verða áberandi á götum bæjarins í kvöld.

**Hvað?** Inntökupróf Dómkórsins
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Dómkirkjan
Dómkórinn getur bætt við sig tenórum og bössum. Kórinn flytur Jólaóratoríu Bachs fyrir áramót og tekur þátt í kórakeppni í Salzburg í júní á næsta ári. Kórreynsla og færni í nótnalestri skilyrði. Þá er einnig möguleiki að syngja með í athafnakór Dómkirkjunnar, en hann tekur að sér að syngja í útförum, brúðkaupum og þingsetningu og fleiru. Kórinn æfir að jafnaði á miðvikudagskvöldum frá 19.30 - 22.00, en aukaæfingar bætast við í aðdraganda tónleika. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á organisti@domkirkjan.is.

**Hvað?** FÁSES tekur annan sjens!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Árlega halda allir Eurovision-aðdáendaklúbbarnir keppni þar sem lög sem komust ekki áfram í aðalkeppni Eurovision fá annan sjens og freista þess að vinna OGAE Second Chance titilinn. Fyrir hönd FÁSES keppir „Í stormi“ sem lenti í 2. sæti söngvakeppninnar fyrr á árinu. Í fyrra vann lagið „A Million Years“ frá Svíþjóð og er það því Melodifestivalklubben í Svíþjóð sem heldur utan um keppnina í ár. Úrslit keppninnar verða kunngjörð í október. Verið öll velkomin á Stúdentakjallarann.

**Hvað?** Söngprufur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hljómfélagið, Vesturbrún 30
Í raddprufum felst létt raddæfing og spjall við kórstjóra. Hljómfélagið er ungur og ferskur kór sem syngur undir stjórn Fjólu Kristínar Nikulásdóttur. Í kórnum eru um 40 manns, karlar og konur á aldrinum 25-40 ára. Kórinn hefur haldið vel sótta jólatónleika frá stofnun auk vortónleika og flutt m.a. Misa Criolla eftir Ramires með hljómsveit og einsöngvara. Kórinn kom einnig fram á jólatónleikum Jethro Tull í Hallgrímskirkju og sem gestakór á stórtónleikum Karlakórsins Heimis í Eldborgarsal Hörpu.

### Námskeið

**Hvað?** Lightroom námskeið
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Þórsstígur 4, Akureyri
Tveggja daga byrjendanámskeið í Lightroom. Námskeiðið er fyrir þá sem vilja læra grunnatriðin í Lightroom, svo sem að flytja inn myndir, að setja leitarorð á margar myndir, að finna myndir, að vinna myndirnar, að vista myndirnar og margt fleira. Þetta er byrjendanámskeið.

**Hvað?** Salsa danskvöld
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Iðnó
Byrjendum er að venju boðið í ókeypis prufutíma í salsa kl. 19.30-20.30, og svo dunar dansinn fyrir alla glaða frá 20.30-23.30. Við hvetjum alla dansáhugasama til að líta við, hvort heldur sem er til að dansa eða spjalla. Það þarf alls ekki að hafa félaga til að mæta (fæstir hafa félagann), né nokkra dansreynslu. Kvöldin okkar eru rómuð fyrir afslappað og þægilegt andrúmsloft og við tökum sérstaklega vel á móti byrjendum. Við hvetjum þig til að skilja feimnina við að bjóða upp eftir heima, í salsasamfélaginu er hefð fyrir því að allir dansi við alla og bjóði upp.

**Hvað?** Vilt þú bæta heilsuna og auka lífsgæðin?
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Heilsuborg, Bíldshöfða 9
Að námskeiðinu standa íþrótta- og hjúkrunarfræðingar, læknir, ástríðukokkur, næringarfræðingar, sjúkraþjálfarar og sálfræðingar. Verð á mánuði er 24.980 krónur.

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS
Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvíðakast (Atak Paniki) | 18:00 | Kona fer í stríð (UK SUB) | 22:00 |
| Let the Sunshine In (UK SUB) | 18:00 | Kvíðakast (Atak Paniki) | 22:00 |
| Sigur Rós: Heima (UK SUB) | 18:00 | Andið eðlilega (UK SUB) | 22:00 |
| Adrift | 20:00 | | |
| Undir trénu (UK SUB) | 20:00 | | |






**Í KVÖLD**

# Einfalt með **Evu**

Í þessari þáttaröð eldar Eva Laufey fljótlega og einfalda rétti sem henta nútíma fjölskyldum. Eva Laufey leggur áherslu á góð hráefni og leiðir til að elda góðan mat sem nærir líkama og sál á skömmum tíma án þess að það komi niður á bragðinu.

HAGKAUP Meira svona alla daga

Old El Paso

stod2.is | 1817




**EINFALT MEÐ EVU**
KL. 19:55
Glænýir matreiðsluþættir úr smiðju Evu Laufeyjar þar sem hún leggur áherslu á einfaldan og hollan mat sem hentar nútíma fjölskyldum í dagsins önn. Lögð er áhersla á gott hráefni og að elda bragðgóðan mat sem nærir líkama og sál á skömmum tíma.




**Frábær miðvikudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




**THE TRUTH ABOUT STRESS**
KL. 20:20
Hvaða áhrif hefur streita á okkur og hvað getum við gert til að snúa neikvæðum áhrifum hennar yfir í jákvæða upplifun. Breskur heimildarþáttur úr smiðju HBO sem höfðar til okkar allra í nútímasamfélagi.

**GREYZONE**
KL. 21:15
Hryðjuverkamenn hyggjast láta til skarar skríða í Skandinavíu og lendir verkfræðingurinn Victoria í ógnvænlegri atburðarás. Norræn spennuþáttaröð eins og þær gerast bestar.



**ORANGE IS THE NEW BLACK**
KL. 22:45
Frábærir verðlaunaþættir um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York. Ekki missa af þessum hörku-spennandi þáttum.



**LAND HO!**
KL. 22:00
Skemmtileg gamanmynd sem var tekin að hluta til á Íslandi og fjallar um gamla vini sem ákveða að skella sér til Íslands og lyfta sér upp.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.** **stod2.is**


# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Lína langsokkur
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.05** Grand Designs
**11.50** The Good Doctor
**12.35** Nágrannar
**13.05** Masterchef The Professionals Australia
**13.50** The Path
**14.45** The Night Shift
**15.30** Besti vinur mannsins
**16.00** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**16.25** Leitin að upprunanum
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Mom
**19.55** **Einfalt með Evu** Nýir matreiðsluþættir úr smiðju Evu Laufeyjar og nú leggur hún áherslu á einfaldan og hollan mat sem hentar nútíma fjölskyldum þar sem ekki gefst alltaf mikill tími til eldamennsku. Lögð er áhersla á gott hráefni fyrst og fremst og leiðir til þess að elda bragðgóðan mat sem nærir líkama og sál á skömmum tíma.
**20.20** The Truth About Stress
**21.15** Greyzone
**22.00** Nashville
**22.45** Orange is the New Black
**23.40** **Animal Kingdom** Önnur þáttaröð þessara mögnuðu glæpaþátta um ungan mann sem flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr. Þar dregst hann inn í vægast sagt vafasöm mál þar sem fjölskyldustarfsemin í gruggugri kantinum. Hér fer Ellen Barkin á kostum sem Janine Cody, eða Smurf, og fer fyrir þessum harðsnúna flokki.
**00.25** Ballers
**00.55** StartUp
**01.40** Lethal Weapon
**02.25** Gone
**03.10** Gone
**03.55** Gone
**04.40** George Lopez: The Wall
**05.40** The Truth About Stress

## STÖÐ 2 SPORT

**08.45** Newcastle - Chelsea
**10.25** Messan
**11.25** Premier League Review 2018/2019
**12.20** Girona - Real Madrid
**14.00** Real Valladolid - Barcelona
**15.40** Athletic Bilbao - Huesce
**17.20** Spænsku mörkin 2018/2019
**17.50** NFL Hard Knocks 2018
**18.45** Stjarnan - Valur
**21.45** Pepsímörkin 2018
**23.05** PAOK - Benfica

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.50** Stjarnan - Breiðablik
**10.30** Inter Milan - Torino
**12.10** Frosinone - Bologna
**13.50** Pepsímörk kvenna 2018
**14.50** Arizona Cardinals - Dallas Cowboys
**17.10** Dynamo Kiev - Ajax
**18.50** PAOK - Benfica
**21.00** Football League Show 2018/19
**21.30** ÍA - HK
**23.10** NFL Hard Knocks 2018

## STÖÐ 3

**19.10** Fresh Off The Boat
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Two and a Half Men
**21.15** The Newsroom
**22.15** The Hundred
**23.00** Famous In Love
**23.40** The Detour
**00.30** Last Man Standing
**00.55** Seinfeld
**01.20** Friends
**01.45** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.54** Strumparnir
**08.19** Ævintýraferðin
**08.31** Hvellur keppnisbíll
**08.43** Mæja býfluga
**08.55** Gulla og grænjaxlarnir
**09.06** Stóri og Litli
**09.19** Tindur
**09.29** K3
**09.40** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**09.54** Rasmus Klumpur og félagar
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.54** Strumparnir
**12.19** Ævintýraferðin
**12.31** Hvellur keppnisbíll
**12.43** Mæja býfluga
**12.55** Gulla og grænjaxlarnir
**13.06** Stóri og Litli
**13.19** Tindur
**13.29** K3
**13.40** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**13.54** Rasmus Klumpur og félagar
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.54** Strumparnir
**16.19** Ævintýraferðin
**16.31** Hvellur keppnisbíll
**16.43** Mæja býfluga
**16.55** Gulla og grænjaxlarnir
**17.06** Stóri og Litli
**17.19** Tindur
**17.29** K3
**17.40** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**17.54** Rasmus Klumpur og félagar
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Kung Fu Panda 3

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24**



## GOLFSTÖÐIN

**07.00** The Northern Trust
**12.00** Canadian Pacific Women's Open
**15.00** The Northern Trust
**21.00** Golfing World 2018
**21.50** PGA Special: This is Mackenzie Tour
**22.25** Champions Tour Highlights 2018
**23.20** Golfing World 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.30** Paterno
**13.15** Ordinary World
**14.45** Norman
**16.45** Paterno
**18.30** Ordinary World
**20.00** **Norman** Spennutryllir frá 2016 með Richard Gere. Norman Oppenheimer hefur sérhæft sig í að útvega öðrum það sem þeir vilja. Dag einn vingast hann við stjórnmálamann sem hefur ekki átt sjö dagana sæla og þau kynni eiga þremur árum síðar eftir að breyta lífi beggja til frambúðar.
**22.00** Land Ho!
**23.35** The Lost City of Z
**03.45** Land Ho!

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2008-2009
**13.55** Úr Gullkistu RÚV: Á meðan ég man
**14.25** Sagan bak við smellinn
**14.55** Hásetar
**15.20** Úr Gullkistu RÚV: Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni
**15.50** Úr Gullkistu RÚV: Útúrdúr
**16.30** Úr Gullkistu RÚV: Á tali við Hemma Gunn
**17.15** Úr Gullkistu RÚV: Vesturfarar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Tré-Fú Tom
**18.22** Krakkastígur
**18.28** Flóttaleiðin mín
**18.44** Yfirheyrslan
**18.48** Blái jakkinn
**18.50** Vísindahorn Ævars
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Með okkar augum
**20.30** Símamyndasmiðir
**21.15** Neyðarvaktin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Louis Theroux: Savile endurskoðaður
**23.40** Kastljós
**23.55** Menningin

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.43** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.28** The Late Late Show with James Corden
**10.11** Síminn + Spotify
**12.15** Everybody Loves Raymond
**12.38** King of Queens
**13.02** How I Met Your Mother
**13.23** Dr. Phil
**14.07** Superstore
**14.31** Top Chef
**15.20** American Housewife
**15.43** Kevin (Probably) Saves the World
**16.28** Everybody Loves Raymond
**16.51** King of Queens
**17.12** How I Met Your Mother
**17.34** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Black-ish
**20.10** Rise
**21.00** The Good Fight
**21.50** Star
**22.35** I'm Dying Up Here
**23.25** The Tonight Show
**00.45** CSI: Miami
**01.30** Mr. Robot
**02.15** The Resident
**03.05** Quantico
**03.50** Elementary
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


DÚNDURFRÉTTIR
LED-ZEPPELIN
Í TILEFNI 50 ÁRA AFMÆLIS HLJÓMSVEITARINNAR
ELDBORG FÖSTUDAGINN 7. SEPTEMBER
MIÐASALA Á HARPA.IS · TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50

# Kóngurinn á afmæli

Sjálfur Michael Jackson hefði orðið sextugur í dag en hann lést fimmtugur að aldri, eftir að hafa fengið hjartaáfall á heimili sínu þann 25. júní 2009.







Yesmine Olsson er trúlega einn mesti aðdáandi Michaels Jackson hér á landi og þó víðar væri leitað. Hér í hlutverki Michaels Jackson með verðlaunin fyrir sigur í hæfileikakeppni.

## Vinsæll á Íslandi

Sýning í tilefni af afmæli Michaels Jackson verður sett upp í Hörpu þann 8. september. Svo fljótt seldist upp á sýninguna að búið er að bæta annarri sýningu við. Aðeins nokkrir miðar eru eftir á þá sýningu sem kallast Invincible: A Glorious Tribute to Michael Jackson. Yesmine Olsson flytur sýninguna inn beint frá New York. Öll vinsælustu lögin munu þá hljóma og þeir Jeffrey Perez og Pete Carter skipta með sér að túlka poppgoðið. Báðir hafa þeir náð ótrúlegum árangri í að herma eftir kónginum sjálfum. Þetta er tónleikasýning sem inniheldur mikinn dans, söng og stórkostlega skemmtun.

**JACKSON FÉKK STJÖRNU SÉR TIL HEIÐURS Í HOLLYWOOD ÁRIÐ 1984.**

**RONALD REAGAN OG NANCY VEITTU JACKSON VIÐURKENNINGU FYRIR MANNÚÐARSTÖRF HANS.**

## Plötur

**Got to Be There** (1972)
**Ben** (1972)
**Music & Me** (1973)
**Forever, Michael** (1975)
**Off the Wall** (1979)
**Thriller** (1982)
**Bad** (1987)
**Dangerous** (1991)
**HIStory: Past, Present and Future, Book I** (1995)
**Invincible** (2001)

## Michael Jackson

- Byrjaði sólóferilinn árið **1971.**
- Hefur selt yfir **750** milljónir platna og seljast þær enn eins og heitar lummur.
- Tekjur hans hafa numið um **tveimur milljörðum** dollara síðan hann lést.
- Á **13** lög sem náðu **1.** sæti á vinsældalistum í Bandaríkjunum.
- Á **47** lög sem komust á Billboard-listann.
- Var tekinn **tvisvar** inn í Frægðarhöll rokksins.
- Heiðraður af **tveimur** forsetum fyrir góðgerðarstörf.
- Vann **13** Grammy-verðlaun. Hann var tilnefndur **38** sinnum.
- Heimsmetabók Guinness segir hann vinsælasta skemmtikraft allra tíma.
- Hann á **39** heimsmet.
- Plata hans Thriller missti toppsætið sem mest selda plata allra tíma fyrir skömmu.
- Thriller náði **28** sinnum platínusölu.
- **Sjö** af **níu** lögum fóru á topp **10** lista Billboard.
- Var **37** vikur á toppi Billboard.
- Safnað var **50** milljónum dollara, rúmum fimm og hálfum milljarði króna, fyrir börn í Afríku, með sölu á laginu We are the World árið 1985.
- Þegar hann lést var hann að undirbúa **50** tónleika í London sem höfðu rakað inn **85** milljónum dollara í miðasölu, eða **níu** milljörðum.

LG
Life's Good

# LG SUPER UHD SJÓNVARP Á ÓMÓTSTÆÐILEGU TILBOÐI!



## LG SUPER UHD TV
Nano Cell™ Display

Super UHD sjónvarp með Nano Cell skjátækninni gefur skýrari liti og betri mynd frá öllum sjónarhornum.
Multi HDR tækni Dolby Vision, webOS 3.5 netviðmóti Magic Remote fjarstýringu sem gerir allar stillingar einfaldari ásamt Netflix 4K hnappi.

**30.000 AFSLÁTTUR**
49SK7900
### LG 49" SUPER UHD SMART SJÓNVARP
~~139.990~~ KR. TILBOÐ 109.990 KR.

**50.000 AFSLÁTTUR**
55SK7900
### LG 55" SUPER UHD SMART SJÓNVARP
~~179.990~~ KR. TILBOÐ 129.990 KR.

**60.000 AFSLÁTTUR**
65SK7900
### LG 65" SUPER UHD SMART SJÓNVARP
~~229.990~~ KR. TILBOÐ 169.990 KR.

**BETRA BORGAR SIG**
Opið virka daga 10 – 18 · Laugardaga 11 – 16

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is















Stefán heima í sinni Mývatnssveit. Hann heldur tvenna útgáfutónleika. Aðra á Græna hattinum á Akureyri þann 8. september og hina í Bæjarbíói þann 14. Þrjú lög eru komin í spilun af komandi sólóplötu hans, það nýjasta er Spegilbrot.

# Uppgjör við erfiða reynslu

Á nýrri plötu **Stefáns Jakobssonar** gerir hann það upp þegar hann fann fyrrverandi samstarfsfélaga látinn í fjöruborði Mývatns. Sá hafði farist af slysförum ásamt tveimur öðrum árið 1999. Lagið heitir Vatnið.

**ÞETTA ER UPPGJÖR VIÐ VATNIÐ EN EKKI VIÐ SLYSIÐ SEM SLÍKT. ÞAÐ ERU EKKI TIL NEIN SVÖR VIÐ SVONA HARMLEIK OG ÞVÍ MIÐUR ÞÁ GERÐIST ÞETTA.**

Textinn byrjar þegar ég sá hann. Ég var bara 19 ára og varð að hlaupa smá spotta því mér fannst ég hafa séð eitthvað. Ég var aleinn þegar ég fann hann og ég hef ekki hugmynd um hvað ég var lengi einn með honum. Kannski eina mínútu og kannski hálftíma. Ég bara veit það ekki. En þetta virkaði sem heil eilífð,“ segir Stefán Jakobsson en lagið Vatnið má finna á fyrstu sólóplötu hans sem kemur í búðir innan skamms.

Þar gerir Stefán upp þá erfiðu reynslu þegar hann gekk fram á fyrrverandi samstarfsfélaga í Kísiliðjunni í Mývatnssveit látinn í fjöruborði vatnsins. Sigurgeir Stefánsson hafði farið ásamt tveimur öðrum mönnum að leggja ljósleiðara en afar slæmt veður var á þessum tíma. Allir mennirnir fórust. Sigurgeir átti stærsta safn uppstoppaðra fugla á Íslandi og ættingjar og vinir reistu fuglasafnið í Mývatnssveit í hans minningu. „Þetta er uppgjör við vatnið en ekki við slysið sem slíkt. Það eru ekki til nein svör við svona harmleik og því miður þá gerðist þetta.“

Sjálfur Magnús Þór Sigmundsson hjálpaði Stefáni við aðra texta og þá á hagyrðingurinn frábæri Friðrik Steingrímsson einnig einn. „Magnús á nokkra texta aleinn en það var alltaf samstarf. Hann er búinn að kenna mér fullt í textagerð og ég er búinn að læra mikið af að hafa hann við hlið mér. Hann hefur gefið mér sjálfstraust því oft eru þetta tilfinningar sem eru óþægilegar og mann skorti sjálfstraust til að láta vaða en hann hikar hvergi. Hann er alveg stórkostlegur maður,“ segir Stefán.

Tíu lög verða á plötunni og eru þrjú komin í spilun. Það nýjasta, Spegilbrot, segir Stefán að sé klassískt grunge-lag en Hallveig Rúnarsdóttir syngur sópran og Hulda Björk Garðarsdóttir mezzosópran. „Það var ekki nóg að hafa bara eina,“ segir hann og hlær.

Stefán hefur verið söngvari í Dimmu en nú stendur hann einn. „Ég fæ á baukinn ef þetta gengur ekki en fæ hrósið ef þetta gengur. Maður stendur svolítið og fellur með þessu hvernig sem þetta fer. Það er samt alveg rosalegt tilhlökkun að spila þetta fyrir fólk. Þeir sem þekkja mig verða ekki rosa hissa en hinn almenni hlustandi verður hugsi yfir þessu.“

**benediktboas@frettabladid.is**



**VATNIÐ**

*Ég man svo vel nóttina,*
*kalt vatnið,*
*dökku hríðina.*
*Þögnina er vonin hvarf á braut.*
*Eyðilegging stormsins fullkomin.*
*Sálir hverfa yfir móðuna,*
*skilja eftir opið hjartasár.*
*Hjartasárið kalt.*
*Lán hvers manns er valt.*
*Í tómið hverfa hljóð,*
*horfin vonarglóð.*
*Fjalladrottning falska móðir mín,*
*í faðmi þér á fjandinn óðul sín.*
*Tónar þínir trylltir óma,*
*tínast inn í stjörnubjarta kalda vetrarnótt.*
*Dimma vatn,*
*seg mér hvar.*
*Fagra bláa vatn,*
*fæ ég svar.*
*Voru tónar þínir andvörp ein,*
*er engum vildu mein?*
*Er bölið blekking hrein?*

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# HAUST ÚTSALA FJALLAKOFANS

25. ágúst - 5. september

# 20-70% AFSLÁTTUR

Gæða útivistarvörur frá **Marmot**, **Scarpa**, **Smartwool**, **Arc'teryx**, **Löffler**, **Helsport** og fleirum. **BH** reiðhjól og hjólafatnaður á frábæru útsöluverði!

Arc'teryx hlífðar- og dúnfatnaður 20-40% afsláttur

Marmot fatnaður, bakpokar og tjöld 20-50% afsláttur

Löffler hjóla- og nærfatnaður 20-30% afsláttur

BH reiðhjól og hjólafatnaður 20-50% afsláttur

Scarpa skór 20-50% afsláttur

Helsport tjöld, bak- og svefnpokar 20-50% afsláttur

Marmot SCARPA Smartwool Go far. Feel good. FJALLA KOFINN PETZL ARC'TERYX Löffler

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR
Davíðs Þorlákssonar



## Sumargleymska

Tillögur um að lengja skólaárin í grunnskólum og fækka þeim í níu hafa ekki fallið í kramið hjá öllum. Einhver spurði hvort það ætti nú að fara að hafa jóla- og sumarfríin af börnunum. Fríin eru þó lengri hér en í mörgum öðrum þróuðum ríkjum.

Enska tímaritið Economist fjallaði fyrr í mánuðinum um rannsóknir sem sýna að löng frí hafa slæm áhrif á námsárangur barna. Börnin gleyma einfaldlega því sem þau lærðu, eða allt að fjórðungi þess sem þau lærðu síðasta vetur.

Þetta á sérstaklega við um börn fátækra og innflytjenda sem hafa ekki sömu tækifæri til námslegrar örvunar utan skólans. Sumargleymskan skýrir allt að tvo þriðju af muninum á námsárangri barna af fátækum og efnameiri heimilum.

Meðalgrunnskólabarn er um 179 daga í skólanum á ári. Hægt væri að stytta námstímann um eitt ár með því að lengja skólaárið um 17 kennsludaga, eða þrjár og hálfa viku. Skóladagarnir væru þá orðnir 196. Á sama tíma er venjulegur fullorðinn launamaður í fullu starfi um 226 daga á ári í vinnu, eða sex vikum lengur.

Lengra skólaár myndi ekki aðeins skila sér í betri námsárangri heldur myndi talsverð hagræðing verða af styttingunni sem mætti endurfjárfesta inni í kerfinu og jafnvel skila þannig enn betri árangri. Þetta myndi einnig draga úr skorti á kennurum. Þörf fyrir kennara myndi minnka um 500. Í dag eru um 700 kennarar 60 ára og eldri. Stytting grunnskólans væri augljóst framfaraskref fyrir bæði skólabörnin og þjóðarbúið og myndi stuðla að auknum jöfnuði.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ.IS






*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka. WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

# **Ekki vera risaeðla,** losaðu þig við myndlykilinn og fáðu Nova TV á 0 kr.




**Samsung 4K UHD 55"**

**139.990 kr.** stgr.

**Fullt verð:** 169.990 kr.

**iPad WiFi 2018** 32GB

**52.990 kr.** stgr.

**Apple TV 4K 32GB**

**9.990 kr.** Með Ljósleiðara hjá Nova

**Fullt verð:** 24.990 kr.




## **Nova mælir með**

Við mælum með Sarpinum í RÚV appinu og auðvitað Netflix þar sem hægt er að gerast áskrifandi að öllu vinsælasta efninu.



SPEEDTEST AWARDS
HRAÐASTA INTERNETIÐ Á ÍSLANDI
2018

↳ Ekki:/ vera <risaeðla

Losaðu þig við myndlykilinn

Með Ljósleiðara hjá Nova

↳ Apple: TV_4K
**9.990 kr.**

Fullt verð 24.990 kr.



Smáa letrið

**Apple TV 4K tilboð með Ljósleiðara hjá Nova**
Ef þú þarft af óskiljanlegum ástæðum að hætta með ljósleiðara hjá Nova innan 12 mánaða þá greiðir þú mismuninn á fullu verði og tilboðsverði, 1.250 kr. x fjöldi mánaða sem eftir eru.

**500 GB**
**4.990 kr.**

| | |
|---|---|
| Gagnaveitan | 3.190 kr. |
| Leiga á beini | 790 kr. |
| **Samtals** | **8.970 kr.** |

Ótakmarkað net
**∞ GB**
**6.990 kr.**

| | |
|---|---|
| Gagnaveitan | 3.190 kr. |
| Leiga á beini | 790 kr. |
| **Samtals** | **10.970 kr.** |

Ótakmarkað: net í_farsímann á **2.990 kr.** með_Ljósleiðara hjá:\Nova!

Við mætum heim til þín og komum öllu í gang.
**Þér að kostnaðarlausu!**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is




ENNEMM / SÍA / NM89220

# PLUG-IN HYBRID OG FJÓRHJÓLADRIF.

MINI COUNTRYMAN VERÐ 5.490.000 KR.

MINI

B|L

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

www.mini.is